FORNLEIFASKRÁNING Í BORGARFIRÐI NORÐAN SKARÐSHEIÐAR IV.

Jarðir í Reykholtsdal og um neðanverða Hálsasveit

Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS158-00123
Reykjavík 2002

Efnisyfirlit

Inngangur
Niðurstöður skráningar
Byggðasaga
Fornleifaskrá
    Reykholt
    Geitland

Yfirlitskort af skráningarsvæði
Heimildaskrá

Inngangur

Sú fornleifaskráning sem birt er í þessari skýrslu var unnin í tengslum við Reykholtsverkefnið sumarið 2001 af Þóru Pétursdóttur. Sumarið áður hafði þó verið lokið við skráningu í Reykholti, á Kleppjárnsreykjum og á Breiðabólsstað auk hluta Snældubeinsstaða. Sú skáning fór fram dagana 22. og 23 mai 2000 af Orra Vésteinssyni og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur.

Þakkir eru færðar til Snorrastofu og aðstandenda hennar sem reyndust liðlegir í hvívetna og skutu þar að auki skjólshúsi yfir skráningarmann á meðan á skráningu stóð. Þá eru heimildarmönnum færðar hinar bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð.

Niðurstöður skráningar

Í eftirfarandi skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar í Reykholtsdal og Hálsasveit, sem að mestu fór fram sumarið 2001. Ekki voru skráðir allir bæjir á svæðinu að sinni heldur þeir sem helst höfðu tengsl við Reykholtsstað. Alls voru skráðar fornleifar á 13 bæjum og þrjár seljarðir Reykholtsstaðar í Geitlandi, Kjarrárdal og við Reyðarvatn. Skráning í Reykholti, á Breiðabólsstað, Kleppjárnsreykjum og hluta Snældubeinsstaða var hins vegar lokið sem fyrr segir. Skráningu á Vilmundarstöðum,

Refstöðum (og Bolastöðum) og á seli í Þóreyjartungum er enn ólokið. Þessir bæjir fylgja þó engu að síður með í eftirfarandi skýrslu.

Alls voru skráðar 250 fornleifar að þessu sinni. Þar af voru 8 í Geitlandi, 4 í Kjarrárdal og 2 við Reyðarvatn. Að meðaltali voru um 18 fornleifar á jörð, sem er nokkuð villandi því frávik frá því voru nokkur. Flestar fornleifar voru skráðar á Skáney, eða 31. Fæstar voru skráðar á Kópareykjum, eða 13, séu sellöndin frátalin og eyðijörðin Skáneyjarkot í landi Skáneyjar þar sem skráðir voru sex minjastaðir.

Af skráðum minjastöðum í skýrslunni tengjast flestir landbúnaði og eru útihús þar stærsti flokkurinn eða 72 talsins. Þar af hafa 24 ekki þekkt hlutverk og eru einfaldlega skráð sem útihús. Fjárhús eru 18, fjós 8, hesthús 11, skemmur tvær og lambhús tvö. Auk þess er skráð ein hlaða, heytóft, heygarður, hestarétt og hænsnakofi. Af fornum túngörðum eru skráðir 12 og kálgarðar fjórir. Einnig er skráður varnargarður í Skáneyjarlandi og skjólgarður í Úlfsstaðalandi.

Af minjastöðum sem tengjast nýtingu úthaga voru stekkir stærsti flokkurinn, eða 16. Einnig voru skráð fjögur beitarhús og fimm sel. Þó mætti bæta við þremur seljum því eyðibýlin Sudda í Skáneyjarlandi og Hamraendar og Kot í Geitlandi voru notuð sem slík eftir að þau lögðust í eyði. Af kvíum eru sjö skráðar og átta réttir.

Talsvert var skráð af leiðum, eða 17, en til leiða teljast t.d. býr, vöð, götur, vegir o.fl. Af þeim leiðum sem skráðar eru tengjast flestar svokallaðri Bugaleið um Reykholtsdal.

Af námum eru mótökustaðir flestir eða 14, en torfristustaðir sjö. Auk þess er skráð kvarnasteinsnáma í Geitlandi og hverasteinsnáma í landi Úlfsstaða.

Meintir legstaðir voru skráðir á Skáney (2), Hofsstöðum, Steindórsstöðum (2), í Reykholti og á Kleppjárnsreykjum. Á Skáney er einnig skráð útkirkja, þótt ekki sé vitað um staðsetningu hennar, og möguleg bænhústóft og kirkjugarður á Hömrum. Af sögustöðum eru þrír þjóðsagnastaðir og einn álagablettur (Skáney). Áletranir eru tvær, “Ó-steinn” og krosskmark á landamerkjum, báðar í landi Hamra.

Þótt heitar uppsprettur sé víða að finna um þessar slóðir voru minjastaðir því tengdir ekki ýkja margir. Tveir þvottastaðir eru skráðir, á Kópaeykjum og Hægindi, auk þess þvottalaug á Kleppjárnsreykjum. Í Reykholti er skráð bað og á Norður-Reykjum sundlaug.

Á allflestum bæjunum eru minjar innan túns horfnar og þótt bæjarhólar séu víða merkjanlegir í landslagi hefur þeim að einhverju leiti verið raskað. Þó er bæjarhóll á Grímsstöðum líklega nær óhreyfður fyrir þá sök að í hann var grafið naut er drapst af

miltisbrandi. Bæjarstæði á Úlfsstöðum og á Sinýjarstöðum skera sig algerlega úr. Þar hafa bæjirnir verið fluttir neðar frá því sem áður var og á báðum stöðum hafa gömlu bæjar- og túnstæðin varðveist nær óhreyfð. Einnig eru mjög glöggar og óraskaðar rústir í Hólakoti í landi Signýjarstaða og líklega einnig á Trútsstöðum í Hofsstaðalandi þótt þar sjáist ekki miklar leifar á yfirborði.

Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (GK, BO o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-174:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: kennitala, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir kennitölu kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef

unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta , 2) hætta, og 3) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

BO-199 Reykholt

Kirkjustaður. Skv. Landnámu voru sauðahús Tungu-Odds á Breiðabólstað í Reykjaholti - ÍF I, 192, 193. Staður frá seinni hl. 12. aldar. Háfur 1708: "Fornt eyðiból í Reykholtsstaðareign, bygt með staðar jörðunni Norður-Reykjum yfir 60 ár." Héraðsskóli frá 1930 (fluttur frá Hvítárvöllum)
1917: 95.726 m2 = 30 dagsl. 3/5 þýft. Garðar 5.955 m2. 1847: "Prestsetrið er landþraungt og kostalítið heimavið, töðuvöllur slæmur, þó nokkurn-veginn grasgefinn, og útheyskapur í meðallagi; en í Hælsheiði í Flókadal er selför góð, og í "Norðurlandi" vetrarbeit:" JJ, 120. 1884: "Ekkert kalt vatn rennandi fæst í Reykjaholti, nema í þessum litla læk [við Skriflu], enn þegar hann þrýtr [í þurrkum] og mönnum liggr á köldu vatni, er það tekið þar úr dýi; annars er Skrifluvatn mjög notað, það er t.d. mikið þægilegt að þvo sér úr því, þar það hreinsar vatna bezt." SV í Árb. 1884-85, 122 nmgr 1. "Landið er víða mýrlent, en valllendismóar eru með ánum. Sérstaklega í svonefndu Norðurlandi. Grónar eyrar eru með Reykjadalsá." BB II, 332.

BO-199:001 *Reykholt* bæjarhóll bústaður 64°39.871N 21°17.555V
"Bærinn í Reykholti stóð sunnan kirkjugarðs á hæð sunnan undir norðurhálsinum ..." segir í örnefnalýsingu. "Suður af kirkjugarðinum er trjálundur en þar stóð gamli bærinn sem rifinn var á árunum 1933-35." segir í Byggðum og búum. Kristian Kaalund kom í Reykholt og segir 1877: "I sin nuværende skikkelse vænder gården sine gavle, og altså også hovedindgangen, mod vest, lige mod dalmundingen."

Af lýsingu Sturlungu af aðför Þorgils skarða að Agli Sölmundarsyni í Reykholti 1253 má fá nokkra hugmynd um afstöðu bæjarhúsa 1253: "Gengu þeir norðan úr kirkjugarði Þórður [Hítnesingur] og hans menn en Bergur [Gunnsteinsson] sunnan frá laugu að suðurdyrum. En er þeir komu að durum hvorumtveggjum voru þær byrgðar rammlega. Þá tóku þeir það ráð að þeir lyftu Böðvari kampa upp á virkisvegginn og dró hann lokur frá hurðum. Gengu þeir þá inn hvorirtveggju og mættust fyrir skáladurum. Þá sóttu þeir eld í eldahús [gengu síðan í skálann, rannsaka litlustofu og loft]." - Sturl, 622.

Sigurður Vigfússon kom í Reykholt 1884 og gerði þá grein fyrir breytingum á afstöðu bæjarhúsanna: "Bærinn snýr nú til vesturs, enn fyrir austan bæinn standa nú mörg úthýsi: skemma, hesthús, fjós, og heygarður; fjósið stendr austast; undir þessum húsum er mikil upphækkun [003]. Samkvæmt því, sem sjá er af Sturlunga sögu, þá stóð hér hinn forni bær beint upp frá lauginni, og er þá eðlilegt samkvæmt þeirri húsaskipan sem þá var, að skálinn hafi staðið fremstr og snúið í austr og vestr, og framhliðin móti suðri, og eftir þeim skýrteinum, sem eg hefi fengið, stóð hér enn hinn gamli bær, enn var fluttr vestr þangað sem

hann stendr nú. ... Síra Þórðr prófastr, sem hér var næst á undan, færði hið gamla fjós og heygarð þangað, sem það nú er, austr frá bænum [var áður norðan við kirkjugarðinn - 012]. Síra Eggert Guðmundsson, sem hér var prestr, og mun hafa komið að Reykjaholti 1807, færði eitthvað hinn gamla bæ vestr á við, og umbreytti honum; því að eg sá meðal annars í kirkjubókunum í húsauppskrift og afhendingu í Reykjaholti 1783, að hér var þá mikil og gamaldags húsaskipun, t.d. stóra baðstofa, litla baðstofa, skáli, stofa, kalldyr og kvendyr, o.s.fr. Þegar eg kom að Hvanneyri síðar í þessari ferð, talaði eg við frú Ingibjörgu, ekkju séra Þórarins Kristjánssonar, sem var prestr í [116] Reykjaholti. Sagði hún mér, að maðr hennar hefði fært bæinn fram á hlaðið og suðr á við, og fært hann alveg úr stað. Sá bær, sem gamalt fólk vissi um áðr [í] Reykjaholti, og sem síra Eggert lét breyta, stóð austar enn þessi bær, sem síra Þórarinn færði; hann stóð rétt upp undan lauginni, og þar sem fjós, heygarðr og útihúsin standa nú. Þetta skrifaði eg upp eftir Ingibjörgu, og að bæjarflutningnum var hún sjálf sjónarvottr, enn hafði hitt heyrt sagt um hinn gamla bæ, sem var, áðr síra Eggert lét breyta." Árb. 1884-85, 115-116.


REYKHOLT
Vesturvöllur
Bæjarhóll 001
Sléttumýri
Landsímaverk
Brakalækur
Brakamýri
Bæjareyri
Reykholtsgrafir 018
Kirkjuvað 025
Stekkjareyri
stekkur 019
Stekkjarvað 024
Stóraeyri
Reykholtsdalsá
100 m

Fyrir sunnan gömlu kirkjuna í Reykholti er trjálundur á um 25x20 m svæði, heldur lengra N-S. Trén standa í hvirfing en eru þéttust upp við kirkjugarðsvegginn. Síðasti torfbærinn stóð á þessum stað og snéri göflum til vesturs, fram á hlaðið eins og það er nú. Stafnarnir hafa verið í línu við, eða heldur vestar, en kirkjudyrnar. Sá bær hafði verið reistur eftir 1807 en áður stóð bærinn austar og snéri framhlið í suður. Nú stendur yfir uppgröftur á bæjarhólnum austan- og sunnanverðum. Malarhlað er vestanvið síðasta bæjarstæði en trjálundur á háhólnum. Síðasti torfbærinn virðist hafa náð fast upp að kirkjugarðsveggnum að norðan. Að sunnan er álma af skólahúsinu byggð upp á hólinn og hefur vafalaust skemmt mannvistarleifar þar. Þar austan við stóð líka til skamms tíma íþróttahús þar sem nú er fornleifauppgröfturinn. Ein gryfja hefur verið grafin þar sem síðasti bærinn stóð, inni í trjáreitnum.

Ávöl hólbunga á náttúrulegri hæð. Staðurinn þar sem síðasti torfbærinn var rís hæst á svæðinu. Bæjarhóllinn er ekki minni en 50 m frá austri til vesturs (að 003 meðtöldu) og 30 m frá norðri til suðurs, en mjög bratt hefur verið niður af til suðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Reykholt 1995, 5; BB II, 332; Kaalund, 317; Sturl, 622; Árb. 1884-85, 115-116.

BO-199:002 tóft kirkja 64°39.888N 21°17.545V

Kristian Kaalund kom í Reykholt 1877 og greinir þar frá kirkjunni: "Nord for gården i linje med denne ligger den simple græstörvskirke, som sædvanlig omgiven af den tilhörende firkantede kirkegård. Ved kirken er intet mærkværdigt [utan Sturlungareitur]."

Sigurður Vigfússon lýsti húsaskipan í Reykholti 1884: "Fyrir norðan bæinn stendr kirkjan, og þar mun hún hafa staðið á dögum Snorra. Hún stendr ekki eins vestarlega og bærinn nú, hefir því staðið nær því norðr undan hinum gamla bæ. ... [Staðsetning Sturlungareits] er enn sönnun fyrir að kirkjan stendr á sínum gamla stað, þar sem hún stóð á dögum Snorra, enda sést hvergi annarstaðar í Reykjaholti votta fyrir neinum gömlum kirkjugarði eða kirkju."

Í örnefnalýsingu segir: "Kirkjugarðurinn náði í gamla daga þangað, sem kirkjan er nú. Var svo kirkjan flutt, en var áður þar, sem nú er leiði Guðmundar Helgasonar, en Þorsteinn prestur Helgason var grafinn fyrir kirkjudyrum." Suðurmörk garðsins munu ekki hafa breyst "en fyrst náði hann aðeins þangað norður sem kirkjan stendur nú ... Nú sést móta fyrir grunni gömlu kirkjunnar ...."

Kirkjutóftin er um 14 m sunnan við núverndi trékirkju, um 7 m norðan við suðurvegg kirkjugarðs og um 15 m austan við vesturvegg kirkjugarðs. Lágur torfveggur er fyrir suður- og austurhliðum kirkjugarðsins sem upphaflega náði aðeins ekki lengra í norður en að núverandi trékirkju, en hefur verið stækkaður mikið til norðurs. Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og eru í honum nokkur birkitré. Stærð kirkjugarðs áður en hann var færður út til norðurs var um 30 m frá norðri til suðurs og um 44 m frá austri til vesturs. Kirkjutóftin er ekki í miðju þess svæðis heldur sunnan við hana.

Kirkjutóftin sést sem regluleg hvompa, 10 x 3 m að innanmáli, en vesturendinn er óljós því þar hafa verið sett leiði og er stakket á norðvesturhorninu (gröf Guðmundar Helgasonar). Inni í tóftinni sjálfri er aðeins eitt leiði, gröf Þórðar Sigurðssonar (d. 1920) og er hún sunnantil fyrir miðju.

Hættumat: hætta vegna líkagraftar

Heimildir: Kaalund, 1877; Árb 1884-85, 115-16; Túnakort 1917; Ö-Reykholt, 3; Ö-Reykholt 1995, 5

BO-199:003 heimild um fjós 64°39.880N 21°17.514V

Sigurður Vigfússon lýsti húsaskipan í Reykholti 1884: "Bærinn snýr nú til vesturs, enn fyrir


REYKHOLT – bæjarstæði og tún
rétt 006
túngarður 008
útihús 005
fjárhús 007
útihús 004
mýri
fjós 012
kirkja 002
Skrifla 010
fjós 003
Skriflumýri
Stöðull 016
Lögrétta 013
torfbær 001
Snorralaug 009
mörk túns 1917
Svínatóft 017
100 m

austan bæinn standa nú mörg úthýsi: skemma, hesthús, fjós, og heygarður; fjósið stendr austast; undir þessum húsum er mikil upphækkun." Sigurður taldi sig hafa heimildir fyrir að bærinn hafi áður staðið á þessum stað og verið fluttur vestur á fyrri hl. 19. aldar sbr. 001.

Á túnakorti frá 1917 eru sýnd "Heygarð, fjós ofl." fast austan við bæinn á bæjarhólnum. Þessi hús stóðu austantil á bæjarhólnum, aftan við síðasta torfbæinn, en náðu ekki lengra til austurs en kirkjugarðurinn. Slétt túnflöt, og hallar niður til austurs og suðurs en á suðvesturhluta svæðisins er nú fornleifauppgröftur.

Samkvæmt lýsingu Sigurðar Vigfússonar gætu bæjarhús hafa staðið á þessum stað áður en bærinn var færður vestar á hlaðið á fyrri hluta 19. Aldar. 1917 eru útihúsin sýnd sem ein bygging en á milli þeirra og bæjarins var kálgarður. Engar mannvirkjaleifar sjást nú á yfirborði. Þessar byggingar eru í raun hluti af bæjarhólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Árb. 1884-85, 115-16

BO-199:004 heimild um útihús 64°39.979N 21°17.655V

Útihús var þar sem nú er austurendi á næstnyrsta íbúðarhúsinu vestan við íbúðargötuna sem liggur til norðurs frá kirkjunni, um 160 m norður af kirkjudyrum.
Steinsteypt íbúðarhús með garði í kring. Húsið er ekki mið kjallara. Malarvegur er á sama stað og vegur er sýndur á túnakorti - það er gamla heimreiðin að Reykholti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-199:005 þúst útihús 64°39.989N 21°17.629V

20 m ANA af 004, um 180 m norður af kirkjudyrum var útihús. Á þessu stað er nú auð grasflöt milli tveggja efstu íbúðarhúsanna austan við íb´´uðargötuna norður frá kirkjunni. Slétt grasflöt.

Á flötinni er upphækkun eða flatur bunki, um 10 x 10 m að stærð þar sem húsin hafa staðið. Í sverðinum glittir í grjót úr hleðslum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-199:006 heimild um rétt 64°40.012N 21°17.650V

Um 50 m norðan við 006 var rétt, um 220 m norðan við kirkjudyr. Hún hefur verið við hornið á túninu þar sem heimreiðin lá inn á það. Þessi staður er nú 10-20 m norðan við nyrsta íbúðarhúsið austanmegin við íbúðargötuna norðan við kirkjuna og liggur vegarslóði nú enn í beygju á sama horni, sennilega að hluta yfir réttarstæðið.

Að sunnan er grasflöt við hús en að norðan er malarborinn vegarslóði. Fast norðan við hann rennur lækjarspræna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-199:007 heimild um fjárhús 64°40.008N 21°17.352V

"... gömlu fjárhúsin voru austast og efst í túninu." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin voru um 240 m beint austur af 005 og um 140 m norður af nyrsta og austasta gróðurhúsinu í Reykholti. Þessi staður er nú um 10 m austan við núverandi tún og er skjólgerði á milli.

Túnjaðarinn hefur færst lítillega til vesturs en austan við eru mýrar og hefur verið þar töluvert rask vegna vatnsvetinga og trjáræktar. Á þessum stað er nú sinublettur og smáþýfi það eina sem bendir til mannvirkjaleifa. Húsin voru byggð upp við túngarðin 008 að innan en 1917 hafði túnið verið aukið enn lengra til austurs þar sem nú er ekki lengur tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Reykholt, 4

BO-199:008 heimild um túngarð 64°40.008N 21°17.352V
Á túnakorti er sýndur "gamall garður" fyrir austurenda túnsins, nyrst. Hvergi sér nú móta fyrir túngarðinum. Þar sem síðustu leifarnar voru af honum 1917 er nú mói þar sem umtalsvert rask hefur verið. Meðfram túninu að norðan er nú skurður og gæti uppmokstur úr honum hafa hulið leifar garðsins.

Gamli túnjarðarinn er víðast komin undir samfelld tún eða byggingar. Norðaustast er þó mói þar sem garðurinn var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-199:009 *Snorralaug* laug bað 64°39.856N 21°17.492V
"Suður af Kirkjugarðinum [002] og austur af Lögréttunni [013], þar sem nú stendur skólinn, heitir Laugarhóll; er kenndur við Snorralaug, sem er hringmynduð laug, hlaðin upp austan við hólinn, fyrir neðan brekkuna." segir í örnefnalýsingu. Laugin er um 10 m ausan við austurgafl skólans í hvilft suðasutanundir Laugarhól (að vestan) og bæjarhól (að norðan). 8 m eru frá lauginni og að timburskúrs sem lokar göngunum sem liggja til norðurs inn undir bæinn.
1228: "Það var eitt kveld er Snorri sat í laugu að talað var um höfðingja. ... Sturla Bárðarson hafði haldið vörð yfir lauginni og leiddi hann Snorra heim ..." Sturl, 305. **1235:** "Í Reykjaholti voru fyrir tvö hundruð manna ... Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en Órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu." Sturl, 373-74.
1241: "Þá var virki öruggt um bæinn í Reykjaholti er Snorri lét gera. ... En þá Órækju bar skjótt að og riðu þeir Órækja í kirkjugarð og settu stiga við dyr þær er þar voru. Sturla reið [442] til þeirra dyra er til laugar voru og settu þeir þar stiga ..." Sturl, 441-42.
1252: "En er þeir voru mettir gengu þeir Þorgils og Þórður til laugar því að hestar voru eigi búnir. En er þeir sátu í laugunni mælti Þorgils: "Þórður, hvað þykir þér ráð að eg haldi sættina?"." Sturl, 602.
1253: "Gengu þeir norðan úr kirkjugarði Þórður [Hítnesingur] og hans menn en Bergur [Gunnsteinsson] sunnan frá laugu að suðurdyrum." [Aðför Þorgils skarða að Agli Sölmundarsyni í Reykholti] Sturl, 622.
1724: "Til er laugin í Reykholti með bekkjum fornaldarmanna, og vindauga því, er útrás vatnsins af lauginni skamtar. Er allt þetta meðalmönnum vorrar aldar svo hæfilegt, sem það hefði fyrir þá gjört verið. Eg vil ekki tala um munnmæli þau, sem sýna einn stein í gólfi laugarinnar, er verið skyldi hafa Guðmundi byskupi til hæfis á að sitja, svo hann hakaði þá vatnið undireins og það náði útrennslinu af því til gjörða vindauga. Eru þeir enn í dag margir menn, er sitjandi á sama steininum haka vatnið svovel sem Guðmundur byskup, og eru nú 487 ár frá hans andláti." Páll Vídalín: Skýringar, 42-43.
1748: "Dog er et fornemst at ved Stædet Reikholt er et varm Bad kostelig indrettet af gammeldags Folck i en Runding og temmelig stort. Til dette bad kommer det heede Vand over 40 Fafne under Jorden i udhuggene Steen rindende, hvor det har först sin Opgang og kand mand temperere dette heede Avnd med andet kaalt der og har sit Löb til samme Bad." Arnór Jónsson, Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117.
1752: "Snorralaug er det i Island for Opbygningens og Alderdommens Skyld meest berömte Bad, som, efter almindeligt Sagn, har faet Navn af den bekiendte Historieskriver Snorre Sturleson, der siges at have sat det i Stand. Man har ingen Vished herom; dog kan sees af Sturluna-Saga, at han har sat Reykholtsgaard i meget got Stand; han var ellers frugtbar paa Opfindelser, meget for Bygninger, og havde Evne nok til at fuldföre dem. Dette Bad brugte

han meget: en lang Hvelving var den Tid bygget fra Gaarden lige need til Badet, saa at man kunde gaae frem og tilbage, uden at blive forkiölet. Landnama-saga giver ellers tilkiende, at dette Bad allerede i Tung-Odders Tid, for Aaret 960, da Reikholt endnu ikke var beboet, er ei elleene blevet brugt, men endog agtet som det allerbeste, da der dog fandtes Bade nok, næsten ve hver Gaard i Reykholts-Dalen. - Skribla kaldes en opvældende Kilde, som ligger 40 Skridt fra Snorrelaug, hvorfra denne hentere sit Vand igiennem en opmuuret og oven til lukket Rende: For Aabningen af Renden staaer en med et Rundt Hull igiennemboret Hælde eller flad Steen, hvori sidder en Prop, som kan trækkes ud hver Gang man vil have varmt Vand i Badet. En kold Bæk er ogsaa i Nærværelsen, hvorved Badet kan kiöles, naar det er for varmt. Snorralaug selv er opmuuret, deels af huggen Kampesteen, deels af Concreto thermarum, med Bænke rundt omkring, og Bunden flad. Badet er saa stort, at 50 Mand kunne römmes derinde; Vandet er meget klart og læt, dog er det ei frit for cremore thermrum hvis den faaer Tid til at voxe. Det bruges meget af Gaardens Folk og de næboende, som befinde dem meget vel derved." Reise, 113-114.

1810: "The bath is a circular bason, constructed of stones, apparently without any cement, but nicely fitted together. It is about fourteen feet in diameter, and altogether about six feet deep, the water being allowed to fill it to the depth of about four feet. The hot water is brought from a spring about 100 yards distant, by means of a covered conduit, which has been somewhat injured by an earthquake. We were told that cold water had been brought to it, so that, by mixing the hot and cold together, any desired temperature might be obtained. All round the inside, a little way under the surface of the water, was a row of projecting stones, placed apparently to serve the purpose of steps. Steps were constructed as an entrance to the bath, close to the orifice by which the hot water entered. At present it is not much used, and the bottom is covered with vegetable matter and soil." Mackenzie: Travels in the island of Iceland, 198.

1810: "We proceeded to this place for the purpose of examining an ancient bath, which has been constructed here for the reception of the hot water from an adjoining spring. The bath is of very simple construction - a circular bason, 12 or 14 feet in diameter, & 3 or 4 in dpeth - with one channel for the admission of the hot water from the spring - another for its exit - The temperarture of the water, entering into te bath, we found to be 112° - The average tempe of the bath, probably about 100°- The hot spring is 100 yds distant. It affords a considerable stream of water, the level for carrying which to the bath is not illconstructed. - This bath of Reykholt was constructed by the celebrated Snorro Sturleson, nearly 600 years ago. - At the present time it appears to be little used." E. hdr Henry Holland í Lbs pr í Árb. 1960, 23-25 sbr. ísl. þýð s. 195-96.

1815: "... a subterraneous passage ... communicated with the Snorra-laug, or "Snorro's Bath", situated directly at its base. This bath ... has survived the ravages of nearly 600 years, without requiring any reparition ... It is prefectly circular in form, about fifteen feet in diameter, and is constructed of hewn stones which fit each other in the most exact manner, anf have been joined together by a fine cement of bolus, and other matter found in the neighbourhood. The floor is paved with the same kind of tophaceous stone which composes the wall, and a stone bench, capable of containing upwards of thirty persons, surrounds the inside of the bath ... On reaching the bason, the hot water is admitted through a small aperture, and when a sufficient quantity has been received, the orifice is closed up with a stone, and the water runs in its common channel down the valley. There is another opening at the bottom of the bason through which the water is suffered to run out, and the bath is by this means rendered perfectly clean. In most of the descriptions we have of this famous bath, it has been affirmed, that a supply of cold water is likewise brought to the bason for the purpose of reducing the temperature; but the statement is inaccurate, as there does not exist any cold water in the vicinity, nor can any other be obtained for economical or domestic purposes than what is

brought from the hot springs. Those who avail themselves of it have to wait till the water in the bason is sufficiently cooled, when they descend by a flight of steps, and may have any depth they choose, not exceeding four feet. As the floor recedes from the centre it gradually becomes shallower, and close to the bench it is not deeper than to admit of children standing in it. In fomer times, it was customary for the whole family, without distinction of age or sex, to go to the bath together, and in some parts of the island it is practised at this day. Owing to the infrequency of its use, I found Snorra-laug rather in a neglected state; the water was muddy, and a quantity of soil had collected at the bottom. Having intimated a wish to bathe in it, the plug was taken out of the draining hole, and the current of hot water from Scribla was suffered to flow freely through it the whole of the night, so that on the morning of the 26th, before dressing, I stepped down to it from my tent, and had an opportunity of enjoying and appreciating to the full the beneficial luxury of the laug." Henderson, Iceland, 141-44.

1817: "Snorra Laug Sturlusonar. Laugin siálf er ummáls 21: al Danskt mál, nærfellt kríngl6tt, i henni eru Steinar af Svokölludu hveragrióti - hvört hæglega má med Öxi höggva, - Botninn er allur steinlagdur. Nockud er Laugin vidhöll, og því ad Dÿpt framanverdt: 1 al 9 þuml: enn ofan til lidugt 1 al: Setid er ekki umkríng alla Laugina, heldur er audt af því, vart 1 alin ad ofann, og rúmt 1 al. ad nedann." Fonleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817, FF, 287.

1877: "Sydöst for gården falder tunet af med en stejl banke, tæt under den findes det bekendte varme bad Snorralaug, hvis indretning traditionen tillægger Snorre. Badet består af et kredsrundt bassin, 5-6 al. i tværmaal, opmuret (af "hveragrjót") med lodrette vægge og flad bund; bassinets dybde er 1 1/2-2 al., nederst langs væggens inderside löber et omtrent 1 kverter bredt og lige så höjt stensæde; midt i bassinets bund ligger en stor firkentet sten, i hvilken man vil fortælle, at Snorres "fángamark" (c: bomærke) bestående i lians forbogstaver skal have været indhugget, hertil ses imidlertid intet spor. Bassinet har oftere været opmuret og istandsat, senest 1858 ..." Kaalund, 317.

1884: "Suðr frá bænum gengr brekka mikil, há og brött, sem myndar hól að sunnanverðu, og er hann kallaðr Laugarhóll. Hann er sléttr að ofan, og er þar fallegt uppi á; landsunnan undir brekkunni er laugin, og er bratt mjög upp frá henni á þann veg. ... Laugin er kringlótt og um 12 fet í þvermál og um 3 fet á dýpt, allr botninn í lauginni er steinlagðr úr höggnu grjóti, og er hann hæstr í miðjunni, en lægri utan með; öll laugin umhverfis er laðin upp úr höggnum steini, og er neðst lágt þrep alt í kring, og svo barmarnir hlaðnir þar upp af. Úr lauginni má aptr hleypa vatninu, svo hún verði nær þur. Er þar gat með eirhólk innan, og þar tappi í. Allt þetta er vel gert og haganlega til búið. Vatnið í lauginni má kæla hæfilega, bæði með því að hleypa hinu heita vatni út úr stokknum fyrir ofan lokræsið, eða með því að veita köldu vatni inn í hann, sem þar er auðfengið nema í þurkatíð. Laugin liggr mjög lágt, og er einkannlega í skjóli við laugarhólinn bæði fyrir norðri og vestri. Frá lauginni og upp að fjósdyrum [003] er styzt. Það er nær 100 fet; þetta á vel við afstöðu hins forna bæjar frá lauginni [sbr. 001 og 003] og þær dyr, sem sagan talar um. Síra Vernharðr, sem var prestr í Reykjaholti lét gera við laugina 1858. Það gerði Þorsteinn steinsmiðr Jakobsson frá Húsafelli. Hann er nú dáinn. Hér er reyndar ekki fullkunnugt, hversu mikið; enn mest mun það hafa verið það, að hann hreinsaði laugina vel upp, þvíað jarðvegr hafi myndazt kring um hana, sem var fallinn ofan í, og svo mun hann hafa gert eitthvað [117] við barmana, þar sem steinar kunna að hafa verið fallnir úr, og höggvið steina til þess." Sigurður Vigfússon í Árb 1884-85, 116-117.

1948: "Snorralaug er undir háum hól, austan við hin forna Reykholtsbæ. Í hana er veitt vatni frá Skriflu, um 120 metra vegalengd, í hlöðnu neðanjarðar ræsi. Laugin er kringlótt að lögun, og er yfirborð hennar 3.87 metrar að þvermáli, en dýpi frá botni til barma nokkuð mismunandi. Er það minnst 0.75 metrar, en víðast einn metri ... Þegar séra Vernharður Þorkelsson kom að Reykholti 1855, var Snorralaug komin í hrörnunarástand. Þótti presti ekki mega lengi við svo búið standa. Faðir minn, Þorsteinn Jakobsson á Húsafelli, hafði þá fengizt mikið við það að höggva grjót bæði í kvarnir og legsteina. Fær prestur hann því til þess að

hlaða laugina upp að nýju. Að verkinu loknu vill séra Vernharður láta sín að einhverju getið fyrir þessar umbætur, því að faðir minn hlóð hana frá grunni, en þó af sömu stærð og gerð og áður var. Lét prestur færa stein á laugarbarminn, og á þann stein hjó faðir minn eftir fyrirmælum prests "V.Th. 1858" Stafirnir V.Th. eru fangamark séra Vernharðs. Hann skrifaði sig Thorkelsson." Kristleifur Thorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 200-201.

1959: (Árið 1959 fór fram viðgerð og endurbygging að hluta á Snorralaug. Þorkell Grímsson hafði umsjón með verkinu fyrir hönd Þjóðminjasafns. Í grein um viðgerðina í Árb 1960 gerir hann grein fyrir eldri lýsingum á lauginni og kemst að því að mögulegt sé að laugin hafi verið þrengd aðeins við viðgerðina 1858, úr um 4,20 m í um 3,8 m. Hinsvegar telur hann að laugin hafi alltaf verið jafndjúp og staðið á sama stað með sama lagi. Hann telur jafnframt líklegt að hellulögnin í botni laugarinnar sé mjög gömul og hafi ekki verið átt við hana í viðgerðum síðari alda. Hveragrjót mun nú ekki finnast í Reykholtslandi, þó ekki sé loku skotið fyrir að það hafi verið til þar áður og notað allt í vegghleðslur. Nú mun það nærtækast í landi Úlfstaða og Kópareykja. Af teikningu sem gerð var af lauginni áður en viðgerð hófst 1959 sést að laugarbarmarnir voru "skörðóttir, misháir jafnvel á löngum köflum, og sums staðar farnir að slúta vegna þrýstings utan frá. Þar sem þeir voru hæstir, voru 5 hleðslulög, fæst voru þau 3. Vegghæðin, mæld frá botni, var 54-84 sm, botnsetið var 18-22 sm á br., hæð þess 15-20 sm, þvermál laugarinnar 3.70-3.90 m. Þá var botninn mishár, eins og hann hefur sjálfsagt verið lengi, en annars lítt skemmdur. Tröppurnar, sem hafa eftir heimildum að dæma, alltaf verið næst aðrennslisopinu, höfðu hrunið. Í lýsingu Kålunds segir, að í þeim séu fjögur þrep. Vorið 1959 var tæpast hægt að tala um tröppur í lauginni, en tvær tilhöggnar hveragrjótshellur voru á tröppustæðinu, báðar lausar. Lá önnur á botni, en hinni var tyllt ofan við hana. á barminum beint upp af þeim lá blágrýtishella. Þegar neðstu hellunni var lyft frá botni, sást undir henni blágrýtishella, tilhöggvin og regluleg í laögun, auðsjáanlega neðsta þrep úr tröppum, en sokkin í laugarbotninn. Steinn sá, sem séra Vernharður lét meitla í fangamark sitt og ártalið 1858, var á sínum stað, yfir aðrennslisbarminum, fangamark og ártal vel glöggt, og leifar af rauðri menju eða málningu í stöfunum. Ekki sást neitt af þeim lokuútbúnaði, sem eldri lýsingar geta um, en þarna kvað hafa verið hella með opi og tappa, - mun það löngu horfið. Engin mrki um, að hús hafi verið yfir lauginni, eru nú sjáanleg." (s. 42) Þorkell telur að vel geti staðist að laugin hafi verið hlaðin frá grunni 1858, þrátt fyrir orð SV um hið gagnstæða. "Lítið sem ekkert virtist hafa verið gert við laugina á þeim liðlega hundrað árum, sem liðin voru, nema hvað menn höfðu slett steinsteypu í sprungur á stöku stað. Frá yfirfallsopinu lá járnpípa gegnum vegginn og undir jörðu niður að frárennslisstokknum; var hún fest við vegginn með steinsteypu." (s. 42) Við viðgerðina 1959 voru grafin ræsi, fram úr gangagólfinu niður undir laug og tengdur frárennslisstokknum, og annað frá aðrennslisstokknum, meðfram lauginni að norðan og vestan að opi frárennslisstokksins. Opið var byrgt með járnrist. Einnig var gert ræsi frá aðrennslisstokknum að austanverðu og niður að opi frárennslisstokksins. "Í botn allra skurðanna var sett gróf möl, og í þá, sem umlykja laugina, voru auk þes lagðar hellur, þvert yfir þá og rétt ofan við malarlagið, en heyjatorf yfir hellurnar. Þegar viðgerðinni á laugarveggnum var að ljúka, voru skurðirnir byrgðir með lausum jarðvegi. Alls staðar þar sem grafið var, komu menn miður á eitilharða móhellu, jafnvel þétt við veggina. En uppi við barmana var laus mold." (s. 43) Laugin mun hafa staðið tóm í frostum oftar en einu sinni og telur ÞG að það geti skýrt afhverju veggirnir voru farnir að slúta og efstu steinarnir lausir eða horfnir. "Botninn var að jafnaði hæstur í miðju, þó mun hæsti bletturinn vera úti við set." en ÞG telur mögulegt að frostverkun hafi aflagað botninn og geti það skýrt afhverju hann var hæstur í miðju. "Þann 15. júní hófst vinnan við sjálfa laugina. Upphaflega hafði ekki verið ráðgert að eiga við neitt nema barmana og tröppurnar, en Snorralaug leyndi á sér, hún var verr farinn en nokkurn hafði grunað. Steinarnir voru margir mjög tærðir, efstu fjögur hleðslulögin að metu ónýt og níu steinar í neðsta laginu. Hins vegar var setið í allgóðu lagi og botnhellurnar yfirleitt heilar. Fór svo, að mestallur

laugarveggurinn var rifinn. Þá kom í ljós, að hvergi var troðinn leir milli steinanna (sjá lýsingu Hendersons), og að neðsta lagið, sem mönnum hafði sýnzt, að væri úr mjög þykkum steinum, var í rauninni hlaðið úr hellum, fremur þunnum, reistum á rönd. Auk þess sást, að botnhellurnar eru allar úr hveragrjóti. Það, sem nýtilegt þótti af steinunum, sem rifnir voru úr hleðslu, var höggvið til á ný, en það var tiltöluega fátt og varð ódrjúgt. Loks vantaði þrjá steina í botnsetið, við skörðin að norðan og sunnan. Tröppurnar þurfti að endurnýja, og óhjákvæmilegt var að hækka laugarbarmana, en upprunalegri tölu hleðslulaganna var haldið. (Nýtt grjót var tekið í landi Úlfsstaða og Kópareykja) ... Þegar ekki vantaði nema eitt lag ofan á hinn endurgerða laugarvegg, var steypt á bak við hann til að styrkja hann og þétta. Steinarnir í efsta laginu, og hinir nýju í botnssetinu og tröppunum, voru einnig festir með steypu. Tröppurnar voru ekki færðar úr stað; voru höfð í þeim tvö þrep, eins og síðast, og blágrýtishella lögð við barminn ... Fremsti hluti aðrennslisstokksins var hlaðinn á ný, úr sama grjótinu, en nýhöggvin hveragrjótshella sett á barm opsins. Þá var yfirfallið fært 4 sm ofar; er það nú í 70 sm hæð frá botni á sama stað. Umhverfið var lagfært. Var ekið mold í laugarhvilftina og sléttað úr ójöfnum, síðan tyrft yfir hana. Var stefnt að því að viðhalda hinu sérkennilega skálarlagi hennar. ... Botn [laugarinnar] var ekki hreyfður, svo að í rauninni er mishátt upp á barma, en þeir liggja í nákvæmlega sama fleti. Vegghæðin er mest við suðurhluta laugarinnar, eða 87 sm." (s. 44-45) - Þorkell Grímsson í Árb 1960, 34-45.

Laugin sjálf er í ágætu ásigkomulagi þó að efstu steinar vestanmegin séu aðeins farnir að síga inn fyrir brúnir. Rof er í grastorfinu á bökkum laugarinnar vegna ágangs gesta og er þar nú fermur ósnyrtilegt.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimildir: Sturl, 305, 373-74, 441-42, 602, 622; Páll Vídalín: Skýringar yfir fornyrði lögbókar, Rv. 1854, 42-43; Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117; Reise, 113-114; Mackenzie: Travels in the island of Iceland, 198; Árb. 1960, 23-25; Henderson, Iceland, 141-44; FF, 287; Kaalund, 317; Árb 1884-85, 116-20; Túnakort 1917; Kristleifur Thorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 200-201; Ö-Reykholt, 3; Árb 1960, 19-45.

BO-199:010 *Skrifla* hver 64°39.893N 21°17.374V

Skrifal nefnist hver í austurjaðri túnsins, neðan við Skriflumýri, en vatnið úr honum er leitt í Snorralaug 009. Skrifla er um 120 m ANA af Snorralaug, fast vestan við heimreið að gróðurhúsum.

Áður í túnjaðri, nú á grasflöt austan við gistihús og vestan við gróðurhús og veg að þeim. Talsvert rask hefur verið í kring vegna nýtingar heita vatnsins.

1752: "Skribla kaldes en opvældende Kilde, som ligger 40 Skridt fra Snorrelaug, hvorfra denne hentere sit Vand igiennem en opmuuret og oven til lukket Rende." Reise, 113-14.

1815: "The water is supplied from a hot spring fountain, called Scribla, which is situated about 500 feet in a northerly direction, in a hot morass, where numerous boiling springs make their appearance." Henderson, Iceland, 141-44.

1817: [sjá einnig 009 og 011] "Framann til vid hverinn, og lægra enn hann, er audsiáanleg bÿrgdt gat eitthvört, med þétt i feldu grióti, og hveraleir á milli, hefur þar líklega verid eitt gat hversins, er menn hafa bÿrgdt, til þess þarmed, ad vilia auka vatnsmegn hversins. á hver þessum, - sem kalladur er Skrifla - er eckert gat svo stórt, ad med Baugfíngursgildri spýtu, verdi nidurumm komist; hann er allur í Botninn Steinlagdur, og ei dÿpra vatnid, þar sem dÿpst er, enn 6 þuml. - eg meina á sléttu vatni. Þessi [288] mörgu og smáu augu, hefi eg ej gétad fundid á neinum hver, hér í dal, ödrum." Fornleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817, FF, 287.

1884: "Í austr landnorðr, langt upp frá lauginni, er hver, sem heitir Skrifla og þar nálægt annar, sem heitir Dynkr. Í báðum er sjóðandi vatn" SV í Árb 1884-85, 116.

Nú er steypt yfir hverinn og liggja frá honum leiðslur í allar áttir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Reise, 113-14; Henderson, Iceland, 141-44; FF, 287; Árb 1884-85, 116

BO-199:011 veitustokkar 64°39.879N 21°17.424V
Veitustokkar liggja neðanjarðar frá Skriflu 010 í Snorralaug og heim undir bæinn. Tveir stokkar liggja milli laugarinnar og hversins og einn norðar frá hver í átt að bæjarhólnum (003 sbr. 001). Sá síðastnefndi er talinn vera gufuleiðsla. Stokkarnir hafa komið í ljós við framkvæmdir 1929, 1964 og 1984 og voru gerðar fornleifarannsóknir á þeim í tvö seinni skiptin. Til þeirra sést nú ekki á yfirborði.
Næst lauginni er allmikill jarðvegsbunki yfir stokkunum og er vestasti hluti bunkans framhald eða hluti af bæjarhólnum. Næst hvernum, allt að um 30 m frá honum, hljóta stokkarnir að liggja mjög grunnt.
1748: "Til dette bad kommer det heede Vand over 40 Fafne under Jorden i udhuggene Steen rindende, hvor det har først sin Opgang og kand mand temperere dette heede Vand med andet kaalt der og har sit Löb til samme Bad." Arnór Jónsson, Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117.
1752: "Skribla kaldes en opvældende Kilde, som ligger 40 Skridt fra Snorrelaug, hvorfra denne hentere sit Vand igiennem en opmuuret og oven til lukket Rende: For Aabningen af Renden staaer en med et Rundt Hull igiennemboret Hælde eller flad Steen, hvori sidder en Prop, som kan trækkes ud hver Gang man vil have varmt Vand i Badet. En kold Bæk er ogsaa i Nærværelsen, hvorved Badet kan kiöles, naar det er for varmt." Reise, 113-14.
1810: "The hot water is brought from a spring about 100 yards distant, by means of a covered conduit, which has been somewhat injured by an earthquake. We were told that cold water had been brought to it, so that, by mixing the hot and cold together, any desired temperature might be obtained." Mackenzie, Travels, 198.
1815: "... Scribla, ... is situated about 500 feet in a northerly direction ... [The water] is conveyed by means of a subterraneous aqueduct, constructed of stones, which are cemented together in the same way as those which form the bath. In the year 1733, this conduit was deranged by an earthquake, and again repaired by the Reverend Dean Finn Jonsson, afterwards bishop of Skalholt; but it has since been broken at different places." Henderson, Iceland, 141-44.
1817: [sbr 009 og 010] "Frá Lauginni eru 5 al: 18 þuml: af rennunni óbÿrgdt, so er bÿrgdar af henni, med þétt samsettum samslags steinum, og i lauginni eru, 141 al 18 þuml. þá eru ad hvernum óbÿrgdar 51 al: 15 þuml: - Jardvegur þickur, er ofann á öllu því sem bÿrgdt er af rennunni. Nálægt midiunni af þessum 51 al: 15 þuml. er giördt skard, so diúpt, ad þá úr því er alt tekid, rennur úr rennunni til baka allt vatn, og þannig má hreinsa burt, öll Saurindi úr þessum opna parti rennunnar, út um Skard þettad." Fornleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817, FF, 287.
1877: "Bassinet [009] har oftere været opmuret og istandsat, senest 1858; derimod skal ledningerne, der förer vandet til, og fra badet, være urörte. Vandet til Snorralaug kommer fra den, 150-200 al. herfra, omtrent i lige linje med gården [318] liggende hver Skrifla. Fra denne er der et kort stykke i kiselgrunden udhugget en åben rende for vandet, derpå fortsætte renden under jorden, til dels ikke ubetydelig under overfladen, indtil den i nærheden af Snorralaug igen bliver åben og sluttelig udmunder i denne noget under bassinets överste rand; på höjre side af renden förer fire trappetrin ned til bassinets bund. Aflöbet fra badet finder sted gennem et hul eller rör, der er anbragt ved grunden af bassinet og går gennem væggen i sydlig retning; ved i höjere eller mindre grad at tilstoppe dette kan man holde vandet i forskellig höjde i bassinet, dog bliver det på grund af tillöbsrendens plads aldrig mere end totredjedel fuldt. Når basinet nylig er fyldt fra Skrivla, er vandet så hedt, at man kun med nöd

tåler at holde en finger i det; dog har man vistnok aldrig haft en koldtvandsledning til at temperere det med ... Derimod har man formodenlig ladet vandet i Snorralaug afköles ved nogen tid för benyttelsen at stanse tilströmningen. Dette kan ske ved enten at spærre rendens munding, hvorved vandet löber ud gennem en anden kunstig rende, der forbinder hovedrenden med bækken fra aflöbsröret, eller ved at bryde et hul på den Skrivla omgivende af græstörv og hveragrjót opbyggede væg, hvorved aflöbet fra denne hver foregår her igennem." Kaalund, 317-18.

1884: "... úr Skriflu gengr lokræsi undir jörðinni; það er allt úr höggnum steini, sem maðr getr séð; frá Skriflu ofan í laug er 175 álnir, þar af eru 30 álnir frá miðju hversins að lokræsinu; það er að segja, vatnið rennr fyrst úr hvernum í opnum stokk, þangað til það kemr í lokræsið." SV í Árb. 1884, 116 "Við lokræsið hefir aldrei verið neitt gert. það menn vita." Sama, s. 120 "... þegar kæla skal vatnið í [lauginni] hæfilega, og kalda lækjarsprænan þrýtr [122] í miklum þurkum, þá er þannig um búið, að lokræsið er opið rétt við laugina, svo sem 8-9 fet, þar skiftist það í tvent, og liggr annað út úr, og má þar í hleypa vatninu með því að stemma það, er í laugina gengr, og láta þannig vatnið í henni kólna. Líka má hleypa vatninu út úr Skriflu, enn stemma lokræsið eða stokkinn upp frá við hverinn, og gjörir það sömu verkun." Sama 121-22.

1929: "Við jarðrask nokkurt í Reykholti sumarið 1929 fannst önnur grjótrenna [en sú, sem liggur frá Skriflu til Snorralaugar] með hverahrúðursteinum yfir; voru þeir íhvolfir að neðan. "Tel ég vafalaust, að þetta hafi verið gufuleiðsla frá Skriflu til bæjar," skrifar séra Einar Pálsson [í bréfi til þjóðminjavarðar 16.11.1929], um leið og hann sendi einn af steinunum til Þjóðminjasafnsins. Enn fremur skrifaði hann: "Rennan kom fram rjett við norðvesturhorn hlöðunnar, sem bygð var hjer í sumar, og stefnir skáhallt við hlöðuna, til suðvesturs og norðausturs, en hlaðan snýr austur og vestur. Tel jeg líklegt, að eystri endi rennunnar beygi bráðum við í áttina til Skriflu. Hina leiðina kannaði jeg með stöng nál. 2 m; heldur rennan þar beinni stefnu, en er mjög fylt með hveraleðju." Ekkert var kunnugt áður um þessa rennu eða leiðslu, og er sennilegt, að hún sje forn." Matthías Þórðarson: 'Reykholt' Morgunblaðið 20.07.1947.

Í Safnaukaskrá Þjóðminjasafns segir svo um steininn, Þjms. 10584: "Leiðslusteinn, eins konar, hluti af rennu eða pípu, sem hveragufa eða - hiti hefur verið leidd eptir inn í baðklefa eða stofu í Reykholti. Fannst þar steinn þessi, sem er úr hverahrúðri, ásamt fleiri slíkum steinum, er þar var verið að grafa fyrir húsi. Er steinninn ílangur og óreglulega lagaður, um 44 cm að l. og 26-33 að br. og um 20 að þykkt, og höggvin eptir honum, langsum, annars vegar, ca. 15 cm. breið skora, svo sem helmingur væri af sívalri pípu, dýptin um 7.5. Eru sýnilega mannaverk á henni. -- Þessi leiðsla var svo neðarlega í jörðu, að hún virðist kunna að vera frá Sturlungaöldinni. Hún virðist hafa staðið í sambandi við Snorralaug."

1959: "Nú á dögum er hvergi lækur í nánd við Snorralaug [sbr. lýsingar um kalt vatn til að kæla laugina]. Hins vegar er breið lág niður eftir túninu, skammt austan við hana, liggur hún niður frá hverasvæðinu og minnir á þornaðan, uppgróinn lækjarfarveg. Ef til vill hefur eitt sinn runnið lækur úr blautri mýri, sem verið hefur ofan við hverasvæðið, áður en túnið var stækkað austur og norður eftir, en þess sér engin merki, og er það sízt undarlegt, þváll skonar jarðrask hefur átt sér stað í kringum hverina í sambandi við virkjun Skriflu. Vatnið sem rennur úr henni í Snorralaug, er nú látið kólna í lauginni. Er að- og frárennsli (nema við yfirfall að sjálfsögðu) stöðvað, þegar laugin er full. Er nú pípa fremst í aðrennslisstokknum og vatnshani á. Laugin er mjög hæfilega heit, þegar staðið hefur í henni yfir nótt eða svo. ... Aðrennslisstokkurinn er nú alls staðar byrgður, bæði tilhöggnum steini og jarvegi, nema allra fremst, þar stendur hann upp úr og eru lausir steinar þar yfir honum. Enginn virðist muna eftir stokk þessum öðruvísi, en sumum fullorðnum mönnum er í fersku minni, þegar ... hliðarstokkur [sá sem Kaalund og SV minnast á] var í notkun. Komu leifar hans greinilega í

ljós, þegar grafið var kringum laugina sumarið 1959." Þorkell Grímsson í Árb 1960, 41.
1964: Haustið 1964 komu í ljós tveir neðanjarðarstokkar þegar verið var að grafa fyrir skolpleiðslu. Þorkell Grímsson vann síðan við rannsóknir á þessum stokkum í um sjö vikur. Voru grafnir sex skurðir á ýmsum stöðum milli Skriflu og Snorralaugar og komu í ljós tveir vatnsstokkar milli hversins og laugarinnar, og er annar eldri og óvirkur. Norðan við þessa stokka var sá þriðji sem hefur verið gufustokkur, en það er merkt af því að hann liggur upp í bæjarhólinn og engin merki eru um að vatn hafi nokkurntíma runnið í honum. Uppgraftarskýrsla er í Árb 1987, 99-110.

1984: Það haust var enn grafið fyrir holræsi í Reykholti og fór skurðurinn í gufuleiðsluna og eyðilagði hana á um 14 m kafla. GÓ og ÞG rannsökuðu ummerki og er uppgraftarskýrsla í Árb 1987, 110-113.

GÓ og ÞG telja hugsanlegt en ekki líklegt að gufan hafi verið notuð við matargerð. Sömuleiðis telja þeir mögulegt en ekki líklegt að gufan hafi verið notuð til upphitunar, enda endar stokkurinn talsvert fyrir austan bæjarhúsin. Líklegast þykir þeim að gufustokkurinn hafi verið fyrir þurrabað og að það hafi verið í notkun fyrir 17. öld, líklega á miðöldum. Árb 1987, 114-18 .

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117; Reise, 113-14; Mackenzie, Travels, 198; Henderson, Iceland, 141-44; FF, 287; Kaalund I, 317-18; Árb. 1884, 116, 121-22; Túnakort 1917; Matthías Þórðarson: 'Reykholt' Morgunblaðið 20.07.1947; Árb 1960, 41; Árb 1987, 99-122.

BO-199:012 heimild um fjós 64°39.899N 21°17.551V

Í lýsingu sinni á Reykholti frá 1884 segir Sigurður Vigfússon: "Fyrir norðan kirkjugarðinn eru margar rústir. Þar var áðr hið gamla fjós og heygarðr og fleiri úthýsi.... Síra Þórðr prófastr, sem hér var næst á undan, færði hið gamla fjós og heygarð þangað, sem það nú er, austr frá bænum [þ.e. 003]. ... Í haust, eftir að eg var farinn frá Reykjaholti, var grafinn grunnr undir kirkjuna, sem á að færa nokkuð norðar, ofan í hinar gömlu rústir, sem þar eru, og áðr eru nefndar, og þá á að stækka kirkjugarðinn norðr á við; þá segir síra Þórhallr mér þannig "Fyrir norðan kirkjugarðinn, 20 fet frá honum, þar sem rústir eru eftir fjós, hesthús og heygarð, fannst mykjuskán, og að allra dómi er við vóru, flór (fjósflór), á 5-6 feta dýpt; þar hafa auðsjáanlega lengi verið peningshúsin, enda fyrst færð fyrir fáum árum."

Þessar tóftir hafa verið þar sem núverandi trékirkja stendur, sennilega fast norðan við kirkjugarðinn sem þá var, en flórinn sem grafið var niður á 1884 hefur verið 1-2 m norðan við kirkjuna.

Nú í kirkjugarði og eru allmargar grafir næst kirkjunni að norðanverðu þar sem rústir gætu verið undir.

Hættumat: hætta vegna líkagraftar

Heimildir: SV Árb. 1884-5, 115-116, 122

BO-199:013 *Lögrétta* heimild um gerði 64°39.871N 21°17.573V

"Fyrir framan gamla bæinn var stykki í túninu, sem nefnt var Lögrétta, þar sem nú er skrúðgarður prestsins, og eins og á miðja flöt fyrir framan skólann." segir í örnefnalýsingu.

Miðað við þessa lýsingu er meginhluti Lögréttunnar undir gömlu heimreiðinni, sunnan og suðaustan við prestbústaðinn og vestan við gamal bæjarstæðið og skólann. Túnstykkið "Lögrétta" mun að sönnu hafa náð yfir mun stæra svæði en mannvirkið og er sennilegt að megnið af því sé norðan við heimreiðina. Undir malarvegum, skrúðgarði að norðan, gömlu bæjarstæði að austan og grasflöt að sunnan

"Eggert Guðmundsson (1817) segir í fornleifaskýrslu að í Reykholti "sést lióslega til Dómhrings þess er menn seigia hér hafi verid. er hann nærfelt kringlóttur, af Torfi, eingin

steirn i midiu, enn Dÿrnar sínaz ad hafa verid móti austri." FF, 288. Kaalund segir þannig frá hringnum: "Einnig í Reykholti verður fyrir eitt lögréttunafnið, svo nefnd "lögrétta", sem er ekki hústóft, heldur hringmynduð girðing, sem lítur nú út eins og garðbútur svo sem hringbogi í túninu fyrir framan bæinn, en bæjarhlaðið hefur skorið nokkuð af honum." (Ísl. sögust. I,236; Kaalund, 319). Árið 1884 var Sigurður Vigfússon í rannsóknarferð um Borgarfjarðarhérað og gerir svipaða lýsingu á þessari tótt. "Vestr undan bænum í Reykjaholti eru leifar af gamalli girðingu, sem kölluð er lögrétta; hún er þó fullkomlega hálf af brotin af hlaðinu fyrir framan bæinn eða tröðunum; þvermálið þar sem þessi hringr er af brotinn af traðarveggjunum, er, að því er mælt verðr, 40 fet, enn dálítill hóll í norðrarmi hálfhringsins gjörir mælinguna nokkuð óvissa,..." (Árb 1884-85,121) Ekki hafa fundist yngri heimildir um þessar minjar, en nú eru þær horfnar með öllu. Stæði gamla bæjarins í Reykholti hefur verið sléttað og ekki vottar fyrir rústum hans, tröðunum eða lögréttunni á yfirborði. Vestan bæjarins er nú vegur og kann hálfhringurinn að hafa lent í vegastæðinu. Loftmyndir voru teknar af Reykholti 3. júlí 1990, en ekki sást votta fyrir minjum á þessu svæði. Guðrún Sveinbjarnardóttir (pers.com.) segir jafnframt að ekki séu neinar minjar þar sjáanlegar. Ekki er ólíklegt að lögréttan hafi verið horfin fyrir árið 1930, því þá friðaði Matthías Þórðarson aðrar minjar í Reykholti. Hann nefnir ekki hringgarðinn, þrátt fyrir að vísa oft til skrifa Sigurðar Vigfússonar í friðlýsingaskjölum." Dómhringar 1.

"Ekkert er vitað um nafnið Lögrétta. Ég man ekki til að hafa heyrt það notað í daglegu tali og [Vilhjálmur Einarsson] kannast ekkert við það." Jón Þórisson 1995 í svari v. spurningum Örnefnastofnunar. Austurhluti Lögréttunnar hefur eyðilagst er bærinn var færður vestar á fyrri hluta 19. Aldar en sá vestari við vegarlagningar og framkvæmdir á 20. öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Reykholt, 3; Dómhringar 1; FF, 288; Kaalund, 319; Árb 1884-85,121.

BO-199:014 *Sturlungareitur* heimild um legstað 64°39.890N 21°17.562V

1877: "... det nordvestlige hjörne af kirkegården bærer navnet "Sturlúngareitr" (reitr - ager, mark, afdelt jordstykke); på grund af navnet siges denne plads at have nydt en vis anseelse, så at mere fremragende mænd jævnlig skal have ladet sig jorde her; dog er det ikke let at vide, hvorledes det forholder sig med navnets ægthed, om Snorres grav har ingen tradition bevaret sig, og påfaldende nok skal den tilsvarende del af kirkegårdene på Sidemule og Gilsbakke bære samme navn." segir Kristian Kaalund í sögustaðalýsingu sinni. "Sturlungareitur er af sumum talinn hafa verið fyrir norðan við gömlu kirkjudyrnar, og þá sunnan við þær nýju." "Talið er að norðvestur af dyrum [kirkjunnar] sé Sturlungareitur og þá suðvestur af dyrum kirkjunnar sem nú stendur í garðinum." segir í örnefnalýsingu. Sturlungareitur er talinn vera í kirkjugarðinum beint suður af kirkjudyrum, um 6 m norðvestur af gömlu kirkjutóftinni. Þar er nú grjótbeð og basaltdrangur með áletruninni "Sturlungareitur". segir í örnefnalýsingu.

Kaalund getur þess einnig að séra Þorsteinn Helgason hafi talið sig hafa fundið legstein Snorra við rask í kirkjugarðinum 1837, og hafi nafnið verið letrað á steininn með rúnum - ÍB 157 8vo og bréf Jónasar Hallgrímssonar til Finns Magnússonar 1840. Sigurður Vigfússon vitnar í Ingibjörgu, ekkju séra Þórarins Kristjánssonar "að Sturlungareitr heiti í kirkjugarðinum, á vinstri hönd þegar gengið er inn úr sáluhliðinu, þar fram við garðinn, enn ekki nær hann innar að kirkjunni.". Sigurður telur þetta "enn sönnun fyrir, að kirkjan stendr á sínum gamla stað, þar sem hún stóð á dögum Snorra, enda sést hvergi annarstaðar í Reykjaholti votta fyrir neinum gömlum kirkjugarði eða kirkju." Árb. 1884-5,116.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaalund, 317; Árb 1884-85, 116; Ö-Reykholt, 3; 1995, 5

BO-199:015 *Virki* heimild um vígi 64°39.885N 21°17.514V
Í Sturlunga sögu er getið um virki umhverfis bæinn í Reykholti á 13. öld og á 19. öld töldu menn sig sjá leifar þess, sem lága hóla í kringum bæinn, m.a. milli hans og Snorralaugar. Engir hólar eða aðrar leifar um virkið sjást nú lengur en ætla má að mestar leifar þess hafi veriðað austan og e.t.v. sunnanverðu. Virkið hefur takmarkast af kirkjugarðsvegg að norðan, e.t.v. verið byggt ofan á hann, og legið milli Snorralaugar og bæjar að sunnan.
Sléttar grasflatir þar sem ekki eru mannvirki eða uppgröftur vegna fornleifarannsókna.
1235: "Í Reykjaholti voru fyrir tvö hundruð manna ... Var þar skipað mönnum í virki [374] um allan bæinn en Órækju menn gengu um virkið og varð ekki að sótt. ... Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu." Sturl, 373-74.
1242: "Þá var virki öruggt um bæinn í Reykjaholti er Snorri lét gera. ... En þá Órækju bar skjótt að og riðu þeir Órækja í kirkjugarð og settu stiga við dyr þær er þar voru. Sturla reið [442] til þeirra dyra er til laugar voru og settu þeir þar stiga og gengu þar upp fylgdarmenn hans og komu þeir jafnsnemma að uppgöngunni í virkið Ingjaldur Geirmundarson og Klængs menn þer er út ætluðu ... Fóru þeir Sturla þá upp á húsin og sáu inn í ljórana." Sturl, 441-42.
1253: "Gengu þeir norðan úr kirkjugarði Þórður [Hítnesingur] og hans menn en Bergur [Gunnsteinsson] sunnan frá laugu að suðurdyrum. En er þeir komu að durum hvorumtveggjum voru þær byrgðar rammlega. Þá tóku þeir það ráð að þeir lyftu Böðvari kampa upp á virkisvegginn og dró hann lokur frá hurðum. Gengu þeir þá inn hvorirtveggju og mættust fyrir skáladurum..." [Aðför Þorgils skarða að Agli Sölmundarsyni í Reykholti] Sturl, 622.
1815: "... I had my tent pitched on the summit of the virki, a circular mound of earth, forming the most eminent remains of the fortification, which, in former times, surrounded the farm ... The extent of the wall may yet be traced, but it is nowhere so conspicious as here, where a watch-tower seems to have stood, and through which a subterraneous passage has communicated with the Snorra-laug ... situated directly at its base." Henderson, Iceland, 141.
1817: "Vÿrki þad sem, - eptir Sturlunga sögu - skal hafa verid hér, sést nú ej enn nockrir hólar eru hér í kringum stadinn, sem menn meina sieu leifar þess." segir í fornleifaskýrslu Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817. KK 1877: "Snorre havde på Reykholt ladet indrette et stærkt virke, hvoraf der imidlertid nu lige så lidt her som andetsteds, hvor sådanne befæstninger omtales, er noget spor tilbage. Det synes at have omgivet bygningerne og haft en indgang, der vendte mod nord ud til kirkegården (med hvis gærde virket måske var sammenbygget), en anden, der vendte mod syd ud mod laugen." Kaalund, 319. Sumarið 1999 komu í ljós sérkennilegar hleðslur nyrst á uppgraftarsvæðinu og var þess getið til að þær gætu verið undirstöður undir virkisvegg.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Sturl, 373-74; 441-42; 622; Henderson, Iceland, 141; FF, 288; Kaalund, 319.

BO-199:016 *Stöðull* örnefni kvíar 64°39.872N 21°17.363V
"Suður af Skriflu, er smáhæð, sem nefnist Stöðull. Þar standa nú gróðurhús ..." segir í örnefnalýsingu. Í svari við spruningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Sannast sagna kannast nú enginn við þetta nafn. Ekki [Vilhjálmur Einarsson]. Ég man ekki betur en að þar sem gróðurhúsin stóðu væri smáhæð. Hvort þar var einhver slétt flöt man ég ekki. Þessi hæð er í mínum huga Stöðull. Engar heimildir um mjaltir." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar.

Um 30 m suður af Skriflu er steyptur grunnur af stóru gróðurhúsi, þar sem hæðin Stöðull var. Fast sunnan við þennan stað eru dæluhús en austan við er hver undir torfhrauk. Engin hæð er nú eftir á þessum stað heldur er þar flöt með húsgrunni og vaxa runnar og rabbarbari í honum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Svör við spurningum Örnefnastofnunar.

BO-199:017 *Svínatóft* heimild um útihús 64°39.848N 21°17.273V
"... austan við túnið, þar sem nú eru fjárhúsin sunnan við Dynk, var tóft, sem nefnd var Svínatóft." segir í örnefnalýsingu. Í svarivið spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Svínatóft sást fram á fjórða áratug þessarar aldar en er nú horfin. Ég tel mig hafa heyrt að þar hafi verið höfð svín og sama segir [Vilhjálmur Egilsson]." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar.

Um 130 m suðaustan við Skriflu standa fjárhús á smáhæð. Þar var Svínatóft áður. Stór steypt fjárhús og malarborið plan í kringum þau. Lækur rennur meðfram að norðan.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Svör við spurningum Örnefnastofnunar

BO-199:018 *Reykholtsgrafir* mógrafir 63°39.612N 21°18.149V
"Suðvestur frá Reykholti í móunum niður við á eru gamlar mógrafir ... eru nefndar Reykholtsgrafir." segir í örnefnalýsingu. "Í móunum vestur og norður af Bæjareyrinni eru mjög djúpar mógrafir er nefnast Reykholtsgrafir." segir í örnefnalýsingu Reykholts frá 1995. Í svari við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Mógrafirnar voru djúpar. [Vilhjálm Einarsson] minnir að þær hafi verið 16 stungur en telur þó að það kunni að vera eitthvað oftalið. Ég man að þær voru mjög djúpar. Mórinn var talinn vondur og hætt að taka hann þegar gert var yfir Skriflu og gufa leidd heim í gamla bæinn, líklega árið 1924 segir [Vilhjálmur Einarsson]." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar.

Grafirnar eru sunnan við þar sem vegarslóði liggur upp af Bæjareyri þvert yfir Stekkjareyri að útihúsum vestast á henni. Grafirnar eru í árbakkanum og liggja frá norðri til suðurs. Um 2 m hár árbakki og er malareyri neðan við en flatur mói - til skamms tíma tún - ofan við. Grafirnar sjást vel en eru algrónar og hafa verið fylltar af rusli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3; Svör við spurningum Örnefnastofnunar

BO-199:019 *Stekkjareyri* heimild um stekk 64°39.553N 21°18.185V
Utan við Reykholtsgrafir 018 "er Stekkjareyri meðfram ánni. Þar var stekkur, en nú er þar nýbýlið Akur. ... Á fyrrihluta fjórða áratugar þessarar aldar var stofnað hér hlutafélg, sem hafði kornrækt á stefnuskrá sinni. Var Stekkjareyrin og mýrarnar norður af henni notaðir við þá tilraun. Þá voru rústir af mannvirkjum austast á eyrinni og var ekki hreyft við þeim. Talið var að þær væru leifar af stekknum. Nú eru þær horfnar í ána ... Í móunum norður af Stekkjareyrinni voru og eru nokkrar lautir. A.m.k. tvær þeirra hurfu þegar landinu var umbylt vegna kornræktarinnar." segir í örnefnalýsingu.

Stekkurinn hefur verið 70-100 m suður af mógröfunum 018, fast á árbakkanum. Stekkjareyri er flöt eyri sem hækkar í stöllum til norðurs. Stekkurinn hefur verið á árbakkanum þar sem hann er 1-2 m hár.
Heimildir: Ö-Reykholt, 2;

BO-199:020 *Kirkumelur* varða landamerki 64°41.005N 21°16.549V
"... vestur af Breiðavatni er Kirkjumelur." segir í örnefnalýsingu.

Hrunin varða er hornmark milli Reykholts, Breiðabólstaðar og Norður-Reykja á Kirkjumel. Á berum mel. Grastorfa um 5x5 m að stærð og hrunin varða á toppnum. Ekki er víst að varða þessi sé mjög forn - þó hún hafi útlit til þess - því landamerki milli þessara jarða voru ekki ákveðin fyrr en á 20. öld. Áður voru þær allar eign Reykholtskirkju og í landamerkjaskrá frá 1898 er merkjum eingöngu lýst fyrir torfuna í heild.

Heimildir: Ö-Reykholt, 4

BO-199:021 *Tíðagata* gata leið 64°39.836N 21°18.461V
"Upp af Stekkjareyri er Tíðamelur, en utan við hann er Tíðaeyri og er þá komið út á meki. Frá Tíðavaði, sem er á Tíðaeyrinni [í landi Grímsstaða], voru svo tvær götur, Tíðagata, sem lá heim að Reykholti." segir í örnefnalýsingu. Í annari lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Af Tíðaeyrinni er gata, Tíðagata sem liggur upp (þ.e. ANA) á og yfir Tíðamel. Lítill melur vestan Vesturmýrar. ... Tíðagatan ... liggur af Tíðamel til N.A. og norðan 'gamlatúns' enda var heimreiðin að Reykholti áður að norðan. Ef haldið er af Tíðamel eftir Tíðagötu er efri hluti Vesturmýrar á hægri hönd. Skammt vestan gamlatúns mætast Tíðagata og Grjótagata." - Tíðagatan mun ekki hafa heitið því nafni lengra austur en gatnamótin "þótt beint framhald hennar liggi norðan við gamlatúnið vestan og norðan við túnið á Breiðabólstað og inn (þ.e. austur Hálsasveit." Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir svo: "Tíðagata liggur frá Tíðavaði yfir Tíðamel og a.m.k. heim að gamla túngarði. Hvort heimreiðin að Reykholti hefur talist til hennar fer tvennum sögum og verður ekkert fullyrt um það. ... Eftir að vegur var lagður inn dalinn var í daglegu tali talað um að Tíðagata næði aðeins frá Tíðavaði upp á Tíðamel. Ef talað er um tvær götur af Tíðaeyri getur ekki verið um aðra götu að ræða en götu sem lá með ánni. SA á Stekkjareyri og er því hluti af þeim götum sem farnar voru þegar menn fóru Bugana eins og það var kallað og gatan því nafnlaus. ... Tíðagata og Grjótagata sjást enn." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar.

Tíðagata sést vel frá gatnamótum við Grjótagötu 025 austan Eggertsflatar og niður að þjóðvegi. Gatan fer undir hann um 100 m austan við merki við Grímsstaði. Neðan við þjóðveginn hverfur gatan brátt í mýri en þar hefur leiðin legið að mestu um land Grímsstaða þar sem Tíðavað er. Í mýri neðan vegar en um móa ofan vegar.
Víðast 1,5-2 m breið gata, sundurgrafin af leysingavatni ofan vegar neðan til. Allt að 1 m djúp en víðast mun minna - greinilega rudd gata.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3, 4; Svör við spurningum Örnefnastofnunar

BO-199:022 *Úlfsstaðavað* heimild um vað 64°39.490N 21°17.540V
"Af Stórueyri yfir á Hægindakotseyri er Úlfsstaðavað ..." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Vestur af Stórueyri er vað á ánni yfir á Hægindakotseyri, sem heitir Úlfsstaðavað." Ekki er nú augljóst hvar vaðið var en allsstaðar má auðveldlega komast yfir Reykholtsdalsá vestan við Stóreyri.
Áin er á þessum slóðum um 30 m breið, grunn og lygn.
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 2

BO-199:023 *Kirkjuvað* heimild um vað 64°39.628N 21°17.962V
"... af Bæjareyrinni yfir á Hægindakotseyri er Kirkjuvað" á Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Sumir eldri menn tala um efra og neðra Kirkjuvað og eru um 100 metrar á milli þeirra." Áin er allsstaðar auðfarin en egarslóði liggur út í ána af Bæjareyri, við austurenda íþróttavallar, en breið malareyri er þar handan við ána. Sennilega er Neðra Kirkjuvað þar, en hið efra á móts við austurhluta Hægindakotseyrar. Áin er um 30 m breið á þessum slóðum, grunn og lygn.
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3

BO-199:024 *Stekkjarvað* heimild um vað 64°39.490N 21°18.197V
"... austur af Stekkjareyri er Stekkjarvað á " Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu. Syðst er Stekkjareyri malareyri og hefur leiðin legið þvert yfir odda hennar frá austri til vesturs.
Áin er um 30 m breið á þessum slóðum, grunn og lygn.

Heimildir: Ö-Reykholt, 2

BO-199:025 *Grjótagata* gata leið 64°40.011N 21°18.321V
"Tíðagatan hefur verið nefnd fyrr [021], heimreiðin var fyrir ofan tún, og þar mættust þessi gat og önnur, sem hét Grjótagata ..." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Skammt vestan gamaltúns mætast Tíðagata og önnur gata úr NV sem heitir Grjótagata. Talið er að hún hafi áður verið fjölfarin og náði allt vestur að Hurðarbaki. Þegar vegur var lagður eftir dalnum 1914 mun umferð um hana hafa lagst af að mestu eða öllu." Í svari við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Tíðagata og Grjótagata sjást enn. Grjótagata lá víða um grýtt land og víst leiðinleg yfirferðar og mun hafa hlotið nafn sitt af því." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar.

Grjótagata sést enn vel allt frá Grímsstaðamerkjum og austur fyrir Eggertsflöt þar sem hún sameinast Tíðagötu. Nú skógur þar sem áður voru móar uppi í hlíðinni. Smátt og smátt grýttara eftir því sem ofar og vestar dregur. Trjáhríslur eru nú víða alveg í jaðri götunnar.

Gatan er víðast 1,5-2 m breið og hefur verið keyrt eftir henni á bílum, einkum austantil við Eggertsflöt. Gatan, sem greinilega er rudd, er ekki bein en heldur ekki tiltakanlega kræklótt.
Hættumat: hætta vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 4; Svör við spurningum Örnefnastofnunar

BO-199:026 *Smiðjuvöllur* örnefni smiðja 64°39.856N 21°17.607V
"Vestur af Lögréttunni [013] er Smiðjuvöllur, einnig ofan við veginn heim." segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Engar heimildir eru um að Smiðja hafi verið á Smiðjuvelli og fáir kannast við þetta nafn." Jón Þórisson 1995 í svari v. spurningum Örnefnastofnunar. Í lýsingu örnefna í Reykholti frá 1995 segir: "Nokkuð hefur verið á reiki hvar hann nákvæmlega var en talið er að vegurinn heim að skólanum að vestan liggi yfir Smiðjuvöll og nokkur hluti hans sé sunnan vegarins."

Svo virðist sem gamla heimreiðin liggi um Smiðjuvöll og hefur hann verið vestan við Lögréttuna 013, sennilega vestan við prestbústað og þar suður af.
Trjágarður er sunnan og vestan við prestbústað. Þar sunnan við er heimreið og slétt túnflöt sunnan við hana.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995; Svör við spurningum Örnefnastofnunar

BO-199:027 mannvirki göng 64°39.864N 21°17.508V
"Snorragöng eru jarðgöng, er fundust, þegar grafið var fyrir leikfimihúsi skólans 1937 [réttara 1931], og sanna söguna um leynigöng Snorra." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Þegar grafið var fyrir fimleikahúsi skólans haustið 1931 (ekki 1937) var komið niður á jarðgöng með stefnu NV frá lauginni ... Árið 1947, í tilefni af komu Ólafs Hákonarsonar krónprins Noregs og afhjúpun Snorrastyttunnar, var grafið niður á göngin norðan leikfimihússins og sáust þau þá greinilega á um það bil þriggja metra dýpi."

Göngin liggja frá Snorralaug til norðvesturs um 35 m innundir bæinn. Þau hafa verið grafin upp að hluta og stendur rannsókn á þeim enn yfir. Íþróttahús Reykholtsskóla stóð ofan á göngunum 1931-1998 en fornleifarannsókn hefur verið gerð í þeim sumurin 1998 og 1999.
1235: "Í Reykjaholti voru fyrir tvö hundruð manna ...Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en Órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu."
Sturl, 373-74.
1752: "Dette Bad brugte [Snorri] meget: en lang Hvelving var den Tid bygget fra Gaarden lige need til Badet, saa at man kunde gaae frem og tilbage, uden at blive forkiölet." Reise,

113.
1815: "The extent of the [virkis] wall may yet be traced, but it is nowhere so conspicious as here, where a watch-tower seems to have stood, and through which a subterraneous passage has communicated with the Snorra-laug ... situated directly at its base." Henderson, Iceland, 141.
1884: SV var ekki trúaður á jarðgöng frá lauginni eða að forskálinn sem getið er í Sturl, 374 hafi verið slík göng. "Eg skal geta þess hér, að sumir hafa haldið, að gangr hafi verið frá lauginni og í gegnum laugarhólinn; enn þetta er ekki annað en ómerkileg munnmæli, því að, sem oft er áður sagt, er hóllinn allr vestar í stefnu frá hinum gamla bæ. Gat því bæði þess og annars vegna ekki átt sér stað. Enn þetta mun þó að nokkru leyti bygt á því, að upp í laugarhólnum sá móta fyrir hleðslu, að þeim sýndist, sem samansigin göng, og lét síra Vernharðr tyrfa yfir það. Enn hér er aðgætandi, að þar upp frá hefir verið siðr sumstaðar, að grafa jarðhús inn í hóla, til að geyma í eldivið, og mun þetta hafa verið eitt; enda sést hér upp af eins og skarð í hólinn, og mótar fyrir dæld þar fyrir ofan; er þar mold laus og holur ofan í. Þar við bætist, að þetta var vestr frá lauginni og nær efst í hólnum. Þetta alt tekr af tvímælin um þetta málefni." SV í Árb, 120 nmgr. 1.
1948: " Flestir munu fullyrða, að á dögum Snorra hafi laugin verið yfirbyggð og hlaðin hafi verið göng frá henni til bæjar. Hleðsla úr þessum göngum kom greinilega í ljós, er hóllinn var rofinn og grafið fyrir undirstöðu skólahússins, sem byggt var í Reykholti 1930." Kristleifur Þorsteinsson: Úr Byggðum Borgarfjarðar II, 200-201.
1959: "Þegar þjóðminjavörður og [Þorkell Grímsson] komu í Reykholt í maílok 1959, var sá hluti hinna fornu jarðganga, sem gert hafði verið yfir 1947, að miklu leyti hruninn. Þakgrindin hafði fúnað og látið undan torf- og moldarlaginu, einnig var grjóthleðslan orðin bágborin, bæði í göngunum og kömpunum framan við dyrnar. Mun vatnspípa hafa sprungið undir húsunum efst í brekkunni, vatnið fætt fram í göngin og borið aur út um laugarhvilftina og ofan í sjálfa laugina." (s. 41-42) "... steinveggirnir inni í [göngunum] voru endurhlaðnir að verulegu leyti og töluverðar lagfæringar gerðar á svæðinu milli gangadyranna og laugar, kamparnir hlaðnir á ný, úr grjóti og sniddu, en gangstétt úr blágrýtishellum lögð frá lauginni upp að dyrum." Þorkell Grímsson í Árb 1960, 41-42, 45.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Sturl, 373-74; Reise, 113; Henderson, Iceland, 141; Árb, 120 nmgr. 1; Ö-Reykholt, 3; Kristleifur Þorsteinsson: Úr Byggðum Borgarfjarðar II, 200-201; Árb 1960, 41-42, 45; Ö-Reykholt 1995, 5

BO-199:028 *Háfur* bæjarstæði býli 64°11.791N 21°17.185V



Austan við Hestaklett er Rauðilækur "sem er nokkuð vestan við eyðibýlið Háf." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Í miðju Norðurlandinu er eins konar hóll. Að sumrinu er hann áberandi grænni en æandið í kring, þarna var áður býli sem hét Háfur og eru þetta rústir býlisins sem fór í eyði 1918."

Rústir Háfs eru rúmlega 1 km vestur af merkjum við Norður-Reyki og

einnig rúmlega 1 km austur af merkjum við Skáney, um 700 m sunnan við Hvítá, allhátt ofan við hana. Á bæjarstæðinu er flatur hóll, grænn í toppinn og sést hann vel fljótlega eftir að komið er yfir merkin að austan. Enginn vegarslóði liggur um Norðurlandið.

Allt Norðurlandið er í aflíðandi halla neðan við bunguna sjálfa og niður að Hvítá. Bæjarstæðið er þar sem brún kemur í hallann og hallar meira að ánni neðan við það. Allt Norðurlandið er blautur grasmói, víðast þýfður og eru mýrarteygingar á milli. Neðan til skerast vatnsfarvegir upp í móann. Þó er hvergi teljandi uppblástur á svæðinu. Túnstæði er ekkert og er blaut mýri fast upp að bæjarhólnum að sunnan. Lækjardrag með mýrarvatni liggur upp að hólnum að vestan.

Háfs er ekki getið í Reykholtsmáldaga, en er talinn meðal jarða staðarins í 14. aldar máldögum Reykholtskirkju. Óvíst er hvort Háfur var gamalt býli, sem kirkjan eignaðist milli 1226 og 1358 eða hvort hann var nýbýli í heimalandi frá því tímabili. 1708: "Fornt eyðiból í Reykholtsstaðareign, bygt með staðar jörðunni Norður Reykjum yfir 60 ár. Dýrleiki óviss. Landskuld hjer af xxx álnir í öllum landaurum. Kúgildi ii. Leigur gjaldast í smjöri heim til staðarins. Nota. þetta áðurtalið fornbýli samanlagt við bygða bólið Norður Reyki, er með fyrrsögðum kostum, en má ei sjer í lagi aftur byggjast, því það getur ekki almennan löbýla þúnga, væri og Norður Reykjum til afdráttar en heimastaðnum til baga." JÁM IV, 240

Háfur hefur verið hafður til beitar frá Norður-Reykjum fram á 19. öld en telst nú hluti af Reykholtslandi. "Í Háfi var húsmennskubýli árin 1913-1919, reist fyrst af Árna Oddssyni og Helgu Sigurðardóttur. Var býlið í valllendisbrekku norðaustast í Norðurlandi Reykholts." BB II, 352. "Guðni Ísleifsson bjó þar síðastur."

Bæjarhóllinn er 50 m frá austri til vesturs og 30 m frá norðri til suðurs. Allmiklar rústir eru á honum norðvestanverðum og má greina þar nokkur hólf með grjótveggjum. Þar er rúst af litlum bæ með 3 burstum sem snúið hefur stöfnum til norðurs og ein stök tóft fast vestan við. Aftan við bæinn hefur verið heygarður en kálgarður í brekkunni norðan í hólnum. Á bæjarhólnum er hleðsluhæð mest 0,5 m og þar eru ekki þúfur nema lítill klasi norðaustast og neðst. 40 m suðaustur af bæjarhólnum er tvískipt tóft, um 14x5 m að stærð. Hún snýr upp í brekkuna og er í allmiklum halla. Hleðsluhæð er 0,7 m og veggjaþykkt um 1,5 m. Hún er mjög farin að springa í þúfur. Hún er austast á stórum þúfnaklasa sem er aðskilin frá bæjarhólnum af mýrarsundi. Um 40 m suðvestan við bæjarhólinn er annar þúfnaklasi sem líklega er útihústóft, þó ekki sé hún lengurmeð skýru lagi, um 6x4 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykholt, 4; 1995, 6; JÁM IV, 240; BB II, 352.

BO-199:029 *Eggertsflöt* sögustaður 64°39.956N 21°18.141V

"Í tungunni þar sem Tíðagta og Grjótagata koma saman heitir Eggertsflöt, sem mun eiga nafn sitt að rekja til hins veglega brúðkaups Eggert Ólafssonar lögmanns árið 1767 en þar var tjaldstæði brúðkaupsgesta. Nú er þar skógarlundur ..." segir í örnefnalýsingu.

Eggertsflöt er um 300 m vestur af nyrsti íbúðarhúsunum í Reykholti. Gatnamótin þar sem Grjótagata og Tíðagata koma saman eru 125 m austan við austuranda flatarinnar og liggur Grjótagata ofan (norðan) og Tíðagata neðan (sunnan) við flötina. Slétt smáþýfð grasflöt og hafa tré verið gróðursett allt í kring. Talsverður skógur er kominn ofan við en aðeins nokkrar hríslur eru sunnan við flötina.

Hættumat: hætta vegna skógræktar

Heimildir: Ö-Reykholt 1995, 4

BO-199:030 *Vesturmýri* heimild um ristu 64°39.774N 21°18.034V

"Torfrista var í Vesturmýri og torfið notað mest á hús og hey." segir í svari við spurningum Örnefnastofnunar.

Vesturmýri er að mestu leyti neðan vegar suðvestur af Reykholti, norðvestur af

Bæjareyri og norður af Stekkjareyri. Flöt smáþýfð mýri með grunnum tjarnarstæðum og vatnslænum. Engin merki sjást lengur um torfristu í Vesturmýri.
Heimildir: Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar

BO-199b Reykholt (Geitland)

Tungan milli Hvítár og Geitár - eign Reykholtskirkju frá 12. öld amk. Hrólfur í Geitlandi, sonur Úlfs sonar Gríms háleyska er Skallagrímur gaf land milli Andakílsár og Grímsár og bjó á Hvanneyri. ÍF I, 71 (S 30 og Þ(M)). "Úlfr, son Gríms ens háleyska ok Svanlaugar, dóttur Þormóðar af Akranesi, systur Bersa, hann nam land milli Hvítár ok suðurjokla ok bjó í Geitlandi. Hans synir váru þeir Hrólfr enn auðgi, faðir Halldóru, er átti Gizurr hvíti, þeira dóttir Vilborg, er átti Hjalti Skeggjason. Annarr son [78] hans var Hróaldr, faðir Hrólfs ens yngra, er átti Þuríði ... þeira born váru þau Kjallakr at Lundi í Syðradal ... [og] Solvi í Geitlandi, faðir Þórðar í Reykjaholti, foður Solva, foður Þórðar, foður Magnúss ... Þriði son Hrólfs var Illugi enn rauði, er fyrst bjó í Hraunsási ... Þann bústað gaf Illugi Bolverki [mági sínum], en Illugi fór þá at búa á Hofstoðum í Reykjadal, því at Geitlendingar áttu at halda uppi hofi því at helmingi við Tungu-Odd." ÍF I, 77-78 (S 41) sbr ÍF I, 79 (H 29). + saga um Karla Konálsson á Karlastoðum leysingja Hrólfs í Geitlandi ÍF I, 82 (S 42, H 30). Reykholtsmáldagi c. 1185: "Geitland með skógi" DI I, 280. ATH Árb 1893: 76; ÁFÍ 1954: 95; JÁM; Jónas Hallgrímsson Rit 3, 154 (1989 II, 414-15); ÞJÁ I, 662; II, 112-13; Kaalund I, 326-27; ÞT Ferðabók III, 11-12. Þjóðsaga um að Reykholt hafi upphaflega verið í Geitlandi en að hverinn Skrifla sem þar var hafi tekið sig upp og flutt þangað sem Reykholt er nú. Var bærinn fluttur á eftir - ÞJÁ I, 659. Jónas Hallgrímsson taldi að bærinn hafi orðið undir hrauni að hluta. Geitland var um aldir notað sem afrétt Borgfirðinga sunnan Hvítár en hætt var að reka þangað um 1875 - GR II, 345.

BO-199b:001 *Þjófakrókur* tóft óþekkt 64°38.778N 20°36.896V
"Á uppdrætti herforingjaráðsins er Þjófakrókur sýndur suður af Geitlandi inn við Langjökul. Þar eru tvö fell, sem heita Hádegisfell, og milli þeirra fann Jakob Guðmundsson á Húsafelli tóttarbrot, eitt sinn er hann var í smalamennsku, en hafði ekki tíma til að rannsaka það nánar." ÚAT, 59.

Merkt leið er að Þjófakrók af Kaldadal.Þjófakrókur er lítill dalur á milli tveggja Hádegisfella. Hann er algerlega gróðurlaus að undanskilinni lítilli mosaþembu í dalbotninum.
Í þætti sínum um Fjalla-Eyvind segir Gísli Konráðsson að Eyvindur og Halla hafi hafist við á Arnarvatnsheiði eftir að Skagfirðingar hröktu þau af Hveravöllum, en að lokum hafi þau flutt byggð sína í Þjófakrók, sem sé á milli Eiríksjökuls og Baldjökuls eða uppi undir Geitlandsjökli. Eyvindur á að hafa stolið kvígu geldri og nokkrum geldingum frá Snorra presti Björnssyni, sem þá var nýlega kominn að Húsafelli, og hafi Snorri þá riðið einn saman upp í Þjófakrók, eftir að njósn hafði borizt um hreysi þeirra þar, og skipaði þeim að færa byggð sína og hafi þau þá slangrað norður að Arnarvatni. Kristleifur á Kroppi (Úr b. Borgarfj. II, 300-10) telur óvíst hvar Þjófakrókur hafi verið og er því mögulegt að nafnið á uppdrættinum sé aðeins ályktun útfrá sögu Gísla.
Heimildir: ÚAT, 59

BO-199b:002 *Þórisdalur* þjóðsaga 64°34.490N 20°36.373V
Þórisdalur er nú talinn milli tveggja hæstu fjallshryggjanna í miðju skarðinu milli Geitlandsjökuls og Þórisjökuls. Austast í dalnum er lítið stöðuvatn, en mest af dalbotninum er grjót og urðir. Dalur þessi er að öllu leyti hinn óbyggilegasti og óhugsandi að menn hafi getað dvalizt þar - ÚAT, 167.
"Um haustit fór Grettir í Geitland ok beið þar til þess, er bjart veðr kom. Þá gekk hann upp á


Geitland - minjakort
Kalmanstunga
Hvítá
199b-003
Trússá
Geitlandshraun
Svartá
Hafrafell
199b-008
199b-005
199b-004
199b-007
N
500 m
Hraunjaðar
Kaldadalsvegur
Hádegisfell nyrðra
199b-001
Hádegisfell syðra
199b-006
199b-002
500
600
700
800
900
1000
1100
1200
1300

Geitlandsjokul ok stefndi í landsuðr eptir joklinum ok hafði með sér ketil ok eldsvirki. Þat ætla menn, at hann hafi farit at tilvísan Hallmundar, því at honum hefir verit víða kunnigt. Grettir fór þar til, er hann fann dal í joklinum, langan ok heldr mjóvan, ok lukt at joklum ollum megin, svá at þeir skúttu fram yfir dalinn. Hann komsk ofan í einhverjum stað; hann sá þá fagrar hlíðir grasi vaxnar ok smákjorr; þar váru hverar, ok þótti honum sem jarðhitar myndi valda, er eigi lukðusk saman joklarnir yfir dalnum. Á lítil féll eptir dalnum ok sléttar eyrar báðum megin. Lítill var [200] þar sólargangr, en þat þótti honum ótal, hve margr sauðr þar var í dalnum; þat fé var miklu betra ok feitara en hann hafði þvílíkt sét. Grettir bjósk nú þar um ok gerði sér skála af þeim viði, sem hann fekk þar til. Tók hann sér nú sauði til matar; var þar betri einn sauðr til niðrlags en tveir annars staðar. Ein ær mókollótt var þar með dilki, sú er honum þótti mest afbragð í vera fyrir vaxtar sakar. Var honum forvitni á at taka dilkinn, ok svo gerði hann ok skar síðan dilkinn; hálf vætt mors var í dilkinum, en hann var þó ollu betri. En er Mókolla missti dilks síns, fór hon upp á skála Grettis hverja nótt ok jarmaði, svá at hann mátti enga nótt sofa; þess iðraðisk hann mest, er hann hafði dilkinn skorit, fyrir ónáðum hennar. Hvert kveld, er hálfrokkvit var, heyrði hann hóat upp í dalnum, ok þá hljóp féit allt til ins sama bóls hvert kveld. Svá hefir Grettir sagt, at fyrir dalnum hafi ráðit blendingr, þurs einn, sá er Þórir hét, ok í hans trausti hafði Grettir þar verit; við hann kenndi Grettir dalinn ok kallaði Þórisdal. Dætr kvað hann Þóri eiga, ok hendi Grettir gaman at þeim, enda tóku þær því vel, því at þar var eigi margkvæmt. En þá er fastat var, gerði Grettir þá minning, at þá skyldi eta mor ok lifrar um langafostu. Ekki bar þar til tíðenda um vetrinn. Þá þótti Gretti [201] þar svo daufligt, at hann mátti þar eigi lengr vera; fór hann þá í brott ór dalnum ok gekk suðr þvers af joklinum ok kom þá at norðan at miðjum Skjaldbreið. Reisti hann upp hellu ok klappaði rauf ok sagði svá, ef maðr legði auga sitt við raufina á hellunni, at þá mætti sjá í gil þat, sem fellr ór Þórisdal." ÍF VII, 199-201. Um helluna sjá Árb 1910, 40-41. Heimildir um Þórisdal sem í þjóðsögum er stundum einnig kallaður Áradalur sjá skýrslu prestanna sem fundu dalinn 1664 í HH; Björn Gunnlaugsson í Skírni 1835: 104-107; og í Sunnanpóstinum II (1836): 113-24; Bjarna Eggertsson í Þjóðólfi, 7. nóv 1902; Petermanns Mitteilungen 1910 II (m. uppdrætti e. L. Wunder); Björn Ólafsson í Eimreiðinni 1918: 206-17; Helga Hjörvar e. frásögn Hauks Eyjólfssonar í Vísi 19.8.1924; og eftir heimild Björns Ólafssonar í Vísi 26.8.1924; Hauk Eyjólfsson í Lögréttu 4., 11. og 18. nóv. 1924; Ásgeir Magnússon í Iðunni 1931: 277-84 og Tryggva Magnússon í Lesb. Morgunbl 19.5.1935. Áradalur var upphaflega talinn staðsettur í norðanverðum Vatnajökli en Jón lærði bendlaði hann við Þórisdal og kvað um í Áradalsóði.

Heimildir: Grettissaga

BO-199b:003
64°43.353N 20°46.537V
Trússárbotnarétt hleðsla rétt



Trússárbotnar eru neðst og nyrst á Geitlandi gegnt Kalmanstungu en Trússá rennur í Hvítá austan við Tunguna. Réttarrústin er um 1 km austsuðaustur af Kalmanstungu, við austurenda lónsins þar sem rafstöð bæjarins er.

Réttin er í mosagrónu hrauni, mjög illu yfirferðar.

"[Borgfirðingar sunnan Hvítár] réttuðu þar fé sínu við Trússárbotna, og stendur rétt sú að nokkru enn sem minjar frá liðnum öldum og nefnist hún Trússárbotnarétt." Rekið var á Geitland til um 1875 - GR II, 345. Rústasvæðið allt er um 55x55 m en réttirnar eru tvær. Önnur er fast á lónsbakkanum austanverðum og hin uppi á hraunbrúninni þar norðan við. Sú nyrðri er bæði smærri og grónari og að öllum líkindum eldri en hin. Hleðslur eru aðalega úr úfnum, meðalstórum hraunmolum og mjög heillegar. Hleðsluhæð er mest um 2 m en umför af grjóti allt að tólf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR II, 345

BO-199b:004 *Hamraendar* tóftir býli 64°41.804N 20°44.308V
Hamraendar eru skammt fyrir norðan Geitá, undir brattri, gróinni brekku. Bæjarrústirnar eru undir Kotlækjargljúfri austan Geitárgljúfurs í þýfðum móa, þéttgrónum kjarri og mosa.
BJ 1889 "... bæjrrústir sjást þar fyrir víst á tveimur stöðum. Eigi er hægt að lýsa þeim, því bæði eru þær óglöggvar, og svo er fjalldrapi vaxinn yfir þær. Vestri rústin er skammt fyrir austan Geitá, - sem rennr sunnanmegin Geitlandsins. Sá bær er nefndr Hamraendar; er þar hamragarðr við bæjarlækinn. Rústirnar eru undir brattri brekku, allfagri; sjást fremr óglögg deili á þeim, nema einni tóft, sem er sérstök og mjög auðkend. Hún hefir dyr á norðvestrenda, enn afhús við suðaustrendann. Það gæti verið hoftóft; enn þá ætti hún að vera elsta tóftin, og er merkilegt, að hún skuli þá vera glöggust. Það gæti líka verið stekkjartóft; hefði t.a.m. þessi bærinn lagzt í eyði fyr enn hinn, er eigi ólíklegt, að hér hefði síðan verið hafðr stekkr frá þeim bænum sem eftir var. Lögun tóftarinnar bendir líka fremr til þess; enn stór má sá stekkr þó hafa verið." Friðlýstar minjar. Guðmundur Ólafsson skoðaði staðinn 15.08.1989 og gerði af honum uppdrátt 17. og 20.08.1990. Hann lýsir alls 8 tóftum auk túngarðs og tveggja garðspotta. Tóft 2 mun vera ungleg fjárhúsrúst og 3 mun heldur ekki vera gömul. Guðmundur telur að rústir 4 og 8 gætu verið mjög gamlar. Tóft 5 er þyrping af kofum sem munu hafa verið fjárhús. Tóft 6 er fjárhús með hlöðu eða heytóft frá yngri tímum en tóftir 7 og 8 eru ógreinilegar. Hann gefur ekki mál á tóftunum og ekki er skali á uppdrættinum - GÓB, 85-88. Tóftirnar eru nær horfnar í kjarr- og mosagróður og því mjög ógreinilegar. Svæðið er um 100x140 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árb 1893, 76; GÓB, 85-88

BO-199b:005 *Kot* tóftir býli 64°42.021N 20°43.741V
Kotsrústir eru í grónum hvammi norðan við Geitá, um 600 m austar en Hamraendar 004.
Á svæðinu er nokkuð þýfi, þéttgróið kjarri og mosa.
BJ 1889: "... bæjarrústir sjást þar fyrir víst á tveimur stöðum. Eigi er hægt að lýsa þeim, því bæði eru þær óglöggvar, og svo er fjalldrapi vaxinn yfir þær. ... Eystri rústin er þar skammt frá [Hamraendum]. Þar heitir nú "Kot". Þar eru þó stærri og glöggvari tóftir, og mun á sínum tíma hafa verið stórbýli. Þar mótar fyrir kirkjugarði og kirkju. Mun þetta hafa verið höfuðbólið Geitland, enn fengið nafnið "Kot" af því að síðast mun bygð þar hafa verið orðin fátækleg. Þykir líklegast að byggðin í Geitlandi hafi lagzt niðr fyrir þá skuld, að Geitá hefir smátt og smátt eyðilagt engjarnar, sem munu hafa verið á sléttunum fyrir neðan bæina; enn þar er nú allt þakið möl eftir ána. Enn líka kenna munnmæli því um, að horfið hafi vatnsbólið í "Koti". Á það hafa verið hver, sem hafi flutt sig og komið upp þar, sem nú er hverinn Skrifla hjá Reykholti. Sjá má, hvar vatnsbólið hefir verið í "Koti". Það er lítil lind uppi í túnbrekku, og hefir verið hlaðin innan. Lítið er vatn í henni, enn virðist hafa verið meira áðr. Eigi er hún sárköld, og steinrnir eru í henni með hvítri skán. Þó er eigi útlit fyrir, að þar hafi verið hver." Árb 1893, 76. 1709: "Geitlandskot, fornt eyðiból á landsplátsi því, sem Geitland heitir og liggur á milli Geitár og Hvítár. Þar hefur ei bygð verið í manna minni, feðra þeirra

eður föðurfeðra en ljós sjást hjer byggíngamerki af tóftarústum og girðíngaleifum. Landið á Reykholtsstaður og brúkar þángað upprekstur fyrir lömb og geldfje. Ekki má hjer bygð reisa fyrir vetraríki og heyskaparleysi." JÁM IV, 258. Guðmundur Ólafsson rannsakaði staðinn 1989. Rústasvæðið er um 250 m langt og 200 m breitt. Að vestan takmarkast það af Jökulhlaupi en túngarður er allt um kring. Stærsta tóftaþyrpingin (1) er um 32 m á lengd og um 18 m á breidd. Hún skiptist í 10 hólf sem ekki sýnast öll vera samtíma. 5 syðstu hólfin líta út fyrir að vera elst. Nyrðri hólfin fannst Guðmundi erfiðara að túlka en hann telur þó að fremri hlurinn hafi upphaflega getað verið skáli með afhýsi en allt er þetta óljóst vegna síðari breytinga og viðbóta. Fast sunnan við (1) eru nokkur fjárbyrgi að hluta til byggð inn í brekkuna. Tóft (2) er langhús, snýr N-S. Mál hennar er um 29 x 11 m. Bakhús hefur verið byggt við það á syðri hluta eytri langveggjar sem er uþb 9 x 5. Dyr eru á vestari langhlið um 8 m sunnan við norðurgafl. GÓ sýnist tóftin lík víkingaaldarskála með bogadregnum veggjum og breiðust um miðið en mjókkar út til endanna þar sem hún er 8 m breið. Um 11 x 5 m og 0,8 m djúp lægð er ofan í tóftina, trúlega frá seinni tímum. Talsvert ofar í brekkunni er tóft (3) og er um að ræða 15 m langt langhús og er það 8 m breitt um miðjuna. Það er mjórra um endana. Dyrnar eru á syðra langvegg, um 6 m frá vesturgafli. Skilveggur með dyraopi skiptir tóftinni í tvennt í austurendanum. Prufuskurður var tekin í miðja tóftina og komu viðarkolaleifar í ljós á 0,5 m dýpi. Merki um eldri byggingar koma undan göflum þessarar byggingar. Upp að þessari byggingu liggur 70-80 m langur upphlaðinn stígur eða traðir með 0,6 m breiðum og 0,2 m háum veggjum langseftir. Um 25 m neðan við tóft (3) er um 15 x 6 m ferköntuð lægð sem Guðmundur telur merki um ræktun. Í brekkunni milli (2) og (3) er uppspretta og seytlar lækur frá henni en hverfur á móts við tóftir (2) og (9). Túngarðurinn sem umlykur allt svæðið er úr torfi og grjóti, allt að 3 m þykkur og 0,4-0,5 m hár. Á tveimur stöðum eru 30-35 m bil í garðinn þar sem hann hefur blásið. Við norðvesturenda túnsins er tvískipt hólf umgirt utanvið hann en merkin þarum eru ógreinileg. (6) og (7) eru litlar tóftir sambyggðar við túngarðinn. Að auki eru 3 minni tóftir (9), (10) og (11) sem GÓ telur vera eftir útihús, neðst og vestast á rústasvæðinu. GÓ telur að um leifar býlis frá miðöldum sé að ræða. - GÓB, 89-92.

Tóftirnar eru nær horfnar í kjarr- og mosagróður og því illgreinilegar. Þó eru tvær yngri rústir í miðjum hvamminum og sjást þær vel. Þær eru báðar um 3x2 m að utanmáli og snúa í austur - vestur. Þær eru niðurgrafnar um 1 m og eru veggir mestmegnis úr grjóti. Þarna munu hafa verið reistir tveir kofar um aldamótin 1900, og bændur dvalið í þeim er þeir nýttu haustbeit á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árb 1893, 76; GÓB, 89-92

BO-199b:006 *Prestatindur* örnefni 64°35.243N 20°39.929V

Öxl eða smáfell sem gengur út úr Geitlandsjökli og er fyrir vesturenda Þórisdals er kallað ýmist Prestatindur, Prestahn(j)úkur eða - hn(j)úkar.

Örnefnið Prestatindur í Þórisjökli er kennt við prestana Helga Grímsson og Björn Stefánsson sem fundu Þórisdal 1664. Þeir sömdu sjálfir skýrslur um ferð sína sem prenataðr eru í Hrakningum og heiðavegum - s. 16-18. 'komu þeir loks á móbergshrygg nokkurn, og tók þá að halla austur af. Mun það vera höfði sá, er síðan heitir Prestatindur. Gengu þeir eftir honum, þangað sem hann er hæstur, og skyggndust um. [og sáu þaðan Þórisdal]'- HB Sumar, 17.

Heimildir: HH, 16-18; HB, 17

BO-199b:007 heimild um námu 64°41.890N 20°37.165V

"Kvarnasteinanáma var upp undir Hafrafelli, og þangað sóttu menn efni í kvarnir sínar víða að á þeim tímum, sem korn var enn malað í heimahúsum." segir í örnefnalýsingu. -

"Kvarnarnáma var mikil í [Geitlandshrauni] fyrir eina tíð og miklar ferðir farnar að sækja þær víðs vegar að. ... Síðar voru kvarnir teknar við Hádegisfell."
Hafrafell móbrúnt fell austan við Geitlandshraun. Óvíst er hvar náman hefur verið nákvæmlega.
Heimildir: Ö-Geitland AG, 3; ÞÞ, 3

BO-199b:008 *Kvarnarvegur* heimild um leið 64°42.021N 20°43.741V
"Kvarnarnáma var mikil í [Geitlandshrauni] fyrir eina tíð og miklar ferðir farnar að sækja þær víðs vegar að. Þessar ferðir mynduðu slóða gegnum hraunið og Geitlandið sem nefndist Kvarnarvegur. Leiðin lá austur Sandana, yfir Kotlækinn, svo til norðausturs, yfir Svartá fyrir austan hávaða, en Svartá er víða ófær vegna kletta, svo upp með henni að austan og austur að Hafrafelli." segir nú í örnefnalýsingu. "Götur lágu austur yfir Sandana, yfir Kotlækinn, og þá yfir Jökulhlaupið nálægt Koti. Þaðan lágu þessar götur til norðausturs og norður yfir Svartá og síðan upp með henni, upp undir Hafrafell. Göturnar nefndust Kvarnarvegur." Ö-Geitland ÞÞ, 3. Vegurinn er nú horfinn að mestu en hann lá í austur frá Koti 005 yfir hraunið að Hafrafelli.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Geitland AG, 3

BO-199c Reykholt (selland í Kjarrárdal/Kjarradal/Kjarardal)

Reykholtskirkja átti selland á Kjarradal milli Skjaldmeyjargils og neðsta Rangárgils, frá Kjarrará upp á Örnólfsdalssand móti Kvíalandi. Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84
[berjalestur hefur eflaust fylgt afréttarnotum] en í sellandi Reykholts er gott berjaland - MS Afréttir, 4



BO-199c:001 *Norðtungusel* tóft sel 64°45.807N 21°13.474V
"Leifar af Reykholtsseli og Norðtunguseli eru í Reykholtsselslandi." segir í örnefnalýsingu. Norðtungusel er um 600 m austur af Skjaldmeyjargili, inn undir fjallshlíðinni norðan megin Kjarrár. Inn með Kjarrárdalnum skiptast á mýrar og hálfgrónar melbungur. Þar sem tóftirnar eru hallar landinu til suðurs að ánni. Aðeins ein tóft er greinileg og er hún um 12x4 m að stærð. Hún snýr í austur - vestur og er op á austurvegg. Hún er mjög sigin og hleðsluhæð vart meir en 0,3 m. Um 3 m vestan við tóftina er dálítil þúst, fagurgræn og um 5x4 m. Um 20 m vestan við þústina er greinilegur hóll. Hann er um 18x11 m en ekki mjög hár. Litur og lögun þúfna gefur til kynna að um mannvirkjaleifar geti verið að ræða en hvað þar hefur verið er ekki vitað. Grjót er nokkuð í hólnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hkort; MS Afréttir, 5



BO-199c:002 *Reykholtssel* heimild um sel 64°45.821N 21°10.897V
"Leifar af Reykholtsseli og Norðtunguseli eru í Reykholtsselslandi." segir í örnefnalýsingu. Reykholtssel er um 2 km austur af Norðtunguseli

001, í grónum slakka um 300 m norðan við Kjarrá. Landinu hallar á þessum stað talsvert til suðurs að ánni en tóftirnar eru á dálitlum stalli í brekkunni. Á móti þeim, sunnan árinnar, er áberandi melbunga en yfir hana liggur vegslóðinn um sunnanverðan dalinn. Svæðið allt er um 24x17 m. Tóftirnar eru mjög grónar og hlaupnar í púfur en þó eru þrjár aðskildar tóftir greinanlegar. Um 50 m neðar í brekkunni er hugsanlega stök tóft en sú er mjög ógreinileg. Hleðslur eru eingöngu úr torfi og hleðsluhæð mest um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: MS Afréttir, 5



BO-199c:003 gripir
1875: "Leifar af vopni, stutt blað og nokkurskonar hjöltu. ... [Jón Böðvarsson í Norðtungu] fann það í norðanverðum Kjarradal." Ekki er vitað hvar gripurinn fannst.
Þjms. 1030.
Heimildir: Skýrsla FÍ III, 72-73



BO-199c:004 tóft óþekkt 64°45.870N 21°12.956V
Um 400 m austur af Norðtunguseli 001 og ofar í hlíðinni eru tóftabrot. Landinu hallar nokkuð til suðurs að ánni sem á þessum stað rennur á malareyrum. Hlíðin ofan við tóftirnar er brött og hálfgróin. Tóftasvæðið allt er um 60x20 m, en tóftabrotin eru a.m.k. tvö. Það stærra er efst í brekkunni og er um 10x6 m að stærð. Það snýr í austur - vestur og er a.m.k. eitt op er vísar í suður. Það er greinilega tvískipt en hleðslur eru mjög signar og grónar. Rétt neðan við tóftarbrotið er sérkennileg ílöng þúst í brekkunni. Um 40 m neðar er svo hitt tóftarbrotið. Það snýr í norðvestur - suðaustur og er um 7x6 m að stærð. Það er greinilega tvískipt og eru op til norðurs og austurs. Hleðslur eru úr torfi og hleðsluhæð mest um 0,3 m. Á þessum stað mun heita Snoppuhvammur eftir hryssu sem þar fannst með folaldi eftir milkla leit. Jafnvel er talið að

hryssan hafi verið grafin í hvamminn.
Hættumat: engin hætta



BO-199d Reykholt (selland við Reyðarvatn)

Óljóst er um heimildir fyrir sellandi þessu og enn óljósara um takmörk þess. Í lögfestingu frá 1837 var kirkjunni einungis fest landið "austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa."1895 keypti Lundarreykjadalshreppur "land við Reyðarvatn" af Reykholtskirkju en þegar Andakílshreppur keypti Gullberastaðatungur 1898 voru þær taldar vera milli Lambár og Fossár. Þetta verður því haft fyrir satt hér þ.e. að Reykholt hafi átt selland sem náði fyrst og

fremst yfir Leirárdal en takmarkaðist af Drangshlíð að sunnan og línu rétt norðan við Fossá að norðan. "Landið vestan Langáss, og þá einkanlega Leirárdalir og Drangshlíð, er vel gróið, en mikið af því er viðkvæmt fyrir beit, því að jarðvegur er víða sandborinn."

BO-199d:001 *Reykholtssel* heimild um sel 64°29.687N 21°01.311V
"Undir Vestri-Fossárhöfða var Reykholtssel." segir í örnefnalýsingu. Tóftir ófundnar en hnit tekið undir Vestri-Fossárhöfða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Afréttur Lunddæla, 8

BO-199d:002 *Illugaþúfa* bæjarstæði býli 64°29.096N 21°02.602V
Austan við Fossá og örskammt frá Reyðarvatni "er lágur ávalur hólhryggur, er nefndur var Fuglaþúfa. Þar var reistur bær 1858 eða 1859. Ekki stóð sú byggð nema til 1860. 1863-1868 bjó þar svo Illugi Ásgrímsson, en búskapur hans endaði með heyleysi, og fluttist fjölskyldan suður í Skorradal." segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Vestur af [Eystri-Fosárhöfða] niður að Reyðarvatni, er flatlendi, og neðst í því stóð bær á hóli einum um nokkurra ára skeið, fyrir og eftir 1860. Var bær þessi nefndur ýmsum nöfnum, en líklega einna helzt Illugaþúfa, eftir bóndanum, sem lengst bjó þar." segir í örnefnalýsingu. "Þverfellsbónda þótti kominn vargur í veiðina í vatninu og nefndi býlið í gamni Vargþúfu. Fleiri nöfn voru notuð á býli þessu: Reyðarvatn, Illugabær, Illugakot og jafnvel Fossá." segir þar ennfremur. Tóftirnar eru á dálitlum hól fast við vatnsbakkann austanverðan, um 300 m norðan við Leirárhöfða. Norðaustan við bæjarstæðið rennur Fossá en umhverfis það er þýfður lyngmói. Svæðið allt er um 70x40 m og eru á því þrjár tóftir. Syðst á hólnum eru tvær tóftir og hefur sú eystri líklega verið bærinn. Sú er um 11x7 m að stærð og skiptist í fjögur hólf. Hún snýr í norður - suður og eru op á suður-, austur- og vesturhlið. Um 5 m vestan við hana er önnur tóft. Sú er um 7x6 m og tvískipt. Hún snýr í austur - vestur og eru op á báðum hólfum til suðurs. Um 20 m norðan við tóftirnar tvær er fjárhústóft. Hún er um 11x8 m og snýr í norður - suður. Hún er tveggja hólfa og er innangengt á milli hólfanna. Í syðra hólfinu er grjóthlaðinn garði í miðju og op til suðurs. Torf og grjót er í öllum hleðslum og er hleðsluhæð mest um 1 m. Sunnan við tóftirnar syðst á hólnum er um 11 m langt grjóthlaðið garðbrot, klofið á einum stað. Sunnan við það, neðan við hólinn, er annað garðbrot. Það er hlaðið úr torfi og grjóti og umlykur hólinn suðaustanverðan.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: BB II, 250; Ö-Afréttur Lunddæla, 7

BO-199e Reykholt (Þóreyjartungur)

"Þóreyjartungur eru á milli Syðri-Sandfellskvíslar og Flókadalsár, og upp að Háamel og Oki. Syðri-Þóreyjartunga er á milli Syðri- og Nyrðri-Sandfellskvísla. Hana hafði Þórður á Hæli (d. 1920) alltaf kallað Þrætutungu, og sagði þá sögu til nafnsins, að Lundarprestur og Reykholtsprestur hefðu hvor um sig viljað eigna sinni kirkju tunguna, og hafði Reykholtsprestur betur. Þóreyjartungur voru, nú í seinni tíð, taldar báðar eign Reykholtskirkju, og af henni keypti Lundarreykjdalshreppur þær um 1890. Sumir Flókdælir nefna syðri tunguna enn Þrætutungu, en nyrðritunguna Þóreyjartungu. Í DI eru nefndar Þóreyjartungur." - Ö-Afréttur Lunddæla, 17 Skv. merkjabréfi frá 1392 voru Þóreyjartungur taldar tilheyra Hrísum - IOD, 105 sbr. DI III, 483 en helmingur þeirrar jarðar var eign Reykholtskirkju og virðast Þóreyjartungur þannig hafa komist undir Reykholt.

BO-199e:001 *Teitssel* heimild um sel
"Þóreyjarhóll er melhóll, fast við Flókadalsá ... SA við hólinn var Teitssel. sagt er, að það hafi byggt Teitur frá Hæli, Símonarson, er hann bjó á Litla-Kroppi, en þaðan fluttist hann að Hvanneyri 1834. Teitsselslækur kemur ofan úr Þóreyjarflóa og fellur austan Þóreyjarhóls og vestast um Teitsselsflóa og í Sandfellskvísl."
Heimildir: Ö-Afréttur Lunddæla, 19

BO-200 Breiðabólstaður

20 hdr. 1708. Landnámsjörð. Getið í Harðar sögu og í Hænsa-Þóris sögu, en samkvæmt henni og Landnámu voru tvennir Breiðabólstaðir. Reykholtskirkjujörð frá því um 1200, seld 1909. Tvö býli um skeið (a.m.k. 1358 og 1397), en Litli eða Forni Breiðabólstaður var löngu farinn í eyði 1708. Sjá 007 og 013. Allmörg íbúðarhús, bifreiðaverkstæði, verslun ofl hafa risið í landi jarðarinnar sunnan þjóðvegar, fast við Reykholtsmerki.
1917: 63.187 m2 = 20 dagsl. 1/12 þýft. Garðar 658 m2. "Landið efra er mýrar-, móa- og melaland, smátjörn, Breiðavatn, er á merkjum Breiðabólsstaðar og Úlfsstaða. Undirlendið er með svipuðu gróðurfari, en neðan við þjóðveg valllendi nokkurt og áreyrar. ... tekjur af Laxveiði í Reykjadalsá."

BO-200:001 *Breiðabólstaður* bæjarhóll bústaður 64°40.247N 21°16.861V
Bærinn stendur enn að hluta. Gert hefur verið við hann og er hann nú notaður sem sumarhús. Yngra íbúðarhús úr steini stendur um 150 m vestar. Samkvæmt túnakorti hefur bærinn náð lengra í austur 1917.

Bærinn stendur á brekkubrún allhátt í hlíðinni. Vestan og sunnan við er garður en að austan hefur verið grafin stór gryfja frá húsinu og hefur stærsti hluti hólsins skemmst af því. Engin eiginleg hólmyndun sést þó að húsið sé byggt á svolitlum palli í brekkubrún. Það stendur á hálfniðurgröfnum kjallara og er þessi bæjarhóll því að mestu leyti skemmdur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-200:002 heimild um útihús 64°40.241N 21°16.860V
4 m sunnan við bæinn var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar er nú sólpallur og garður neðan við húsið.
Grasflöt. Engin merki sjást um húsið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


BREIÐABÓLSTAÐUR
014 Torfholt
013 Gerði
016 tún
006 útihús
005 útihús
004 útihús
001 bæjarhóll
002 útihús
003 útihús
007 Stekkjarhóll
012 Stekkur
Stekkjarbarð
011 "Forni Breiðabólstaður"
Landamerki
008 rétt
Réttareyri
Landamerki
Stóraeyri
010 Breiðavað
009 Selvað
Reykholtsdalsá

BO-200:003 heimild um útihús 64°40.241N 21°16.879V
Um 6 m vestan við 002 var annað útihús samkvæmt túnakorti. Þar er nú garður umhverfis sumarhús og sjást engar minjar um húsið.
Heimreið og grasflöt vestan við bæinn. Húsið hefur staðið um 1,5 m neðar í brekkunni en bærinn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-200:004 heimild um útihús 64°40.267N 21°16.868V
Um 60 m norður af bænum var útihús á smáhæð, þar sem nú er malarhlað vestan við timburklædd útihús.
Raskað svæði í kringum útihús - í túnjaðri. Engin merki sjást um útihúsin gömlu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-200:005 heimild um útihús 64°40.270N 21°16.801V
Útihús var í túninu um 60 m austur af 004 og um 60 m norðaustur af bænum. Þar eru nú steypt fjárhús og hafa eldri húsin verið undir suðvesturhorni þeirra.
Hólbrún í túni ofan við bæ. Á henni standa nú fjárhús, að hluta steypt og að hluta úr járni. Sléttað malarhlað er framan við.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-200:006 heimild um útihús 64°40.288N 21°16.786V
Samkvæmt túnakorti voru útihús um 10 m norður af 005, þar sem nú er norðausturhorn á steyptri hlöðu aftan við fjárhús.
Hólbrún í túni ofan við bæ. Á henni standa nú fjárhús, að hluta steypt og að hluta úr járni. Raskað svæði er allt í kring. Ekkert sést nú til þessara húsa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-200:007 *Stekkjarhóll* bæjarhóll bústaður 64°40.226N21°16.670V
"Austast í [túninu] , næst Stekk og Stekkjarlæk, er Stekkjarhóll, gamalt bæjarstæði með miklum öskuleifum." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóll er um 100 m ASA við bæinn í austurjaðri túnsins. Hóllinn er mjög áberandi og sést vel langt að. Hann er 26-27 x 24 m að stærð og rís um 1,5-2 m yfir túnið í kring, en við suðurhlið hólsins er dæld í túnið og er þar allt að 4 m frá rótum hólsins upp á topp. Í hólinn eru tvær dældir, en jafnað hefur verið ofaná honum þannig að ekki sjást byggingaleifar.
Í túnjaðri. Austan við eru móar.
Hóllinn er heldur lengri frá austri til vesturs. Hann er hæstur syðst og þar er hraukur en annars er hann flatur að ofan. Mjög hár og brattur að sunnan. Sambærilegur hraukur er á bæjarhól Kálfaness í landi Bæjar í Bæjarsveit og eru þeir sennilega báðir öskuhaugar. Á Herforingjaráðskorti er hóll þessi merktur sem Litli-Breiðabólstaður enda er hann sýnu sennilegri bæjarhóll en rústirnar sem friðlýstar eru undir því nafni – Guðmundur Ólafsson er á sömu skoðun.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 2; GÓB, 76-77



BO-200:008 *Réttareyri* tóft rétt 63°39.778N 21°15.819V

" ... eyrin hér við ána heitir Réttareyri; trúlega hefur Rauðsgilsrétt, sem nú er, verið hér áður fyrr. Réttarleifarnar eru í móahorni nokkuð frá ánni. Þetta hefur verið torfrétt, og sér enn vel fyrir dilkum og almenningi. Um Réttareyrina eru merkin á móti Úlfsstöðum." segir í örnefnalýsingu.

Réttartóftin er uppi á næsta móabarði ofan við eyrina meðfram ánni, um 20 m vestan við skurð sem er á merkjum við Úlfsstaði, um 200 m frá Reykholtsdalsá.
Neðst í flötum, smáþýfðum grasmóa, en neðan við eru grónar áreyrar með vatnslænum næst en malareyrar næst ánni.
Mjög stór fjárrétt byggð úr torfi. Almenningurinn er aflangur eftir miðju frá austri til vesturs og dilkar eru að sunnan, austan og norðan. Dilkarnir eru alls 18 í réttinni sjálfri en auk þess eru tvö hólf sem virðast vera fráskilin á norðvesturhorni. Dilkarnir eru misstórir og sennilega ekki allir hlaðnir í einu. Réttin er greinilega ekki byggð eftir ákveðnu skipulagi frá grunni. Einkum eru dilkarnir sunnanmegin misdjúpir. Dyraop sjást nær hvergi en almenningurinn opnast til vesturs. Götupaldrar sjást á eyrinni, enaðn og sunnan við réttina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 1

BO-200:009 *Selvað* heimild um vað 64°39.498N 21°16.200V
"Austast af Stórueyrinni er Selvað og svo Breiðavað ..." á Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu. Selvað er af suðausturodda Stóreyrar til austurs yfir í Vilmundarstaðaland.
Malareyri við ána vestanemgin. Áin er um 15 breið á þessum stað. Gatan er mjög greinileg á eyrinni vestan við vaðið. Hún liggur örlítið norðanr en beint í vestur frá því.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 2

BO-200:010 *Breiðavað* heimild um vað 64°39.553N 21°16.213V
"Austast af Stórueyrinni er Selvað og svo Breiðavað upp á Stutthalann frá Vilmundarstöðum." á Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu. Breiðavað er skammt norðan við Selvað 009, svo að segja í beinni línu milli Vilmundarstaða og Reykholts.
Áin er um 40 m breið á þessum stað, grunn og lygn.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 2

BO-200:011 *Forni Breiðabólstaður* 2 tóftir býli 64°40.001N 21°17.066V



"Út á merkjum eða við merkin er smámói neðanvert við túnið, sem heitir Eyvindarmói, er rétt hjá því sem Matthías Þórðarson vill telja Litlu Breiðabólstaði." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar sjást sem þúfnakragi um 380 m norðan við þjóðveg og um 20 m vestan við heimreiðina að Breiðabólstað. Landamerkjagirðingin liggur upp að tóftunum austanverðum eða neðan en sveigir svo framhjá þeim til vesturs og breytir þaðan lítillega um stefnu upp í hlíðina.
Áður móar. Nú eru sléttuð tún upp að tóftunum að austan, sunnan og vestan. Að norðan eru móar. Lækur rennur um 15 m norðvestanvið tóftirnar.

1708: "Forne Breiðabólstadur. Eyðiból gamalt í heimalandi Reykholtsstaðar, kallað öðru nafni Litlu Breiðabólstader, hefur aldrei bygt verið í nokkur 100 ár; má og ekki byggja, því það vildi gjöra staðnum óbærilega landkreppu." JÁM IV, 230.
Kristian Kaalund lýsir tóftum Forna Breiðabólstaðar **1877**: "Neden for halsen i udkanten af det flade land ses imellem Bredebolstad og Reykholt tomterne af Lille eller Gamle Bredebolstad. Denne ödegård ligger i Reykholts land og så nær, at de to gårde ikke vel vilde kunne bestå side om side; det er derfor rimeligt at antage, at Lille Bredebolstad straks, da Reykholt opbyggedes og gjordes til hovedgården, er sunken ned til en hjåleje." Kaalund, 320.
Sigurður Vigfússon kom á staðinn **1884**: "Beint niður undan Breiðabólstað, vel 200 faðma, eru fornar rústir heldr nær Reykjaholti, ef nokkuð er, enn dálitið út úr beinni línu milli bæjanna ; eru rústirnar jafnhátt í hlíðinni, og túngarðrinn fyrir ofan og norðan tún í Reykjaholti. Þannig verða þær í norð-austr frá Reykjaholtsbæ. Þessar rústir eru nú kallaðar Litli Breiðbólstaðr. Þær eru í hálfþurrum mó, í mýraflatneskjunni ; upp af mónum er sléttr melr er getr verið upplásið tún. Rústirnar standa rétt við lækinn, sem kemr niðr vestanvert við Breiðabólstaðartún og er bæjarlækr þar; þær eru ekki svo skýrar á parti, enn að minnsta kosti so skýrar, að ekki verðr á því vilzt, að hér eru gömul mannaverk. Tvær sýnast vera aðal-tóttir ; eystri tóttin snýr lítið eitt vestar enn að vera beint frá suðri til norðrs, það er að segja, alveg upp og niðr hallann, sem hér er annars lítill. Hún lítr svo út, að það er ekki annað enn þráðbein skora eða lægð, þ.e. að tóttin er svo mjög samanfallin, ...enginn er hér þverveggr yfir og við báða enda stórfellt þýfi. Fyrir vestan þessa tótt, fast við hana að kalla, er önnur tótt skýrari og greinilegri, og alveg samhliða hinni. Lengd eystri tóttarinnar er 44 fet [14,5 m], breidd 12-14 fet [4-4,6 m] ; vestri tóttin virðist nú vera lítið eitt lengri. Hún er 48 fet [15,8 m], breidd 16-17 fet [5,1-5,4 m]. Hún er í þremur hólfum að kalla jafnstórum." Árb 1884-85, 114.
1989: "Ruinerna är idag mycket tydliga ... Det som nu ses på ytan förefaller vara lämningar av stora stall. De ligger i tunet och marken runt dem har utjämnats. En elkabel tycks ha grävts ned genom delar av ruinerna." GÓB, 76.

Svæðið er 26x16 m að stærð, lengra frá norðri til suðurs og snúa tóftirnar upp í hlíðina. Þær eru því í svolitlum halla, og þó hann sé ekki mikill styður það túlkun Guðmundar Ólafssonar að þessar tóftir séu útihús, sennilega fjós. Í aðalatriðum eru 2 tóftir á þessums stað. Þær eru hlið við hlið og er sú vestari þrískipt en sú eystri gæti verið einföld en er þó ámóta löng og hin, eða um 18 m að utanmáli. Þær eru líka báðar jafnbreiðar eða um 6 m að utanmáli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM IV, 230; Kaalund, 320; Árb 1884-85, 113-114; GÓB, 76



BO-200:012 *Stekkur* garðlag
64°40.225N 21°16.276V
"Upp með túninu að austanverðu er Stekkur, og upp af honum er Stekkjarlág. Vestan við Stekkinn er Stekkjarlækur, en austan við hann er Stekkjarbarð." segir í örnefnalýsingu.

Stekkjarhóll - 007 - er hinsvegar innan túns. Stekkur er um 300 m austan við túnið og Stekkjarhól, á austurbakka Stekkjarlækjar og er því villandi að segja að hann sé upp með túninu því hann er alllangt frá því. Stekkur er ívið sunnar en í sömu hæð í hlíðinni og bærinn. Stekkurinn er beint upp af sveigjunni á Reykjadalsá fyrir Stóreyri.
Í þýfðum grasmóa, blautum á köflum. á lækjarbakka.
Á stekknum er nú grjóthlaðinn veggur sem myndar horn, norður og austurhliðar á ferhyrndu svæði. Slétt og snögggróið er innan þessa hálf-afgirta svæðis og er þar mun grænna en umhverfis. Á þessum stað hefur verið rétt, sennilega eftir að hætt var að færa frá, og hafa suður og vesturhliðar sennilega verið úr trégrindum eða vír. Veggir eru 1,5-2 m þykkir,

hlaðnir úr torfi og grjóti og hefur efnið verið tekið fast norðan og austan við.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 2

BO-200:013 *Gerði* örnefni 64°40.296N 21°16.921V
"Efst uppi í túni hér Gerði ..." segir í örnefnalýsingu. Af þessari lýsingu að dæma er Gerði sá hluti túnsins sem er norðan við mýrarlægð sem liggur ofan við bæjarhúsin (001-003) og niður brekkuna norðvestan við yngra íbúðarhúsið. Þessi túnhluti er aflangur, um 100 m frá VSV til ANA og um 20 m breiður. Einnig er mögulegt að gerðið sé um 1 ha stórt grasmóastykki fast norðan við túngarðinn 016, norður af bilinu milli eldra og yngra íbúðarhúss.
Áður tún, nú þýfður grasmói. Ekki sést til neinna mannvirkja á þessum slóðum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 2

BO-200:014 *Torfholt* örnefni rista 64°40.373N 21°16.649V
"Fyrir ofan túnið er holt, sem heitir Torfholt, ..." segir í örnefnalýsingu. Torfholt er valllendisbunga um 400 m NNA af bænum. Efsta túngirðing nær upp undir holtið að sunnan. Holtið er ekki áberandi séð frá bæ en er fyrsti þurri bletturinn þegar komiðer ofan að. Ofan við tún. Ofan við holtið er samfelld mýri í aflíðandi halla upp að flóunum sunnan við Breiðabólstaðarvatn. Holtið sjálft er um 1 ha, smáþýft.
Torfið hefur verið rist í mýrinni ofan og norðan við holtið, og þurrkað á því.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 3

BO-200:015 *Grafarbörð* örnefni mógrafir 64°40.683N 21°16.208V
"Vestur af [Breiðavatni] er melur, sem heitir Kirkjumelur, og suðaustur frá honum eru Grafarbörð. Þau ná heim undir tún." segir í örnefnalýsingu. Grafarbörð eru móabörð suðasutan undir Kirkjumel, vestan við flóann sem liggur til SSV frá Breiðabólstaðarvatni. Þetta nafn nær yfir svæði sem er um 2,5 km langt.
Þýfðar grasmóabrekkur, víða blautar, milli mels að ofan og mýrar að neðan.
Vera má að nafnið sé dregið af því að börðin eru víða sundurgrafin af vatnsrásum, fremur en að mógrafir hafi verið þar. Þær hafa þá helst verið í börðunum við flóann suður af Breiðabólstaðarvatni enhvergi sér þó til grafa á þessum slóðum.
Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 3

BO-200:016 garðlag túngarður 64°40.296N 21°16.921V
Túngarður hlaðinn úr torfi sést fyrir norðurhlið túnsins, en milli hans og aðalhluta túnsins er mýrarlægð. Garðurinn sést ekki sunnan við hana.
Í móa. Alls sjást nú um 130 m af garðinum. Hann er um 1 m hár og 1,5-2 m breiður, víða sprunginn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-200:017 vegur leið 64°40.373N 21°16.649V
Meðfram Torfholti að norðan liggur uppbyggður vegur sem nú er að mestu hlaupinn í þúfur. Hann liggur frá suðvestri til norðausturs og byrjar skammt norðan við Breiðabólstað og liggur þaðan í beina línu upp á heiðina.
Vegurinn liggur í mýri. Rásir eru beggja vegna við hann þar sem efni hefur verið tekið en í honum er líka grjót. Vegurinn er um 3 m breiður og um 1 m hár. Götupaldrar hafa myndast á veginum sem sennilega er byggður sem kerruvegur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-201 Steindórsstaðir

24 hdr. 1708. Getið í Sturlungu og Reykholtsmáldaga, en Reykholtskirkja átti torfskurð í Steinþórsstaðalandi, en svo er nafn jarðarinnar skrifað á miðöldum. Bændaeign. Daltún nýskeð í eyði 1708 en Þórisgerði /-hóll var þá einnig talið fornt eyðibýli, og um Móakot er getið í örn.lýs. Steindórsstaðir eiga nú hálft fjallland Búrfells. 1917: 74.218 m2 = 23 dagsl. "Hefur allt verið sljettað, en er nú að byrja að þýfast aftur." Garðar 838 m2. "Undirlendi jarðarinnar er fremur takmarkað, skiptist þar á mýr-, mó- og valllendi með melabungum og áreyrum. Fjalllendið er víðáttumikið. Að baki bæjarins er Steindórsstaðaöxl. Aðalhluti landsins er þar suður og suðaustur af, blautir flóar, jökulruðningsbungur, melar, tjarnir, móar og valllendisteygingar, nær land upp í Oköxl, en er að mestu með tiltölulega jöfnum halla. ... Lítilsháttar laxveiðitekjur eru af Reykjadalsá." BB II; 344 Tún voru að mestu leyti sléttuð á árabilinu 1950-60.




Steindórsstaðir - minjakort
201-015
201-019
201-016
201-020
Reykjadalsá
201-021
201-018
201-014
201-010
201-001
201-013
Rauðsgil
201-017
201-025
201-022
201-011
Rauðsgil
Torgil
N
200 m
Fellalækur
Þverlækur
Steindórsstaðaöxl
Rauðsgil
Sandvatn
Huldutjörn
Fjalllendi Steindórsstaða
Ok
Flókadalsá



BO-201:001 *Steindórstaðir* bæjarhóll bústaður 64°39.367N 21°14.806V
Bæjarhóllinn á Steindórsstöðum er mjög greinilegur í túninu tæpa 100 m ofan við þjóðveginn. Vestast á hólnum stendur nú eldra íbúðarhúsið á bænum, byggt 1936, ásamt skemmu og fjósi. Allt í kringum bæjarhólinn eru sléttuð tún og norðan við túnið neðan hólsins er þjóðvegurinn sem liggur austur - vestur. Suðaustast á hólnum, við hlið núverandi íbúðarhúss, eru nokkur gömul birkitré, en um 50 m suðaustan við þau er yngra íbúðarhúsið.
Samkvæmt ljósmynd frá fyrsta tug 20. aldar voru á gamla bænum fimm burstir, íbúð, skemma, fjós og hlaða og snéri í norður. Húsin voru hlaðin úr torfi og grjóti með timburgöflum að norðan. Austast var aðalíbúðarhúsið með stofu undir en baðstofu yfir. Þá kom skemma en vestast hlaða og fjós. Þessi bær brann 1936 og var þá eldra íbúðarhúsið reist vestast á bæjarhólnum. Það er steinsteypt, tvær hæðir ásamt kjallara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-201:002 heimild um hlöðu 64°39.369N 21°14.783V
Fast austan bæjarins 001, og áföst honum á bæjarhólnum, var hlaða. Hún hefur verið þar sem nú er sund á milli núverandi íbúðarhúss og skemmu. Þar er nú sléttað malarplan. Hlaðan var stór, ein burst með smærri afhýsum austan og vestan við og var eystra afhýsið fjós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-201:003 heimild um fjós 64°39.375N 21°14.788V
Fjósið var austast á bæjarhólnum, fast austan við hlöðuna 002. Á þessum stað stendur nú skemma og sléttað malarplan norðan við hana. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-201:004 heimild um rétt 64°39.292N 21°14.478V
Suðaustan við núverrandi fjárhús var rétt, um 300 m suðaustur af bæjarhól 001.



Nú er á þessum stað sléttað tún fast norðvestur að bæjarhól, en rétt sunnan og austan við tekur við þýfður móa, með rofblettum. Ekki sést til réttarinnar sem var grjóthlaðin með torfi yfir. Hún var byggð utaní túngarðinn 027 og er lítill hluti hans, um 8 m bútur, þar enn. Hann er torf- og grjóthlaðinn, 0,5 m á hæð, og liggur í austur - vestur. Nú er á garðbútnum vírgirðing og er hann rofinn í miðju um 3 m þar sem hlið er á girðingunni. Vestan við garðbútinn, meðfram girðingunni, eru nokkrir stórir steimar sem gætu verið úr réttinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-201:005 *Lambhúsmýri* heimild um fjárhús 64°39.338N 21°14.567V
"... stykkið fyrir austan Miðvöll var áður mýri, nefnd Lambhúsmýri, en er nú tún og er alltaf nefnd Lambhústún, nær austur að Lambhúslæk og Langamel." segir í örnefnalýsingu. "Lambhústúnið er fyrir austan Miðvöllinn og kringum fjárhúsin." segir í athugasemdum og viðbótum við lýsinguna. Á sama stað og fjárhús stóðu áður fyrr standa núverandi fjárhús, um 200 m suðaustur af bæjarhól 001. Allt í kring er sléttað tún en steyptir pallar eru næst húsunum að norðvestanverðu. Dálítil hæð er í túninu þar sem fjárhúsin standa, en engar tóftir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Steindórsstaðir, 8; Ö-Steindórsstaðir AV, 4

BO-201:006 heimild um brunn 64°39.366N 21°14.657V
Um 50 m í austur frá veginum að fjárhúsum og um 120 m í suðvestur frá bæjarhól 001, er greinileg dæld í túnið, um 1 m í þvermál. Þar var brunnur. Um 60 m sunnan við dældina eru fjárhús, en sléttað tún allt í kring. Brunnurinn var notaður fyrir bæði menn og skepnur. Hann var grjóthlaðinn og yfirbyggður, með spili og sveif. Vatnsleiðsla kom á Steindórsstaði milli 1920-30 og var þá fyllt upp í brunninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-201:007 *Okvegur* heimild um leið 64°35.492N 21°02.343V
"Vestanverðu við Ok eru hryggir, sem nefndir eru Okhryggir. Norðarlega á þeim, austan við veginn, sem hér liggur og nefndur er Okvegur, liggur hann af Kaldadalsvegi og vestan Oks, skiptist svo úr honum grein niður með Rauðsgili, annars liggur hann niður hjá Giljum í Hálsasveit." segir í örnefnalýsingu. Okvegur liggur upp (suður) frá Giljum í Hálsasveit, vestan gilsins ofan bæjarins. Hann liggur í nokkuð beina stefnu suðaustur í átt að Þingvelli, um 500 m vestan við rætur Oks. Skammt sunnan við Smjörtjörn, sem er vestan við Ok norðanvert, liggur grein í vestur af Okvegi í átt að Tjaldhóli 008. Hlíðin ofan við Giljar er hálfgróin og grýtt og hlykkjast vegurinn þar upp mesta brattann. Þegar komið er upp á fjalllendið vestan Oks skiptast á ógrónir melar og mosaþembur. Vestan vegarins eru víða melbungur eða hólar en mýrar inn á milli þeirra. Vegurinn er víða óskýr í hlíðinni, en þegar komið er upp á melana er hann mjög greinilegur svo langt sem augað eygir. Stærsta grjótinu hefur verið ýtt úr honum og myndar slitróttan kant meðfram honum sitt hvoru megin. Við veginn standa vörður með reglulegu millibili, bæði nýlegar og gamlar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 1

BO-201:008 *Tjaldhóll* örnefni 64°36.095N 21°07.147V
"Suðvestan við [Tjaldhólskvísl] er melhóll, sem heitir Tjaldhóll." segir í örnefnalýsingu. Af

Okvegi, skammt sunnan við Smjörtjörn, liggur grein af veginum að Tjaldhóli. Þar er steinn við veginn og hefur verið málað á hann "Tjaldhóll". Hóllinn er hátt í 1 km vestur af Okvegi 007. Tjaldhólskvísl rennur til norðurs fast suðaustan við hólinn, í allblautum flóa.
Hóllinn er frekar lítill um sig en vestan við hann er annar lægri. Vestan í Tjaldhól er gróinn bali í skjóli fyrir flestum veðrum, og hefur verið tjaldað þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 2

BO-201:009 *Varða* varða
"Neðan til á Tjaldhólsmel, (sem er um 200 m NV af Tjaldhól - 008) er stór steinn. Á hann hefir verið hlaðið mörgum smásteinum, er það nefnt Varða." segir í örnefnalýsingu. Umhverfis melinn eru blautir flóar illir yfirferðar. Ekki sést til vörðunnar.
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 2



BO-201:010 tóft óþekkt 64°39.250N 21°13.288V
Við Rauðsgilsána á landamerkjum móti Rauðsgili, neðan undir háum melhól um 100 m frá vegi, er tóft. Malareyrar eru næst ánni en annars er hálfgróið sléttlendi alveg norður að þjóðvegi. Tóftin er um 11x10 m að stærð og líkist helst rétt eða gerði. Hún er grjóthlaðin með eitt op er vísar í norður. Hleðsluhæð er mest um 0,2 m, en svo virðist sem grjót hafi verið hirt úr tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 4

BO-201:011 *Torfgil* örnefni rista 64°39.195N 21°14.077V
"Úr Tjarnarstæðinu ... kemur gil, sem heitir Torfgil. Það rennur svo sunnan við Tófuklettinn niður hallana og í Rauðsgil neðanhallt við Rauðsgilsbæinn. Meðfram Torfgili uppi er svo Torfgilssneið, en þar suðvestur af heita Sund, sem ná út að merkjum." segir í örnefnalýsingu. "Torfgilið rennur norðan við Tófuklettinn, ekki að sunnan." segir í athugasemdum og viðbótum við hana. Gilið er í hálsinum ofan við bæinn vestan við Rauðsgil sem er mest áberandi. Það liggur fyrst í austur en sveigir svo til norðurs áður en það rennur saman við Rauðsgil.
Örnefnið Torfgil er talið vera misskilningur en gilið er kallað "Torgil" því þar er torfarið á vetrum. Hinsvegar var ágæt rista á stóru svæði neðan og vestan við gilið. Þar er mikill gróinn mói, allblautur og þýfður. Neðan við móann, í norðnorðaustur eru sléttuð tún en bærinn er um 600 m í vestnorðvestur. Engin merki eru um ristu en víða á svæðinu hafa torfur verið ristar og þeim velt til vegna gróðursetningar á trjáhríslum.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 4; Ö-Steindórsstaðir AV, 2

BO-201:012 *Kvíahæðir* örnefni kvíar 64°39.296N 21°14.695V
"Beint upp af bænum eru hæðir upp undir skriðurnar. Þær heita Neðri-Kvíahæðir og Efri-Kvíahæðir. Þetta er mikið graslendi og nokkuð af mosaþembum." segir í örnefnalýsingu. "Þar sem skógræktarreituinn er nú, heitir Kvíahæð, og fyrir ofan reitinn er önnur hæð, sem nefnd er Efri-Kvíahæð. Milli þeirra er lægð." segir í athugasemdum og viðbótum við hana. Neðri-Kvíahæð er þar sem nú er myndarlegur trjáreitur í túninu, skammt sunnan við bæjarhólinn 001. Þar voru torfhlaðnar kvíar. Trjáreiturinn markast af gamla túngarðinum að norðan, en norðan hans er sléttað tún heim að bæ. Í túninu mótar vel fyrir gömlu tröðunum 023 sem liggja að hliði á túngarðinum inn í reitinn.
Kvíarnar voru um 15 m innan og austan við hliðið. Þeim var rutt út þegar byrjað var að

gróðursetja í reitinn 1944 og eru engin ummerki um þær sýnileg.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 6; Ö-Steindórsstaðir AV, 3

BO-201:013 *Þórisgerði* heimild um býli 64°39.172N 21°13.324V
"Þórersgerde, öðru nafni Þórershooll, heitir í Steinþórsstaðalandi; ætla nokkrir þar hafi að fornu bygð verið. Engin vita menn rök til þess nema nafnið og girðingaleifar. Túnstæði alt er í mosamó fallið, og má hjer ei aftur byggja nema til rýrðar og skaða Steindórsstöðum." segir í Jarðabók Árna og Páls. "Vestan við Torfgilið 011 móti Rauðsgilsbæ er hár, áberandi hóll, grasi vaxinn. Hann heitir Þórishóll, mun upphaflega hafa heitið Steinþórishóll, eftir þeim, sem hér bjó. Þar voru hagahús. Einnig mun hafa verið búið hér löngu fyrir 1708, því að þá er túnstæðið allt komið í mosa." segir í örnefnalýsingu. "Þórishóll er fram við Rauðsgil, útsunnan til við Rauðsgilsrétt. Þar voru fjárhús frá Steindórstöðum fram yfir 1930." segir í Byggðum Borgarfjarðar.
Tóftirnar eru vestan undir melhól á gilbarminum, um 700 m austur af bæjarhól 001, og um 150 m suður af þjóðvegi. Landið er gróið neðan við hólinn og hallar til suðvesturs. Vestan við tóftirnar mótar fyrir gamla veginum að húsunum frá þjóðvegi. Tóftasvæðið allt er um 60x16 m að stærð, en tóftirnar eru þrjár. Sú syðsta er um 16x11 m að stærð og snýr í austur - vestur. Hún skiptist í þrjú hólf með tvö op til vesturs. Í norðvesturhólfi, sem er stærst, er garði úr torfi og grjóti í miðju. Fast norðan við tóftina er önnur tóft, um 13x12 m að stærð. Sú er fimmskipt, með fjögur op til norðurs. Nyrst er svo gerði, um 16 m norðan við síðastnefndu tóftina. Gerðið er um 10x17 m að stærð, en slitrótt víða. Á því eru líklega tvö op og vísa bæði í vestur. Torf og grjót er í hleðslum allra tóftanna, en hleðslur eru grónar og signar. "Þórishóll var alltaf nefndur Húsahóll, og er það væntanlega enn." Ö-Steindórsstaðir AV, 3.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 229 Ö-Steindórsstaðir, 6; BB II, 353

BO-201:014 tóft óþekkt
"Austur af bænum kemur svo lækur, sem heitir Lambhúslækur,



ofan úr dýjunum. Austan við hann er svo Þórðargerði, austur af fjárhúsunum, sem nú eru." segir í örnefnalýsingu. Fast austan við Lambhúslæk, á móahæðinni, um 200 m austur af fjárhúsum og um 400 m austur af bæjarhól 001, mótar fyrir tóft. Móinn er talsvert rofinn meðfram læknum, en annars gróinn og þýfður. Tóftin snýr í austsuðaustur - vestnorðvestur og virðist op hafa verið á vestnorðvesturhliðinni. Hún er mestmegnis torfhlaðin en grjót er þó sjáanlegt. Tóftin er mjög gróin og hlaupin í þúfur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 6

BO-201:015 *Móavað* heimild um vað 64°39.794N 21°14.745V
"Vað á [Reykjadalsá] nokkuð neðar [en Bergþórsmói] en beint undan bænum er Móavað. Það er rétt ofan við það sem brúin er, og þar á bakkanum, þar sem syðri stöpullinn er hefir verið Móakot." segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 80 m austan við brúarstæðið. Áin er fremur grunn á þessum slóðum og eru grýttir bakkar beggja vegna hennar. Sunnan við ána er sléttað tún en norðan við hana, handan vegarins, eru Úlfsstaðir. Norðan megin árinnar sjást götur niður að vaðinu en að sunnanverðu hafa þær að mestu verið sléttaðar undir tún.
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 7

BO-201:016 *Móakot* heimild um býli 64°39.764N 21°14.880V
"Vað á [Reykjadalsá] nokkuð neðar [en Bergþórsmói] en beint undan bænum er Móavað. Það er rétt ofan við það sem brúin er, og þar á bakkanum, þar sem syðri stöpullinn er hefir verið Móakot. Mátti sjá þess merki." segir í örnefnalýsingu. Að austan kemur Reykjadalsáin fyrir lítið nes og undir brúna en þá beint í vestur talsverðan spöl. Áin er frekar grunn á þessu svæði og grýttir bakkar beggja vegna hennar. Beint norðan brúarinnar eru Úlfsstaðir en sunnan hennar, báðu megin vegarins, eru sléttuð tún. Ekki sést til tófta né bæjarhóls sökum brúar- og vegagerðar. Ekki er vitað hvenær síðast var búið í Móakoti.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 7

BO-201:017 *Daltún* heimild um býli 64°39.208N 21°14.976V
1708: "Bygt í heimalandi Steindórsstaða á fornu eyðibýli. Hafði sá bólstaður í auðn verið lángt yfir allra núlifandi manna minni. Bygðin varaði 5 eður 6 ár, og hafði það eina gott, er heimajörðin aflagði. Landskuld var xx eður xxv álnir og galdst í öllum aurum til heimabónda. Leigukúgildi i að menn ætla, og guldust leigur sem um landskuld segir. Fóðrast kunni það eitt, sem heimajörðin misti, og ei má hjer aftur byggja nema heimajörðunni til skaða." segir í jarðabók Árna og Páls. Vestast í túninu er Daltúnslækur "Austur af honum utast í túninu heitir Daltún. Er það lægðin upp úr og niður úr. Þar hafði verið býli til forna og var enn byggt um tíma nálægt 1708 ... Daltún er fyrir vestan hólinn sem bærinn stendur á." segir í örnefnalýsingu. "Daltún stóð útsuður af bænum á Steindórsstöðum, efst í túninu. Nú er þar hóll, sem rústirnar voru." segir þar ennfremur. "Býlið, sem Daltún er kennt við, hét Dalur. Daltún er niður með Daltúnslæk, nokkuð fyrir vestan bæjarhúsin." segir í athugasemdum og viðbótum við lýsinguna. "Vestast í túninu heitir Daltún; fyrir vestan það rennur Daltúnslækur. Efst í Daltúni er smáhóll eftir gamalt býli, sem mun hafa heitið Dalur." segir þar ennfremur.
Bæjarhóllinn í Dal er um 300 m vestsuðvestur frá bæjarhól 001, um 20 m austan við merki við Vilmundarstaði. Fast vestan við hólinn rennur Daltúnslækurinn á merkjum til norðurs. Rétt norðan við hólinn en austan við lækinn er skurður en allt í kring, í slakkanum, eru sléttuð tún. Austan við Daltúnsslakkann er brött brekka og syðst uppi á henni er trjáreiturinn sunnan

bæjarhólsins 001. Engar greinilegar tóftir eru á hólnum en hann er mjög gróinn. Þó eru á honum þúfnabörð sem gætu verið tóftabrot. Hóllinn er um 25x16 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 229; Ö-Steindórsstaðir, 7; BB II, 351; Ö-Steindórsstaðir AV, 3, 4

BO-201:018 *Steinþórsleiði* heimild um legstað 64°39.420N 21°14.714V
"... niður af fjósinu er þúfa í túninu, sem nefnd er Steinþórsleiði." segir í örnefnalýsingu. "Í [Fjósatungu] var Steinþórsleiði, ávöl þúfa." segir í athugasemdum og viðbótum við lýsinguna. Leiðið var um 100 m norðaustur af austasta hluta bæjarhólsins 001, í norðausturhorni túnsins, vestan við eystri heimreiðina að bænum. Leiðið lá í norður - suður en er nú horfið vegna slétturnar sem gerð var um 1940. Hugsanlegt er að leiðið hafi lent undir heimreiðinni sem gerð var sumarið 2000.
Hættumat: hætta, vegna vegar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir, 8; Ö-Steindórsstaðir AV, 4

BO-201:019 *Grænarúst* tóft stekkur 64°39.728N 21°14.702V
"Grænarúst er vestanvert við Bergþórsmóa. Hún er eftir stekk." segir í örnefnalýsingu. Rústin er í túninu austan þjóðvegarins sem liggur í suður frá brúnni yfir Rreykjadalsá, um 150 m austsuðaustur af syðri brúarstöplinum þar sem Móakot 016 stóð. Allt í kringum rústina er sléttað tún sem markast af Reykjadalsá í norður, þjóðveginum í suður og vestur en Rauðsgilslandi í austur. Rústin er mjög greinileg sem þýfður hóll, um 8x7 m stór og um 2 m hár, í annars sléttuðu túni. Tóftir eru ekki greinilegar því allt er hlaupið í þúfur og ekkert grjót sýnilegt. Þó er í miðjum hólnum greinileg dæld, um 3 x 2 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir AV, 3

BO-201:020 *Guðjónsgarður* stífla áveita
"Guðjónsgarður er flóðgarður, fyrir sunnan Grænurústina [019]. Hann var hlaðinn upp úr 1920. Guðjón Eiríksson hlóð hann eitt sinn." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn var í túninu austan við veginn sunnan brúarinnar, um 60 m sunnan við Grænurúst. Allt umhverfis er sléttað tún en skurður liggur í austur - vestur u.þ.b. þar sem garðurinn var. Garðurinn var áveitugarður og lá í boga í austur - vestur. Honum var rutt burt þegar túnið var sléttað.
Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir AV, 3

BO-201:021 *Grafarbarð* heimild um mógrafir 64°39.434N 21°15.207V
"Grafarbarð er fyrir ofan síkin, Forarsíki og Vatnssíki [en þau eru upp frá Reykjadalsá úti á merkjum við Vilmundartaði]. Þar voru mógrafir." segir í örnefnalýsingu. Grafarbarð er um 350 m norðnorðvestan við bæjarhól 001, í túninu norðan þjóðvegarins. Það gengur í boga frá

austri til vesturs og er bæði í Vilmundarstaða- og Steindórsstaðalandi. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún beggja vegna merkjanna, milli þjóðvegarins að sunnan og Reykjadalsárinnar að norðan. Ekki sést til mógrafa vegna sléttunar en mór var tekinn á öllu svæðinu norðan vegarins og austan merkjanna. Þar er kallað Mógrafastykki.
Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir AV, 3

BO-201:022 tóft mylla 64°39.199N 21°14.991V
"Í [Daltúnslæk] var mylla, þar sem malað var korn, og sést fyrir rústum af henni." segir í örnefnalýsingu. Fast vestan og örlítið neðan við efsta punkt Dalsbæjarhólsins 017 rennur lækurinn í bugðu. Þar eru mylluleifarnar, um 300 m í vestsuðvestur frá bæjarhól 001.
Lækurinn kemur ofan úr móanum sunnan Daltúns og rennur í slakkanum, nálægt merkjum, norður undir þjóðveginn. Lækurinn er á þessum stað tæpur 1 m á breidd, en talsverður kraftur er í honum þar sem hann sveigir krappt til vesturs. Timburfjöl er kyrfilega komið fyrir á milli bakkanna þannig að vatnið steypist fram af henni, og er fjölin, ásamt annarri minni, einu leifarnar af myllunni.
Hættumat: hætta vatnsaga
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir AV, 4

BO-201:023 heimild um traðir 64°39.314N 21°14.725V
"Upp af bænum og upp að Kvíahæðinni lá gamla tröðin heim." segir í örnefnalýsingu. Tröðin lá af hlaðinu norðan við bæinn í sveig vestur fyrir hann og suður að túngarðinum þar sem trjáreiturinn er nú. Milli bæjarhólsins 001 og túngarðsins eða trjáreitsins er nú sléttað tún. Vel sér móta fyrir tröðinni á um 100 m kafla þar sem hún liggur í miðju túninu, en annarstaðar er hún horfin. Hún er um 2 m breið og liggur beint í suður frá bæjarhól 001 að hliðinu á gamla túngarðinum að trjáreitnum. Áður voru hlaðnir torfveggir meðfram tröðinni en þeir eru nú horfnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Steindórsstaðir AV, 4

BO-201:024 heimild um legstað 64°39.369N 21°14.783V
"... eru uppi tilgátur um, að á Steindórsstöðum hafi verið kirkja, en þar hefur fundist grafreitur úr kristnum sið." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Mannabein komu upp úr hlöðugólfi árið 1934 en hlaðan 002 var austan við þar sem eldra íbúðarhúsið stendur nú.
Nú er sléttað malarplan á milli íbúðarhúss og skemmu. Árið 1934 kom í ljós ein heil beinagrind undir stórri steinhellu. Þegar rutt var fram úr rústunum eftir að bærinn brann 1936 komu í ljós fleiri bein.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: BB II, 293

BO-201:025 frásögn mylla 64°39.253N 21°15.040V
Önnur mylla var í Daltúnslæk, neðan við Daltúnsmylluna 022, um 100 m norðan við Dalsbæjarhólinn 017. Sú mylla var notuð af Steindórsstöðum en hin af ábúendum í Dal. Lækurinn rennur í tveimur kvíslum og var myllan líklega í þeirri eystri. Þessi staður er einna líklegastur því lækurinn rennur af talsverðu afli fram af dálitlum stalli í hyl neðan við. Engar greinilegar rústir er að sjá en þýft er á bökkunum báðum megin lækjarins.
Hættumat: hætta vatnsaga

BO-201:026 brú leið 64°36.114N 21°07.106V
Fast austan Tjaldhóls 008 er grjóthlaðin brú yfir Tjaldhólskvísl frá miðri 19. öld. Kvíslin er ekki breið né vatnsmikil en mun bólgna mjög af krapa á vetrum og verður þá ill yfirferðar. Brúin er um 6 m löng og 1,5 m breið. Hún er hlaðin úr stóru hellugrjóti og eru hleðslurnar mjög heillegar. Hleðsluhæðin er um 1 m en umför grjóts mest þrjú.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

BO-201:027 garðlag túngarður
Um 300 m suðaustur af bæjarhól eru leifar gamla túngarðsins. Þarna er nú sléttað tún.Garðbrotið er um 8 m langt og um 0,5 m á hæð. Það er torf- og grjóthlaðið og liggur í austur - vestur.
Nú er á garðbútnum vírgirðing og er hann rofinn í miðju um 3 m þar sem hlið er á girðingunni. Einnig eru leifar garðsins framan við trjáreitinn sunnan bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202 Vilmundarstaðir

24 hdr. 1708. Fyrst getið 1550. Bændaeign. Getið er um húsmennskubýli um og eftir 1670, og einnig eru sagnir um hjáleigu á Koteyri. 1917: 68.610 m2 = 21 1/3 dagsl + Húsatún 9358 m2 = 3 dagsl. Samtals 77.968 m2 = 24 1/3 dagsl. Garðar 775 m2. "Meginhluti landsins er í hálsinum milli [Reykholtsdals og Flókadals], sem að sunnan er með jöfnum halla, skiptast þar á melabungur, móar, vallendisbörð og mýrarflákar, undirlendið í Flókadal er að mestu votlendi. ... Hálsinn er fremur flatur og breiður, gróðurfar líkt og í hlíðinni að sunnan ... Hálsinn að norðan er miklu brattari, klettóttur vestan til og grónari, mýrlent er að norðanverðu, en valllendi og malareyrar og bungur nær ánni ... Laxveiðihlunnindi eru í Reykjadalsá og silungsveiði var um tíma í Valhnúkavatni." BB II, 349

BO-202:001 *Vilmundarstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:005 heimild um útihús
merkt sem 'tóft'
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:007 heimild um útihús
í Húsatúni
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:008 heimild um útihús
í Húsatúni
Heimildir: Túnakort 1917

BO-202:009 *Koteyri* tóftir bústaður
"Utast með [Reykjadalsá] er eyri, sem heitir Koteyri. Þar eru leifar af rúst að fara í ána; á þessum stað mun hafa verið kot, sem talað er um í jarðabók Á.M."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 1

BO-202:010 *Grafir* örnefni mógrafir
"Austur af [Nesi] er svo enn með ánni eyri, sem nefnd er Fljótseyri, og upp af Fljótseyrinni eru Grafir. Nú hafa þær verið sléttaðar, en eru þó nefndar þessu nafni."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 1

BO-202:011 *Koteyrarvað* heimild um vað
Koteryarvað er yfir Reykjadalsá af Koteyrinni.
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 1

BO-202:012 *Selavað* heimild um vað
Annað vað á Reykjadalsá er Selvað, "farið af Hringnum. Það hefur verið notað þegar farið var suður í Reykholtssel á Faxadal."
Heimildir
Ö-Vilmundarstaðir, 2

BO-202:013 heimild um leið
Breiðavað [BO-200:013] var ðalvaðið á Reykjadalsá fyrir Vilmundarstaðalandi "var farið upp á Stutthala, framan við Svartabakkann, af Gröfunum og Fljótseyrinni."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 2

BO-202:014 *Kvíaflöt* örnefni kvíar
Vestur af Leyni, ofan við Harðhaus er Kvíaflöt
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 3

BO-202:015 *Smiðjuvöllur* örnefni smiðja
"Völlurinn vestan við húsið, sem nú er, heitir Smiðjuvöllur, þar sem nú er fjós og hlaða."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 3

BO-202:016 *Mylla* tóft mylla
Niður af Höllum "rétt fyrir ofan túnið, er Mylla, það eru rústir eftir Myllukofa."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 3

BO-202:017 *Selgötur* gata leið
"Upp úr Sökkunum eru brattar brekkur, sem nefndar eru Selkleif, eru upp af Grásteini; þar liggja upp gamlar götur, sem nefndar eru Selgötur."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 3-4

BO-202:018 *Miðmundavörður* örnefni eyktamark
"Upp af [Kotabotnasundum] eru háir hnúkar, sem heita Miðmundavörður."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 3-4

BO-202:019 *Þjófaborg* örnefni
Pétursbyrgi er á merkjum og "er við endann á Þjófaborgarflóa, en Þjófaborg er hér urðarhæð á hálsinum á merkjum á móti Brennistöðum."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 4

BO-202:020 heimild um rétt
Við Valahnúkavatn var "eða í hnúkunum, skilarétt um langan aldur, sem ekki finnst gróm af eftir."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 4

BO-202:021 *Vörðuhóll* örnefni
"Vestur af Gömluþúfu er flói, semheitir Vörðuflói, og suður af flóanum er Vörðuhóll."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 5

BO-202:022 *Vilmundarstaðasel* tóftir sel
Suður af Vörðuhól eru Selmelar "Austan við Vörðuflóa eru Selhólar. Vilmundarstaðasel var beint í suður frá bæ og klukkutíma ferð frá Vilmundarstöðum. Það var sunnan undir Gömluþúfu; dálítil mýri var milli þess og Geirsár, og ofan við Selið var nefnt Litliflói. Sunnan undir Selmelum rann Sellækur, er rann úr Valhnúkavatni og rennur í Geirsá sunnan við Selið, en Vörðuflói var austan við Selið. Nú hefur þessi lækur verið tekinn og virkjaður til ljósa, vatnið stíflað."
Heimildir: Ö-Vilmundarstaðir, 5

BO-203 Hægindi

Reykholtskirkjujörð frá því um 1200 og getið í máldögum til 1478, en hefur lagst í eyði eftir það en byggð hófst að nýju eftir 1650. Taldist þá og síðar hluti af heimalandi Reykholts. Reykholtskirkja átti sérstaklega hrossabeit í Kirkjutungum. Seld 1909.
1917: 52.155 m2 = 16 1/3 dagsl. 1/3 þýft. Garðar 817 m2. "Hálsinn fyrir ofan bæinn er brattur og klettóttur, en gróinn, hið efra eru melabungur, holt og mýrarsund, undirlendi að mestu mýrlent, en vallendi nokkuð, sérstaklega með Reykjadalsá, þar sem eru malareyrar. ... hlunnindi eru af laxveiði í Reykjadalsá." BB II, 319 Túnasléttun fór að mestu leyti fram um 1960.



BO-203:001 *Hægindi* bæjarhóll bústaður 64°39.169N 21°17.702V "Bærinn stóð uppi í brekku, ofarlega í túni fram til 1950, er hann var fluttur niður undir ána ..." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamla bæjarstæðið er um 150 m sunnan við þjóðveginn sunnan bæjarins, vestan við núverandi fjárhús. Á þessum stað er nú sléttað tún, bungumyndað og hækkar mjög til suðurs. Sunnan og ofan við túnið er þýfður mói upp að Selbungu. Engar tóftir sjást lengur, en bærinn stóð vestarlega og hæst á bungunni, um 150 m vestsuðvestan við fjárhúsin. Bungan eða hóllinn er um 60x33 m að stærð. Á hólnum voru fleiri hús en bara bærinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; BB II, 319

BO-203:002 heimild um fjós 64°39.190N 21°17.726V
40-50 m norðvestan við bæjarstæðið 001, neðarlega á bungunni í túninu, voru fjós og hlaða. Á þessum stað er nú dálítill slakki eða dæld í bungunni niður til norðurs. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:003 heimild um brunn 64°39.169N 21°17.732V
Um 20 m suðvestan við bæjarstæðið, neðarlega í bungunni sunnanverðri, var brunnur. Allt umhverfis er sléttað tún. Ekki sést til brunnsins en fyllt var uppí hann. Hann var notaður til að kæla mjólk en ekki til neyslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:004 heimild um hesthús 64°39.178N 21°17.722V
Um 30 m vestan við bæjarstæðið 001, neðar í bungunni, voru sambyggð hesthús, skemma og fjós. Allt umhverfis er sléttað tún og hallar bungunni aflíðandi til norðurs og vesturs, en er brattari til suðurs. Ekki sést til fornleifa vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:005 heimild um lambhús 64°39.142N 21°17.636V
Lambhús var tæpa 100 m austsuðaustur af bæjarstæði 001, rétt austan við bunguna í túninu. Á þessum stað er dálítið holt sem hefur líklega einhverntíma verið sléttað en er nú hlaupið í þúfur. Fast norðan við holtið er lítill skurður en austan við það er gróið barð. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:006 heimild um hrútakofa 64°39.176N 21°17.598V
Tæpa 100 m norðaustur af bæjarstæði 001, um 50 m vestan við núverandi fjárhús, var hrútakofi. Þar sem kofinn stóð er nú sléttað tún, en fast vestan við er barð niður í dálítinn slakka. Vestan við slakkann er bungan í túninu þar sem bæjarstæðið var. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:007 heimild um fjárhús 64°39.179N 21°17.586V
Rúma 100 m austnorðaustur af bæjarstæði 001, um 20 m vestsuðvestan við núverandi fjárhús, voru fjárhús. Ekki sést til fornleifa vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:008 heimild um hesthús 64°39.156N 21°17.596V
Um 100 m austan við bæjarstæðið 001, innundir barði, var hesthús. Barðið er gróið og um 3 m hátt. Ofan við það er sléttað tún en neðan við er gróinn bali og lítill skurður vestan við hann. Handan við skurðinn, til vesturs, er sléttað tún og í því er bæjarstæðið 001. Ekki sést

til fornleifa vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-203:009 *Stekkjarmói* tóft stekkur 64°39.495N 21°17.694V



"Þvert yfir [Hægindakotsnes] er mjó laut, sem heitir Stekkjarlaut, neðan við það er grasrimi, Stekkjarrimi." segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við hana segir: "Stekkjarlaut er rangt nafn, heitir Stekkjarsund ... Stekkjarmói er austan til í Hægindakotsnesi, móbunga."

Um 250 m norðvestan við núverandi bæjarstæði, á milli túnsins og árinnar, er dálítið holt sem teygir sig til vesturs. Austast í þessu holti er stekkjartóft. Umhverfis holtið eru sléttuð tún, nema að norðan, þar sem holtið teygir sig um 100 m niður að Reykjadalsánni. Tóftin er mjög greinileg og sést frá bænum, þó hún sé bæði gróin og hlaupin í þúfur. Hún er um 15 m á lengd og 8 m á breidd. Hæð veggja er um 0.5 m. Hún skiptist í þrjú hólf og liggja tvö eystri hólfin saman, en það þriðja er stakt, vestan við hin. Öll hólfin snúa í norður - suður, með op til norðurs. Ekkert grjót sést í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hægindi, 1; AV, 1-2

BO-203:010 *Torfmelur* örnefni rista 64°39.435N 21°18.003V
"Utar og ofar en Stekkjarsund er lítill melur, sem heitir Torfmelur." segir í örnefnalýsingu. Torfmelur er um 300 m suðvestan við Stekkjarflöt 009, í Stekkjarmóa. Norðan við melinn rennur Reykjadalsá í bugðu fyrir nes í Reykholtslandi. Allt í kringum melinn er þýfður mói en sléttað tún til norðausturs. Engin merki um ristu er að sjá á þessum stað. Óvíst er hvort þarna hafi verið rist torf og hugsanlegt að nafnið stafi af því að melurinn var óhreinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hægindi, 1

BO-203:011 *Grænatóft* tóft skotbyrgi 64°39.065N 21°16.830V
"Upp með merkjum [við Vilmundarstaði] er gömul rúst, nefnd Grænatóft eða Skotmannsbyrgi." segir í örnefnalýsingu. "Byrgislækur heitir lækurinn, sem rennur framhjá Grænutóft. Það er lækurinn sem kemur úr Hrossagiljunum." segir í athugasemdum og viðbótum við lýsinguna. Grænatóft er fast vestan merkjagirðingar þar sem lækur rennur austur undir hana, um 700 m austsuðaustur af bæjarstæði 001 og um 300 m ofan vegarins. Í hlíðinni ofan rústarinnar eru tvö gil og kemur lækurinn úr þeim, en allt í kringum rústina er þýfður mói. Tóftin er á hól fast við lækinn og girðinguna. Hún er mjög gróin og hlaupin í þúfur, og því ómögulegt að greina lögun hennar eða gerð. Á þessum stað var áður hestarétt en líklega hefur verið legið fyrir ref í henni á vetrum. Hóllinn er um 10x10 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hægindi, 1; AV, 2

Hægindi - minjakort



BO-203:012 *Grýlubæli* örnefni 64°39.177N 21°17.795V
"Út við túngarðinn efst, beint út af gamla bænum, var jarðfall, sem nefnt var Grýlubæli." segir í örnefnalýsingu. Grýlubæli var um 70 m suðvestan við bæjarstæðið 001, sunnan lækjarins. Norðan lækjarins, þar sem bærinn var, er sléttað tún en sunnan hans er þýfður mói sem rís til suðurs í átt að Selbungu. Engar skýringar fylgja þessu örnefni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hægindi, 2

BO-203:013 *Gerði* örnefni 64°39.185N 21°17.771V
"Gerði er ílöng flöt austan við Bæjarlækinn, en vestan við hann er Þríhyrna." segir í örnefnalýsingu. Gerðið var um 50 m vestan við bæjarstæðið 001, vestan í bungunni í túninu. Á þessum stað er nú sléttað tún. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hægindi, 2

BO-203:014 tóft hestarétt 64°39.132N 21°17.554V



"Austast og syðst í túni er Húsatún, og þar upp af á hæð er Lambalind." Húsatúnið er þar sem núverandi fjárhús eru og ofan þeirra, austan við bæjarstæðið 001. Efst í Húsatúninu er túngarðsbrot og utan þess, í suðausturhorninu eru rústir hestaréttar. Túnið sjálft er allt sléttað og því hallar niður til norðurs. Utan túngarðsins, þar sem rústin er, er hinsvegar mói sem hækkar til suðurs. Rústin er um 9x4 m að stærð og snýr í austur - vestur. Op er á austurhlið lengst til norðurs og eru þar í gólfinu tvær stórar steinhellur. Réttin er byggð utaní túngarðinn þannig að hann þjónar hlutverki norðurveggjar, sem er áberandi best varðveittur. Hleðslur í veggjum eru nokkuð signar og grónar, en hafa líklega verið eingöngu úr grjóti. Allt að sex umför grjóts eru í norðurlangvegg, en aðeins um þrjú í öðrum hleðslum. Hleðsluhæðin er einnig mest í norðurlangvegg eða um 1 m, en um 0,5 m í öðrum veggjum. Út frá norðurvegg réttarinnar gengur hlaðinn túngarður, um 5

m til vesturs og 20 m til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hægindi, 2

BO-203:015 *Selbunga* örnefni sel 64°38.693N 21°18.393V
"Út við Selgilið [sem er á merkjum] er hæð, sem heitir Selbunga, er fyrir neðan aðalhálsinn." segir í örnefnalýsingu. Selgilið er ofan, eða suðvestan við bæinn. Neðan og austan við gilið er Selbunga, rúman 1 km suðvestur af bæjarstæði 001. Selbungan er gróin en blaut á köflum. Hún nær vestur að Selgili, þar sem hún er hæst, og teygir sig svo til austurs um 2-300 m. Ekki sést til tófta á eða við bunguna. Í örnefnalýsingu er einnig talað um Seltungu og á við sama stað, en ekki verður séð hvort er rétt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hægindi, 2

BO-203:016 *Hægindakotshver* tóft þvottastaður 64°39.272N 21°17.021V
"Rétt neðan vegarins austan bæjarins Hægindis er hver. ... Aðaluppsprettan er næst veginum ... Um 10 m neðar og um 2 m austar er önnur uppspretta. ... Í þessari austustu uppsprettu hefur verið komið fyrir járnpotti um 50 cm í þvermál. Ofan í honum er svo annar minni. Hann var lægri, fyllti vel út í og hafði tvö eyru. Skammt frá lá svo kúpt lok sem tilheyrði líklegast pottinum. Potturinn var notaður til að seyða brauð. Allt þar í kring voru fataræflar, eða tætlur úr fúnum fataleifum. Í kringum efstu uppsprettuholurnar þrjár hefur verið raðað einfaldri steinaröð svo vatnið myndar fyrst dálítinn poll. Fast vestan við eru tóftir af torfkofa." Skoðað 9.8.1979.



Hverinn er um 600 m austan við bæjarstæðið 001, Allt umhverfis hverinn er fagurgrænt og þýft. Úr efstu uppsprettunni, næst veginum, rennur lækur til norðurs sem sveigir síðan til vesturs um 50 m ofan við Reykjadalsána. Austan við hverinn er kartöflugarður. Aðaluppsprettan, næst veginum, er stærst eða um 3 m í þvermál. Umhverfis hana hefur verið raðað steinum og í miðjuna, yfir uppsprettunni, eru steinhellur. Um 10 m neðar og 2 m austar er önnur minni uppspretta. Þar eru leifar af potti, um 50 sm í þvermál og einnig klæðisræflar. Þarna hefur steinahleðslan gengið til og eins er lítið eftir af torfkofanum sem greint er frá. Þó má greina dálítinn grænan reit og tvö veggjabrot, norður- og vesturvegg, um 2 m vestan við uppsprettuna. Norðurveggurinn er um 4 m en vesturveggurinn um 2 m. Hæð þeirra beggja er varla meiri en 0.2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Tryggi Þórðarson; Varmalindir, 29

BO-203:017 garðlag túngarður 64°39.132N 21°17.554V
"Austast og syðst í túni er Húsatún, og þar upp af á hæð er Lambalind." Húsatúnið er þar sem núverandi fjárhús eru og ofan þeirra, austan við bæjarstæðið 001. Efst í Húsatúninu er túngarðsbrot, leifar gamla túngarðsins. Túnið sjálft, norðan garðsins, er allt sléttað og því hallar niður til norðurs. Utan túngarðsins er hinsvegar mói sem hækkar til suðurs. Leifar túngarðsins eru í suðausturhorni Húsatúnsins, um 14 m í vestur og 20 m í norðaustur. Garðurinn er að mestu grjóthlaðinn og eru umför grjóts allt að sex en hleðsluhæð mest um 1 m. Sunnan í túngarðinum er hestarétt 014.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-204 Kópareykir

20 hdr. 1708. Getið í Landnámu og Egilssögu (Efri Reykir - annað bú Geirs auðga í Geirshlíð). Varð eign Reykholtskirkju 1397x1463 og er nú ríkisjörð. Kópareykir II nýb. 1954 á 20 ha, beitiland er óskipt, búskapur lagðist af 1972 og land nytjað frá Kópareykjum I. Nýbýlið Akur - hjá Reykholti - fékk 6,7 ha af beitilandi ámörkum Kópareykja og Hægindis
1917: "35.310 m2 = 11 dagsl. 1/3 þýft. Garðar 336 m2. "Hálsinn er nokkuð gróinn ofantil með holtum og mýrarsundum, hlíðin algróin. Undirlendið er mest norðaustantil í landinu, skiptast þar á móar, mýrar og eyrar með ánni ... Laxveiði er lítilsháttar í Reykjadalsá." BB II, 326 Túnasléttun fór að miklu leyti fram milli 1940-50.



Kópareykir - minjakort





BO-204:001 *Kópareykir* bæjarhóll bústaður 64°39.090N 21°19.398V
"Bærinn stóð áður ofar í túni, en var fluttur 1948, og stendur á hjalla, landnorðan undir Hyrnu." segir í Byggðum Borgafjarðar. Í túninu sunnan við bæjarhús á Kópareykjum I, um 80 m ofar, er áberandi hóll. Það er sagður öskuhóll og eru leifar íbúðarhúss fast sunnan við hann. Rétt vestan rústanna rennur lækur niður túnið til norðurs, en vestan við hann eru núverandi fjárhús. Ekki eru merki um eiginlegan bæjarhól. Leifar íbúðarhússins eru steyptar, að undanskildum suðurvegg, sem er grjóthlaðinn. Hann er um 1.5 m á hæð og mest 8 umför grjóts í hleðslunni. Í austasta hluta veggjarins hefur þó verið steypt yfir hann. Séu steypuveggir meðtaldir er grunnurinn um 8x6 m að stærð en hlaðni veggurinn einn og sér er um 8 m langur og 1 m breiður. Mikið er af steypu- og bárujárnsbraki í rústunum. Húsið var yfirgefið 1948 en rifið 1950. Á túnakorti eru merktar 'tóftir' áfastar bænum að aftan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; BB II, 326

BO-204:002 tóft skemma 64°39.103N 21°19.406V
Vestan í öskuhólnum framan við bæjarstæðið 001 eru leifar af kartöflukofa.
Hóllinn er um 18x20 m að stærð, 3 m hár, gróskumikill og þýfður.
Kartöflukofinn hefur verið grafinn inn í hólinn og er því frekar um holu eða dæld að ræða en eiginlega tóft. Dældin er rúmur 1 m að dýpt og 3x3 m. Op er til norðvesturs. Leifar af timburbraki eru í dældinni en ekkert grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



BO-204:003 heimild um fjós 64°39.086
Fjós og hlaða voru um 20 m austan við bæjarhólinn 001. Sunnan og norðan við eru sléttuð tún. Nú standa á þessum stað steypt hlaða og fjós (frá um 1930), en hvort tveggja er ónotað og í niðurníðslu. Neðsti hluti austurveggjar og helmingur suðurveggjar eru grjóthlaðnir en að öðru leyti eru veggir steyptir. Hleðsluhæð er mest um 2 m og umför grjóts í hleðslum eru allt að níu, en svo hefur verið steyp ofan á þær. Eitthvað er þó af grjóthleðslum fast sunnan og norðan við húsin, en aðeins eitt umfar grjóts. Alls eru húsin um 15x8 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-204:004 heimild um bústað 64°39.126N 21°19.319V
Við Kópareykjahver, um 80 m norðaustan við bæjarstæðið 001, er lítill hóll í túninu sem í raun er gróinn klettur. Á þessum stað var hús.
Um 20 m norðan við hólinn er Kópareykjahver og rennur úr honum lækur norður túnið í átt að bæjarhúsum á Kópareykjum II. Annars er umhverfis hólinn sléttað tún. Engar tóftir eru við hólinn en þar var kofi og var búið í honum um tíma í byrjun 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-204:005 tóft hesthús 64°39.145N 21°19.457V



Um 100 m vestnorðvestan við bæjarstæðið 001, norðan við núverandi fjárhús er hesthústóft. Á milli fjárhúsanna og tóftarinnar er sléttað malarplan en rétt austan við hana rennur bæjarlækurinn niður túnið. Tóftin er mjög heilleg, um 10x6 m að stærð og snýr í austur - vestur. Eftir henni miðri er grjóthlaðinn garði, um þrjú umför, en dyr eru tvennar á vesturgafli, sitt hvoru megin við garðann. Grjót er í öllum veggjum, mest fjögur umför, og hleðsluhæð um 1,3 m. Mikið er af ýmiskonar braki í tóftinni sem virðist henni ótengt að mestu. Hestúsið var byggt um eða eftir 1920 og var notað til um 1960.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-204:006 heimild um hesthús 64°39.098N 21°19.521V
Um 100 m sunnan við hesthústóftina 005 og um 100 m vestan við bæjarstæðið 001, voru hesthús. Þar er nú sléttað tún en skammt norðan við staðinn eru núverandi fjárhús og austan við rennur bæjarlækurinn niður túnið. Ekki sést til fornleifar vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-204:007 *Móeyri* örnefni mógrafir 64°39.404N 21°19.488V
"Vestur af Kópareykjaeyri er Móeyri, upp af henni eru kallaðar Veitur ..." segir í örnefnalýsingu. Niður við Reykjadalsá, í norðnorðvestur frá bæjarhlaði á Kópareykjum I, er hátt barð í túninu. Neðan við barðið eru Veitur og norðan við þær, við ána heitir Móeyri.
Mjög blautt er í graslendinu á milli árinnar og barðsins en í barðinu og ofan þess er þýfður mói. Handan árinnar, í Grímsstaðalandi, eru árbakkarnir háir og rofnir af ánni, en hún hefur tekið miklum breytingum frá fyrri tíð á þessum slóðum.
Þar sem mótak var slæmt í Kópareykjalandi fengu bændur að taka mó hjá Grímsstaðabónda, í Grímsstaðanesi handan árinnar. Var mórinn fluttur á vögnum yfir ána á Móvaði 008, og þurrkaður á Móeyri.
Hættumat: hætta vatnsaga
Heimildir: Ö-Kópareykir, 3

BO-204:008 *Móvað* heimild um vað 64°39.404N 21°19.488V
"Vestur af Kópareykjaeyri er Móeyri, upp af henni eru kallaðar Veitur...af Móeyrinni [007] er Móvað yfir í Grímsstaðanes." segir í örnefnalýsingu. Niður við Reykjadalsá, í norðnorðvestur frá bæjarhlaði á Kópareykjum I, er hátt barð í túninu. Neðan við barðið eru Veitur og norðan við þær, við ána heitir Móeyri. Af henni yfir í Grímsstaðaland er vaðið.
Beggja vegna árinnar hefur verið sléttað og eru götur að vaðinu því ekki sjáanlegar. Áin er á þessum slóðum fremur breið, en bæði grunn og lygn. Að sunnanverðu eru grónir lágir bakkar, en háir vatnsrofnir moldarbakkar norðan megin við ána. Í botni hennar er ljós móhella og er hún orsök þess að vaðið var á tíðum nefnt "Móhelluvað".
Hættumat: hætta vatnsaga
Heimildir: Ö-Kópareykir, 3

BO-204:009 *Stekkjarvað* heimild um vað 64°39.529N 21°18.587V
"Stekkjarvað er af Kópareykjareyri austur yfir." segir í örnefnalýsingu. Kópareykjaeyri er beint norður af bænum og Stekkjarvað er af henni austanverðri, yfir í Reykholtsland. Vaðið er af eyrinni miðri, mitt á milli þess sem áin sveigir til vesturs annarsvegar og austurs hinsvegar. Áin er óvenju mjó á vaðinu, en engu að síður grunn og fremur lygn. Beggja vegna árinnar eru eyrar. Kópareykjaeyrin er víðáttumikil og grýtt en austan megin er sandeyri. Það mótar fyrir reiðgötum að vaðinu beggja vegna, en þær hverfa í sléttuð tún. Ekki er vitað til að stekkur hafi verið í Kópareykjalandi er vaðið dragi nafn af.
Hættumat: hætta vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Kópareykir, 3

BO-204:010 *Kirkjugata* gata leið 64°38.587N 21°19.935V
Þar sem hálsinn milli Reykjadals og Flókadals er kallaður Hyrna er gömul leið yfir hann, Kirkjugata. Hyrna er sandhóll efst í hlíðinni ofan við bæinn, í suðsuðvestur. Gatan liggur suður hálsinn og austur fyrir Hyrnu. Hlíðin sem gatan liggur eftir er þýfð og víða blaut. Þegar ofar dregur ber meira á grýttum svæðum en þó ekki verulega fyrr en komið er upp undir Hyrnu.

Gatan liggur upp hlíðina, um 100 m vestar en bæjarlækurinn, með stefnu á Hyrnu. Neðst hefur verið keyrt eftir henni á vinnuvélum og henni raskað, en fljótlega verður hún að sléttum og greinilegum malarslóða. Gatan liggur nokkuð beint uppávið í fyrstu en þegar kemur á brattann gengur hún í bugðum upp að rótum Hyrnu. Þar sveigir hún utaní Hyrnuna austanverða og þaðan uppá hana í átt að Veghrygg (BO-205:013) í Kjalvararstaðalandi. Engar vörður eða vörðubrot eru við götuna. Á vetrum áður fyrr komu konur af Brennistöðum og Giljahlíð þessa leið yfir hálsinn með þvott í Kópareykjahver 013.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: BB II, 326

BO-204:011 brú brú 64°39.017N 21°19.483V
Um 80 m vestur af bæjarstæði 001 er grjóthlaðin brú yfir bæjarlækinn. Lækurinn rennur á þessum stað niður túnið í dálitlum slakka og eru grónir bakkar beggja vegna. Lækurinn er smár þar sem brúin er en slakkinn sem hann rennur eftir er hinsvegar um 3 m breiður.
Brúin er hlaðin úr frekar stóru grjóti en umför eru allt að fimm. Efst liggja þrjár stórar hverasteinshellur þvert yfir hleðsluna. Austan megin við brúna er troðin gata að bænum 001 en vestan megin hverfur gatan eftir um 3 m í sléttað tún. Hún hefur þó líklega legið að fjárhúsum 012 eða Kirkjugötu sem er um 100 m vestar. Óvíst er hvenær brúin var reist en hún er talin afar gömul.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-204:012 heimild um fjárhús 64°39.139N 21°19.476V
Í túninu um 150 m suðvestan við núverandi bæjarhús, þar sem nú eru fjárhús, voru áður fjárhús úr torfi og grjóti. Sléttað malarplan er nú norðan við húsin en umhverfis þau eru sléttuð tún. Austan við þau rennur bæjarlækurinn í slakka niður túnið.
Ekki sést til fornleifa vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-204:013 *Kópareykjahver* frásögn þvottastaður 64°39.126N 21°19.319V
Kópareykjahver er um 80 m norðaustan við bæjarstæðið 001. Á vetrum áður fyrr komu konur af Brennistöðum og Giljahlíð eftir Kirkjugötunni 010 yfir hálsinn með þvott í Kópareykjahver. Úr hvernum rennur lækur norður túnið í átt að bæjarhúsum á Kópareykjum II. Annars er umhverfis hverinn sléttað tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-205 Kjalvararstaðir

20 hdr. 1708. Getið í Landnámu. Varð Reykholtskirkjueign síðan milli 1226 og 1358. Var í eyði 1463, DI V, 399-400. Seld 1909. 1917: 61.784 m2 = 19 1/3 dagsl. 1/3 þýft. Garðar 746 m2. "Undirlendi milli hálsins og Reykjadalsár er ekki ýkja breitt, því hálsinn gengur hér fram með tiltölulega jöfnum halla ... Hálsinn er allgróinn, mó- eða mýrlendi, klettóttur nokkuð vestan til. Undirlendið er að mestu orðið að túni, en annars skiptast á mýri, valllendi, móar og malreyrar. Beitiland er gott í hálsinum. ... Hlunnindi eru lítilsháttar af laxveiði í Reykjadalsá." BB II, 321

BO-205:001 *Kjalvararstaðir* bæjarhóll bústaður 64°39.289N 21°19.964V
Norðvestan við núverandi íbúðarhús er stakt gróskumikið reynitré. Norðan undir því stóð síðasta íbúðarhús á bænum, steinsteypt 1915, en hefur nú verið rifið. Fast vestan við reynitréð eru nú útihús, en þar er eldra bæjarstæðið. Norðan við staðinn er nú sléttað tún, kallað Niðurtún, að Reykjadalsá en sunnan við liggur heimreiðin að bænum. Þar sem útihúsin standa er dálítil hæð, um 30x15 m að stærð en varla hærri en 1,5 m.
Ekki sést til fornleifa vegna bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-205:002 heimild um hænsnakofa 64°39.274N 21°19.867V
Hænsnakofi var þar sem núverandi íbúðarhús stendur.
Húsið stendur utaní halla og er þjóðvegurinn uppi á brekkunni ofan við það en sléttað tún neðan við. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


Kjalvararstaðir 1917
205-004
205-016
Vegur
205-014
Mýri
Skurður
Gil
Íbúðarhús
steypt 1915
205-003
205-001
205-017
205-002
Gil
N
20 m


Kjalvararstaðir - minjakort
205-005
205-007
Reykjadalsá
Vellisnes
Hrafnsnes
Skáneyjar-
nes
Bæjar-
eyri
205-008
Grímsstaðanes
205-006
205-001
205-019
205-010
205-015
205-011
N
200 m
205-012
205-018
205-013

BO-205:003 tóft útihús 64°39.296N 21°19.997V

Um 20 m norðan við bæjarstæðið 001 er þýft holt í túnjaðrinum. Þar er tóft. Fast austan við tóftina er sléttað tún en vestan við er skurður sem liggur í suður - norður og handan hans sléttað tún. Tóftin snýr í austur - vestur og hefur op til austurs. Hún er um 8x5 m að stærð og hleðsluhæð er um 0.5 m, en hún er nokkuð hlaupin í þúfur. Mjög lítið sést af grjóti í veggjum. Húsið sem þarna stóð var rifið um 1960, en óvíst er um hlutverk þess.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



BO-205:004 tóft hesthús 64°39.224N 21°20.207V

Um 80 m vestsuðvestur af bæjarstæðinu 001, rétt vestan og ofan við núvarandi fjárhús, eru tvær tóftir. Þar voru hesthús og reykhús. Tóftirnar eru á hól, rétt ofan við þjóðveginn, niður undir bæjarbrúninni. Rétt ofan við þær eru litlir klettastallar og austan við þá, niður af brúninni, rennur lækur.

Tóftirnar snúa báðar í norður - suður og eru um 3 m á milli þeirra, en sú syðri stendur talsvert ofar en hin. Nyrðri tóftin er stærri, eða um 6x4 m, og hefur op til austurs. Syðri tóftin er um 5x3, með op til norðurs. Báðar tóftirnar eru mjög grónar og er grjót sjáanlegt í hvorugri þeirra. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Mikið er af ýmiskonar braki í tóftunum sem virðist þeim óviðkomandi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-205:005 *Hrafnseyri* þjóðsaga 64°39.710N 21°21.630V

Niður undan Hrafnsnesi er "Hrafnseyri. Var það á dögum Odds Gottskálkssonar í Reykholti, að maður spurði hann, hvað hrafn væri að tala, er sat þar í gluggatóft. Oddur sagði, að hann segði manninn feigan. En maður þessi drukknaði í Reykjadalsá og rak á þessa eyri." segir í örnefnalýsingu. Hrafnseyri er beint suðaustur af bænum Laugavöllum handan árinnar, nyrst á Hrafnsnesi. Áin rennur á þessum stað fyrir Hrafnsnesið og eru bakkarnir norðan hennar mjög rofnir. Eyrin gengur úr holti norðarlega á nesinu, útí ána til vesturs. Hún er smágrýtt og söndug.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 1

BO-205:006 *Vellisvað* heimild um vað 64°39.436N 21°21939V

Rétt hjá hvernum Velli eða Árhver "var vað úr Vellisnesi og í Hrafnsnes, sem heitir Vellisvað" segir í örnefnalýsingu. "Vellisvað eða Vellisnesvað var úr Vellisnesi í Kjalvararstaðalandi yfir í Reykjanes fremra (sem einnig virðist hafa verið kallað Vellisnes) í Sturlureykjalandi." segir í viðbótum við lýsinguna. Vaðið er rétt suðvestan við hverinn, á landamerkjum Kjalvararstaða og Snældubeinsstaða.

Áin er breið og lygn á þessum slóðum og eru í henni miðri, sunnan við hverinn, sandeyrar. Sunnan megin við ána eru grónir bakkar en norðan megin eru þeir hærri og rofnir. Greinilegar reiðgötur liggja frá vaðinu sunnanmegin og norður fyrir Hrafnsnes, en þær eru skemmdar á kafla norðan við Velli þar sem þær lenda í moldarvegi. Göturnar eru djúpar og greinast í allt að 8 paldra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 1; AV, 1

BO-205:007 *Djúpavað* heimild um vað 64°39.672N 21°21359V
"... af Hrafnsnesinu austur í Skáneyjarnes er Djúpavað." segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur verið af Hrafnseyri austanverðri. Áin er bæði grunn og lygn á þessum slóðum. Bakkarnir austan megin árinnar eru grónir en vestan megin gengur Hrafnseyri 005 fram í hana. Göturnar að vaðinu eru horfnar í sléttuð tún beggja vegna árinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 1-2

BO-205:008 *Hyrnubakkavað* heimild um vað 64°39.452N 21°20.642V
"Úr Skáneyjarnesi yfir á Bæjareyrina er vað, sem heitir Hyrnubakkavað..." segir í örnefnalýsingu. Bæjareyri er nyrst á nesinu norðan Kjalvararstaða, beint sunnan við Nes handan árinnar. Áin er breið og lygn á þessum slóðum og eru grónir bakkar austan megin en lítil smágrýtt eyri vestan Reiðgötur eru greinilegar beggja vegna árinnar og miðað við þær er vaðið ekki yfir á Bæjareyrina sjálfa heldur sunnan hennar, vestaní nesinu, rétt ofan við bugðuna þar sem áin sveigir fyrir Skáneyjarnes. Austan megin vaðsins liggja reiðgöturnar í holti meðfram ánni fast utan við túnið. Þær eru djúpar og greinast í allt að sjö paldra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 2

BO-205:009 heimild um smiðju 64°39.289N 21°19.964V
1817: "Smidiu sindur, er fannst i Jördu, og var stikkid umm 2 pund ad vigt, á Kjalvararstödum; hvört nú er til grunna geingid." segir í fornleifaskýrslu Eggerts Guðmundssonar frá 25.8.1817.

Ekki vitað hvar sindrið fannst, en hugsanlegt að tengja megi þennan fund við örnefnið Smiðjuás 012.
Heimildir: FF, 288

BO-205:010 *Hagahús* tóft beitarhús 64°39.203N 21°21.517V
Innan við Giljatungur "eru Sneiðgil. Austur undir því eru rústir eftir beitarhús, Hagahús." segir í örnefnalýsingu. Þar sem heitir Hálfnaðarklettur eða Hálfnunarklettur austan við Melkot 011 "var talin hálfnuð leið út í beitarhúsin." Um 1 km vestur af bæjarstæði 001, fast ofan við þjóðveg, er fagurgrænn og þýfður hóll. Þar eru beitarhúsarústir.



Ofan við rústirnar er slitrótt klettabelti sem teygir sig vestur í átt að Logalandi. Neðan klettanna og umhverfis rústirnar er grasi- og lyngivaxið holt. Rústirnar eru hlaupnar í þúfur en þó greinilegar. Hólfin eru a.m.k. tvö, samsíða að hluta og snúa í norður - suður. Þau eru mjög svipuð að stærð, eða um 8x5 m og hafa bæði op til norðurs. Grjóthleðslur eru greinilegar í langhliðum beggja hólfa, allt að fjögur umför og hleðsluhæð um 0,8 m. Sunnan og vestan við hólfin er slitróttur garður, mjög gróinn, sem myndar einskonar kró eða rétt við þau. Talsvert er af grjóti í hólnum umhverfis rústirnar, en það er þéttgróið í svörðinn og myndar engin form.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 2

BO-205:011 *Melkot* örnefni býli 64°39.142N 21°21.267V
"heldur innan við [Hagahús 010] eru rústir eftir kot, sem hét Melkot." segir í örnefnalýsingu. Ofan og austan við Hagahús 010, um 100 m ofan við þjóðveg, er melur sem kallaður hefur verið Melkot. Melurinn liggur í austur - vestur, neðan við Langastall.
Engar rústir er að finna á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 2

BO-205:012 *Smiðjuás* örnefni smiðja 64°38.796N 21°21.024V
"Nokkuð fyrir neðan Nónbungu ... er ás í hlíðinni, sem heitir Smiðjuás. Ásinn er um 2-300 m neðan við Nónbungu og um 1 km norðvestur af Vegahrygg [013]." segir í örnefnalýsingu.
Ásinn er þýfður og lyngigróinn en fremur blautur og seytla smálækir um hann allan.

Engar mannvirkjaleifar eru á ásnum. Á Kjalvararstöðum hefur ásinn iðulega verið nefndur Smiðjás. Ekki er óhugsandi að ásinn dragi nafn af smiðjusindri því sem fannst í jörðu á Kjalvararstöðum um 1800, sbr. 009.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 2

BO-205:013 *Vegahryggur* vegur leið 64°38.367N 21°20.572V
"Þvert yfir, fyrir austan Nónbunguslakka, er Vegahryggur ..." segir í örnefnalýsingu. Hann er sunnan og austan við Nónbungu, um 100-150 m austan við Kjalvararstaðasandhól sem er á merkjum milli Kjalvararstaða, Brennistaða, Snældubeinsstaða og Giljahlíðar.

Vestar og neðar en Vegahryggur er Nónbunguslakki, hálfmosagróinn melur. Til norðausturs af hryggnum sér í Hyrnu í Kópareykjalandi og suður á honum er landamerkjagirðing milli Kjalvararstaða og Kópareykja. Vegurinn liggur í suðvestur - norðaustur og sér móta fyrir honum sem sléttri malarbraut meðfram barði sem hallar niður í Nónbunguslakka. Vörðurbrot eru allnokkur meðfram veginum yfir hrygginn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 3

BO-205:014 *Stöðull* örnefni kvíar 64°39.257N 21°20.036V
"Að austanverðu við [Bæjargil] heitir Kinn, en fyrir vestan Kvíastallur [fyri ofan bæinn] Fyrir neðan Kvíastall er Stöðull ..." segir í örnefnalýsingu. Kinnagilið, eins og bæjargilið er nefnt, er rétt austan við núverandi fjárhús, fast ofan við þjóðveginn. Kvíastallur er gróinn klettakollur fast vestan við Kinnagil. Niður af honum er þýfð brekka niður að þjóðvegi. Engar tóftir eru á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 4



BO-205:015 *Ballatóftir* tóftir bústaður
64°39.203N 21°19.883V
"Fyrir ofan brekkuna [ofan við bæinn] er Bæjarbrún. Uppi á henni eru rústir, sem heita Ballatóftir. Þar mun hafa verið um tíma í húsmennsku Baldvin Jónsson, sem síðar bjó að Grenjum í Álftaneshreppi." segir í örnefnalýsingu. Ballatóftir eru tæpa 200 m suðsuðaustur af bæjarstæði 001, beint upp af núverandi íbúðarhúsi.

Tóftirnar eru í þýfðu holti og um 50 m neðan við þær er lítill trjáreitur. Tóftirnar sjást ekki heiman frá bænum en blasa við þegar komið er upp á brúnina, ofan við trjáreitinn. Þær eru á dálitlum hól og snúa í norður - suður. Hólf eru tvö, samsíða með op til vesturs. Grjót er greinilegt í tveimur veggjum, þ.e. sameiginlegum miðvegg og

norðurlanghlið. Umför grjóts í hleðslum eru allt að þrjú en hleðsluhæð um 0,5 m. Stærð tóftanna er um 5x6,5 m og eru hólfin jafnstór.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 4

BO-205:016 *Brunnshóll* örnefni brunnur 64°39.282N 21°20.022V
"Fyrir neðan Kvíastall er Stöðull [014], og rétt fyrir neðan hann er Brunnshóll." segir í örnefnalýsingu. Brunnshóll er lítill og lágur hóll í túninu neðan við þjóðveg, miðja vegu milli núverandi fjárhúsa og fjóss, um 50 m vestan við bæjarstæðið 001. Hóllinn er gróinn, þýfður og blautur. Á þessum stað hefur ávalt verið mikil bleyta en enginn brunnur svo vitað sé.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 4

BO-205:017 frásögn brunnur 64°39.282N 21°19.908V
Miðja vegu milli núverandi íbúðarhúss og fjóss, í slakkanum sem þar er, var brunnur. Mikil bleyta er á þessum stað í slakkanum, beint sunnan við þar sem íbúðarhúsið sem merkt er inn á túnakortið 1917 stóð. Ofan við slakkann er brött brekka upp á heimreiðina. Brunnurinn var grjóthlaðinn og var vatnsból gamla bæjarins, en þraut í mestu þurrkum. Ræst var fram úr honum og eru nú engin merki um hann önnur en mikil bleyta á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 4

BO-205:018 *Kjalvör* náttúrumin landamerki 64°38.493N 21°21.749V
Í Giljatungum er "einn steinn dökkur á lit í mýrarsundi, sem er á merkjum og heitir Kjalvör. Er það nátttröll, sem á þessum stað hefur séð erkióvin sinn sólina á örlagastund." segir í örnefnalýsingu Snældubeinsstaða. Vestan við Nónbungu er Kjalvararstaðasandhóll, en um hann liggja landamerki milli fjögurra jarða, þ.e. Kjalvararstaða, Snældubeinsstaða, Giljahlíðar og Brennistaða. Skammt norðan við þennan hól er stakur steinn í mýrarslakka, það er Kjalvör. Kjalvör er á merkjum Kjalvararstaða og Snældubeinsstaða, en fast upp við steininn vestanverðan liggur ryðguð girðing úr Kjalvararstaðasandhól.
Steinninn er um 2x2x2 m að stærð og áberandi þar sem hann er eini steinninn á stóru svæði. Hann er blágrár að lit og mosagróinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 4

BO-205:019 *Stekkur* tóft stekkur 64°39.184N 21°20.580V
"Langistallur er fyrir neðan Löngubrekkur og Stekkur fyrir neðan hann í norðaustur." segir í örnefnalýsingu. Um 500 m vestan við bæjarstæði 001 og um 150 m ofan við þjóðveg er grænn hóll undir klettastalli. Þar er stekkjartóft. Tóftin er í þýfðu holti undir neðsta klettastallinum í hlíðinni.



Tóftin er tvískipt, mjög gróin og hlaupin í þúfur. Hólfin eru samsíða og snúa í austur - vestur. Tóftin er um 9x7 m að stærð og er nyrðra hólfið talsvert stærra en það syðra. Lítið er af grjóti í veggjum og hleðsluhæð um 0,5 m. Syðra hólfið hefur op til vesturs og líklega nyrðra hólfið einnig, en á því austanverðu gengur veggur út til austurs og suðurs og gæti hann verið hluti af opi eða önnur lítil kró.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kjalvararstaðir, 4-5

BO-206 Snældubeinsstaðir

30 hdr. 1708. Bændaeign. 26.9.1253: "Þeir Þórður komu á Snældubeinsstaði og fengu þar kyndla stóra. Þaðan fóru þeir til Reykjadalsár." Þorgils saga skarða, Sturl, 621. [um 1490]: "jtem snældubeinstader xxxc." taldir meðal eigna Melakirkju í Melasveit - DI VI, 733. 29.9.1567 seldi Vigfús Jónsson Ásmundi bróður sínum m.a. Snældubeinsstaði, 30 hdr - DI XV, 22. 29.8.1619 gefur Sæmundur Árnason Guðrúnu dóttur sinni m.a. Snældubeinsstaði, 30 hdr. til kaups við Odd Þorleifsson - Jarðabréf, 48. 18.9.1629 seldi Eggert Sæmundsson sr. Jóni Ormssyni Snældubeinsstaði, 30 hdr. - Jarðabréf, 155. 26.4.1680 seldi Jón Vigfússon biskup Guðmundi Jónssyni sýslumanni 5 hdr í Snældubeinsstöðum - Jarðabréf, 31. 27.4.1690 seldi Bjarni Sigurðsson, með samþykki konu sinnar Þóru Guðmundsdóttur, Hjalta bróður sínum, 5 hdr í Snældubeinsstöðum - Jarðabréf, 55. 10.10.1690 seldi Jón Jónsson með samþykki Þuríðar Sigurðardóttur konu sinnar Sigurði Árnasyni 2,5 hdr í Snældubeinsstöðum - Jarðabréf, 32. 17.5.1692 seldi Halldóra Sigurðardóttir, með samþykki Hjalta bróður síns, ættmanni sínum Sigurði Árnasyni 2,5 hdr í Snældubeinsstöðum fyrir 5 hdr í lausafé. - Jarðabréf, 38. 23.8.1694 var Þórdísi Jónsdóttur ánafnaður 10 hdr. partur í Snældubeinsstöðum í arf eftir Jón Vigfússon biskup föður sinn - Jarðabréf, 41. 8.5.1700 selur Sigurður Björnsson lögmaður Guðrúnu Jónsdóttur 7 hsr í Snældubeinsstöðum - Jarðabréf, 43. 26.5.1700 fór Guðrún Jónsdóttir til eignar 3 hdr í Snældubeinsstöðum - Jarðabréf, 44. 25.6.1703 eru 5 hdr. í Snældubeinsstöðum meðal eigna Hjalta Sigurðssonar og Steinunnar Álfsdóttur konu hans - Jarðabréf, 56. Logaland félagsheimili, b. 1909, Samtún nýbýli 1952 á öllu ræktarlandi sunnan þjóðvegar og hálfu beitilandi óskiptu. Berg, garðyrkjubýli á 6 ha 1962. Íbúðahverfi á 2,4 ha, land leigt af hreppnum.
1917: 42.941 m2 = 13 1/2 dagsl. 1/3 þýft. Garðar 745 m2. "Undirlendið er með nokkuð jöfnum halla, valllendi með ánni, en ofar mýrar, melaflákar, móar og klapparholt, sérstaklega vestast. Hálsinn er mjög brattur og hömróttur, en gróinn að ofan með móum og mýraflákum ... Lítilsháttar hlunnindi eru af laxveiði í Reykjadalsá." BB II, 341

BO-206:001 *Snældubeinstaðir* bæjarhóll bústaður 64°39.112N 21.23.572V
"Gamli bærinn á Snældu var uppi við hálsinn neðan við svokallaða Bæjarkletta." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. "Bærinn var árið 1932 fluttur að vesturmörkum landsins ..." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamli bæjarhóllinn er milli 200-300 m suðaustan við íbúðarhúsin sem nú standa á Snældubeinsstöðum. Lítið hefur verið hróflað við gamla bæjarstæðinu og stendur þar enn myndarlegur bæjarhóll. Á hólnum eru nokkrar dældir greinilegar og líklegt verður að teljast að eldri mannvistarleifar séu óskemmdar undir yfirborði jarðar þó lögun húsa sé ekki greinileg á yfirborði.
Neðan við bæjarhólinn eru sléttuð tún en ofan við hann tekur við allbrött fjallshlíð og síðar klettabelti. Bæjarhóllinn er 20-30 X 40-50 m að stærð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; BB II, 341; Ö-Snældubeinstaðir AV, 1

BO-206:002 *Lambhús* heimild um fjárhús 64°39.108N 21°23.108V
Um 10 m vestan við garðlagið (014) og fast vestan við lækinn voru áður lambhús. Engin merki þeirra eru greinileg nú.
Þar sem Lambhúsin stóðu er nú þýflendi rétt ofan við efstu tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


Útnes
Framnes
Tvíbakkavað 013
Steinsvað 009
Reykjavað 006
Grafarvað 008
Bugaleið 007
tóftir 011
Reykjadalsá
SNÆLDUBEINSSTAÐIR
fornt túnstæði
brunnur 015
Lambhús 002
túngarður 014
fjárhús 004
útihús 017
kvíar 018
útihús 003
kálgarður 016
Stekkjarflöt 010
N
Varðuð 012
500 m

BO-206:003 heimild um útihús 64°39.117N 21°23.498V
Um 40 m austan við gamla bæinn (001) voru áður samstæðuhús með fjósi, hlöðu, fjárhúsi og hesthúsi. Húsin stóðu á hæð í túninu sem enn er greinileg.

Þar sem húsin stóðu er nú dældóttur hóll í túni. Sléttað var yfir síðustu leifar þessara húsa um 1940.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-206:004 heimild um fjárhús 64°39.200N 21°23.476V
Um 140 m norðaustan við gamla bæinn (001) voru fjárhús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Húsin stóðu á hól í túninu sem enn er greinilegur þó ummerki húsanna hafi verið afmáð. Hóllinn er 30-40 m suðvestan við fjárhús úr bárujárni sem eru í notkun á Snældubeinsstöðum.

Þar sem húsin stóðu áður er nú sléttuð hæð í túni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-206:005 *Stekkjarmelur* örnefni stekkur 64°39.586N 21°23.445V
"Upp og austur af Útnesinu er melur, sem heitir Stekkjarmelur ..." segir í örnefnalýsingu. Um 60 m norðan við þjóðveg og um 60 m sunnan við rafmagnslínu er Stekkjarmelur. Hann er fast norðan við litla malarnámu. Melurinn er þýfður og hefur verið skemmdur þar sem rutt var fram af honum.

Ekki sjást stekkjarleifar á hólnum. Ef stekkur hefur einhvern tíma verið á Stekkjarmel eru leifar hans horfnar en líklegra verður þó að telja að stekkurinn hafi aldrei verið þar heldur sunnan við melinn þar sem 011 er.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 1

BO-206:006 *Reykjavað* heimild um vað 64°39.642N 21.23.448V
"Upp og austur af Útnesinu er melur, sem heitir Stekkjarmelur. Hjá honum er vað yfir í Reykjanesið í landi Sturlureykja, sem hét Reykjavað. Það er fyrsta vað, þegar svonefndir Bugar voru farnir, en þá var riðið með ánni og yfir hana jafnvel 18 sinnum fram að Úlfsstöðum. Bugar voru alfaraleið eftir dalnum. A.m.k. 10 vöð eru fram að Reykholti, og Reykjavað er fyrsta vaðið af þeim." segir í örnefnalýsingu. Leiðin Bugar liggur að vaðinu en það er mjög greinilegt á ánni á þessum stað. Áin er mjög lygn og grunn á þessum stað og sést gatan þar sem hún kemur að ánni og fer upp frá henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 1

BO-206:007 *Bugar* heimild um leið 64°39.592N 21°23.592V
"Upp og austur af Útnesinu er melur, sem heitir Stekkjarmelur. Hjá honum er vað yfir í Reykjanesið í landi Sturlureykja, sem hét Reykjavað. Það er fyrsta vað, þegar svonefndir Bugar voru farnir, en þá var riðið með ánni og yfir hana jafnvel 18 sinnum fram að Úlfsstöðum. Bugar voru alfaraleið eftir dalnum. A.m.k. 10 vöð eru fram að Reykholti, og Reykjavað er fyrsta vaðið af þeim. Næsta vað er svo aftur úr Reykjanesi yfir í Eystranesið. Það vað heitir Grafarvað. Síðasta vaðið í Snældulandi er úr Eystranesinu yfir í Vellines, og er austur og niður undan Sturlu-Reykjum. Þetta vað heitir Steinsvað." segir í örnefnalýsingu. Bugar lágu meðfram ánni og sjást víða merki gatnanna, t.d. 20-30 m norðvestan við Stekkjarmel.

Vegurinn liggur á þýfðum árbakka. Vegarslóðinn sést á nokkurra metra svæði við

Reykjavað. Hann er um 2 m á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 1

BO-206:008 *Grófarvað* heimild um vað 64°39.709N 21°23.830V
"Bugar voru alfaraleið eftir dalnum. A.m.k. 10 vöð eru fram að Reykholti, og Reykjavað er fyrsta vaðið af þeim. Næsta vað er svo aftur úr Reykjanesi yfir í Eystranesið. Það vað heitir Grafarvað." segir í örnefnalýsingu. Grafarvað var á ánni þar sem brúin á þjóðveginum er nú. Ekki eru greinileg merki um vaðið enda brú síðar byggð á sama stað.

"Grófarvað hét það, ekki Grafarvað, enda kennt við bæinn Gróf handan árinnar." AV 1 Sbr. þó Ö-Gróf: "Grófarmýri var yfirleitt (og er enn) nefnd Grafarmýri, undan henni er Grafarvað á ánni." Ö-Gróf AV, 1
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 1; Ö-Gróf AV, 1

BO-206:009 *Steinsvað* heimild um vað 64°39.703N 21°22.512V
"Bugar voru alfaraleið eftir dalnum. A.m.k. 10 vöð eru fram að Reykholti, ... Síðasta vaðið í Snældulandi er úr Eystranesinu yfir í Vellines, og er austur og niður undan Sturlu-Reykjabæ. Þetta vað heitir Steinsvað." segir í örnefnalýsingu. Í norður frá Snældubeinsstöðum eru háir rofnir moldarbakkar norðan árinnar. Við vestari enda þessara bakka er Tvíbakkavað 013 en við eystri endann er Steinsvað, skammt neðan við það sem áin tekur sveig til austurs fyrir Vellines.

Áin er bæði grunn og lygn við vaðið en beggja vegna hennar eru sléttuð tún. Frá Tvíbakkavaði sem er um 300 m vestar, hinumegin í nesinu, liggja djúpar reiðgötur með ánni að Steinsvaði. Þessar götur hverfa þó í sléttað tún í Vellinesi austan Steinsvaðs. Við vaðið vestanvert er smágrýtt eyri fram í ána en að austan er leirug sand- eða moldareyri.
Hættumat: hætta vatnsaga
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 1

BO-206:010 *Stekkjarflöt* tóft stekkur 64°39.206N 21°22.483V
"Þar sem ungmennafélagshúsið var reist [1909] hét Stekkjarflöt .... Út frá Stekkjarflöt uppi í eða upp við hálsinn liggur klettabelti, sem heitir Stekkjarklettar. Uppi á þeim heitir Stekkjarsund." segir í örnefnalýsingu. "Neðan við Bjaragarásinn er annar ás, sem heitir Stekkjarás. Hann er heldur ofar en Stekkjaklettarnir." segir þar ennfremur. "Á Stekkjarflöt var stekkur, sem notaður var fram á síðasta tug 19. aldar. Veggirnir stóðu að nokkru leyti." segir í athugasemdum við lýsinguna. 100-150 m vestan við ungmennafélagshúsið, Logaland, er hóll í óræktuðu túni og á honum er stekkjartóft.



Allt í kringum tóftina er mýri en norðan við hana liggur þjóðvegurinn í austur - vestur. Tóftin sker sig mjög úr umhverfinu og sést langt að. Hún snýr í suðvestur - norðaustur og er um 8x2,5 m að stærð. Hún er tvískipt og er nyrðra hólfið stærra. Á því snýr op til norðvesturs en óljósara er með syðra hólfið, þó líklegast til norðausturs. Lítið er af grjóti í veggjum og er hleðsluhæð um 0,5 m. Örnefnið Stekkjarás gæti verið villa, og mun ásinn heita Vörðuás sbr. 012.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir, 2, 3; AV, 2

BO-206:011 tóftir 64°39.597N 21°23.442V

"Í Útnesinu í náND við Stekkjarmel, nær ánni, voru gamlar tóttir, mjög fallnar, en ekki vitað, hvað það var." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru í bala eða lægð fast norðan við Stekkjarmel og verður að teljast líklegast að um sé að ræða stekkjartóftirnar sem örnefnið vísar til. Tóftirnar eru 30-40 m suðvestan við Reykholtsdalsá.

Tóftirnar eru í þýfðum og grónum bala, skammt frá ánni. Tóftirnar sjálfar standa á hæðum í balanum og eru vel grónar.

Lögun tóftanna er óljós þar sem þær eru að miklu leyti hlaupnar í þúfur. Þó virðist sem um þrjár tóftir sé að ræða. Sú austasta virðist skiptast 2 hólf og er um 6 m á lengd en 4 m á breidd. 10 m norðvestan við í dæld er löng og mjó tóft (10-12 m löng en fjarar út til suðurs og 4-5 m á breidd). Þessar tvær fyrstnefndu tóftir hafa op til suðurs. 8-10 m vestan við þessa tóft er svo þriðja og síðasta tóftin sem 10 X 6 m að stærð. Op er á norðurvegg þessarar tóftar. Þessi síðastnefnda tóft er á hól.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir AV, 1

BO-206:012 *Vörðuás* örnefni 64°39.089N 21°22.026V

"Vörðuás er austan til og neðan við Bjargarás." segir í örnefnalýsingu. Bjargarás er neðan við Snældubjörg, en Vörðuás er norðan (neðan) við Djúpagil og teygir sig austur sunnan við Logaland. Ásinn er grýttur og hálfmosagróinn, en aðeins vestasti hluti hans er í Snældubeinsstaðalandi. Vestast í honum rennur lækur niður eftir úr Djúpagili. Um 10 m sunnan við trjáræktargirðingu Logalands austarlega á ásnum er vörðubrot á dálitlum hól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Snældubeinsstaðir AV, 2

BO-206:013 *Tvíbakkavað* heimild um vað 64°39.625N 21°22.896V

"Annað vaðið [á Bugaleið] hét Tvíbakkavað úr Reykjanesi í Framnes í Snældubeinsstaðalandi. Nafnið mun vera kennt við nokkuð háa bakka, sem vaðið var nærri, ofan við vaðið í Sturlureykjalandi en neðan við það í Snældubeinsstaðalandi." segir í lýsingu Bugaleiðar. Tvíbakkavað er við vestari enda þessara háu, rofnu moldarbakka, en Steinsvað 009 er við eystri enda þeirra.

Ofan við vaðið kemur áin í bugðu fyrir nesið og grefur sig í bakkana norðan megin. Hún er mjög breið og grunn á þessu svæði en þrengist bæði ofan og neðan vaðsins. Vestan megin þess er smágrýtt eyri fram í ána en Framnesmegin er leirugur aflíðandi moldarbakki. Fast sunnan við vaðið er sléttað tún en með nesinu næst ánni er ósléttað svæði. Greinilegar djúpar reiðgötur eru beggja vegna vaðsins og greinast mest í 8 paldra. Austan megin vaðsins liggja göturnar fyrir nesið, í holti næst ánni, austur að Steinsvaði 009.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Bugaleiðin

BO-206:014 garðlag túngarður 64°39.177N 21°23.431V
Ógreinilegar leifar túngarðs eru í austurenda gamla túnsins, um 20 m vestan við ný fjárhús. Garðspottinn sem er greinanlegur liggur norður-suður.
Garðurinn er greinilegur á um 20 m svæði en virðist þá beygja til vesturs og fjarar smám saman út. Túngarðurinn er um 2 m á breidd en 0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-206:015 brunnur brunnur 64°39.120N 21°23.517V
15-20 m beint austan við gamla bæinn 001 og fast vestan við rætur hólsins sem 003 stóð á sjást leifar brunns sem notaður var fyrir bæinn.
Brunninn má greina sem djúpa dæld eða holu í þýfðum haga. Brunnurinn var grjóthlaðinn en nú sést einungis dæld þar sem hann var.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-206:016 garðlag kálgarður 64°39.113N 21°33.592V
Enn sjást leifar kartöflugarða sem hlaðnir voru vestan í bæjarhólnum. Á túnakort frá 1917 eru merktir tveir kartöflugarðar á þessum stað. Garðurinn sem nær var gamla bænum er að mestu horfinn en um 5 m norðar sjást leifar hins garðsins.
Garðarnir eru í halla utan í bæjarhól á grasi vöxnu svæði.
Garðurinn sem er greinilegur er um 10 X 10 m að stærð og 0,3-0,4 m á hæð. Grjóthleðsur eru greinanlegar á stöku stað en garðleifarnar eru annars mjög grónar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-206:017 tóft útihús
64°39.124N 21°23.399V
Vírgirðing liggur frá kvíunum 018, niður túnið og þvert yfir tóft í túninu. Tóftin er um 10-15 m norðan við kvíarnar 018.
Tóftin er í þýfðum en rökum haga neðan við klettabelti.
Tóftin er einföld og um 8 X 8 m að stærð. Op er á suðurvegg. Tóftin er grjóthlaðin að innan en annars alveg gróin og um 0,8 m á hæð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar





BO-206:018 tóft kvíar
64°39.113N 21°23.413V
100-120 m sunnan við fjárhús úr bárujárni, ofarlega í landi Snældubeinsstaða er, við klettabelti efst í gamla túninu, e.k. kvíar eða aðhald. Kvíarnar eru 10-15 m ofan við 017.
Tóftin er uppi við bratt, 3 m hátt klettabelti en svæðið er grýtt en nokkuð gróið.
Tóftin er 12 X 5 m að stærð og op virðist vera á vesturvegg. Veggir eru hlaðnir úr grjóti en inni í tóftinni eru timburleifar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-207 Kleppjárnsreykir

8 hdr. 1708. Skálholtskirkjujörð, nú ríkisjörð. "Um morguninn sendir [Þorsteinn Gíslason í Bæ] Gest til Reykja ok biðr Kleppjárn at taka við honum ... Kleppjárn var þar sveitarhofðingi ..." Heiðarvíga saga, ÍF III, 238. Samkvæmt máldaga Deildartungukirkju frá [1491-1518] átti hún "halfa jordina klepholltzreyke" - DI VII, 62. 1548-49 eru Kleppjárnsreykir meðal konungsjarða í Borgarfirði: "Jtem mett Klepeersroikium ij kior. vj for. landskyldt xl alner oc ij lege vj forenger smor dt." DI XII, 131. 1549-50: "Jtem med Klepiersrockeom ij lege kior vj fooer landskyldt xl alner ij lege vj forenger smor etc. ij landskyldt en foer med lam oc quethet ieg xx alner for en gamel ko oc en vng j steden set. oc kom thene for met lam tijl Dyrested." - DI XII, 146. 1550: "2. mett Klepersrokeom ij kior vj foer. landskyldt xl alner j lege vj forenger smor etc. oc ij landskyldt en foer met lam oc quithet ieg her xx alner for en gamell ko oc en vng ighen sat." - DI XII, 166. 1552: "2. Jtem mett Klepersrokom ij kor. viij faar. landskildtt xl olner. ij leger vij foringh smor. dt. oc ij landskild ij faar med lam. dt. oc haffuer iegh satt thennum med gaaren." DI XII, 392. 27.9.1563 fór Skálholtsstóll Kleppjárnsreyki, 12 hdr og fleiri jarðir konungs í skiptum fyrir jarðir stólsins á Suðurnesjum - DI XIV, 157. Læknissetur Borgarfjarðarhéraðs 1924-78, barnaskóli Borgarfjarðar norðan Skarðsheiðar síðan 1956. Allmörg garðyrkjubýli hafa verið reist í landi Kleppjárnsreykja síðan 1942.
1917: 40.105 m2 = 12 1/2 dagsl. Garðar 200 m2. "Hálsinn fyrir ofan er brattur og hömróttur, nokkuð gróinn, undirlendi var ða mestu mýri, en móar og holt þegar nær dró hálsinum, og valllendismóar með Reykjadalsá. Nú eru mýrarnar að mestu komnar undir tún og býli." BB II, 322

BO-207:001 *Kleppjárnsreykir* bæjarhóll bústaður 64°39.228N 21°24.178V
10-20 m sunnan við Kleppjárnsreykjahver (008) og um 50 m ofan við íbúðarhúsið sem nú er búið í á Kleppjárnsreykjum sést enn grunnur gamla bæjarins um 7 m austan við lítinn lækjarfarveg. Síðasta húsið sem stóð á þessum stað var steypt og minjar eldri bygginga eru ekki greinanlegar á þessum stað. Hæð er í túninu þar sem bærinn hefur verið og hugsanlegt er að einhverjar mannvistarleifar séu óhreyfðar neðanjarðar.
Umhverfis bæjarstæðið eru þýfð tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-207:002 tóft fjós 64°39.233N 21°24.227V
Um 20 m austan við gamla bæinn (001) og um 15 m austan við lækjarsprænu sem rennur um túnið sjást enn leifar fjóss. Það er um 20 m neðan við rafmagnslínustæði sem liggur um túnið.
Í þýfðu túni.
Fremri hluti hússins hefur verið steyptur og standa steypuveggir enn að hluta. Innri hlutinn hefur hins vegar verið úr torfi og grjóti og er hruninn að nokkru leyti. Op er á fremri tóftinni til suðurs.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-207:003 tóft fjárhús
64°39.173N 21°24.249V
Um 90 m suðvestan við gamla bæinn (001) má enn sjá tóftir sem merktar eru á túnakort frá 1917. Efst í þýfðu túni og gengur túngarður frá norðvestur horni tóftarinnar.
Tóftin er um 12 X 10 m. Ekki er ljóst hvar inngangur var. Hún er alveg gróin og mikið er




KLEPPJÁRNSREYKIR
Hverapvað 004
Grafarbörð
Klepp járnsreykjahver 008
fjós 002
fjárhús 009
Tjald 006
Laxá
N
500 m
Selhvammar 007

hrunið inn í hana. Þegar staðið er inn í henni eru 1,6-1,7 m upp á yfirborðið. Grjóthleðslur sjást víða í tóftinni en eru þó fremur ógreinilegar nema í norðausturhorninu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-207:004 *Hveravað* heimild um vað 64°39.758N 21°24.836V
"Á móts við stórt skarð fyrir neðan Tunguhver er vað á ánni, sem heitir Hveravað (Kvararvað og Kvararnes er nefnt í landamerkjabréfi 1884)." segir í örnefnalýsingu. Árfarveginum hefur á þessum stað verið breytt til að koma í veg fyrir að vatn rynni of heitt úr hvernum í ánna. Merki vaðsins eru því ekki greinileg enda umhverfi gjörbreytt. Grösugir bakkar eru beggja vegna árinnar á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kleppjárnsreykir

BO-207:005 *Grafarbarð* örnefni mógrafir 64°39.400N 21°24.789V
"Fyrir neðan við ána var nefnt Grafarbarð, og þar upp af hét Dýjakelda." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Grafarbarðið er en jarðvegur í landi Kleppjárnsreykja fast við ánna er mjög leirkenndur þannig að líklegt verður að teljast að mógrafirnar hafi verið nokkurn spöl sunnan við á. Það svæði er nú komið undir tún og merki mógrafanna sjást ekki. Sléttuð tún.
Hættumat: hætta vegna túnræktar
Heimildir: Ö-Kleppjárnsreykir, 1

BO-207:006 *Dysið* dys legstaður 64°39.108N 21°24.753V
"Dysið er grjóthrúga ofan við gamla veginn rétt við hann. Þar er talinn dysjaður Eyjólfur Kolgrímsson, er 1538 var þarna á ferð með Ögmundi biskupi. Hann rak sig í spjót af leikaraskap og var grafinn þarna." segir í örnefnalýsingu. "Ýmist var sagt Dysið eða Dysin - Jón [Ívarsson] sagði Dysin. Hún er út undir Hamramelum ofan við veginn." segir í athugasemdum við lýsinguna. Fast sunnan við gamla þjóðveginn sem lá sunnar og nær fjallshlíðinni en vegurinn gerir nú, er Dysin. Hún sést enn, um 40 m austan við merki.

Dysin er í vegarkannti á þýfðu svæði. Mikið af því grjóti sem myndaði dysina var fjarlægt um eða fyrir 1990 en ekki eru menn á eitt sáttir um hver hafi verið þar að verki. Merki dysjarinnar eru þó enn greinileg og virðist hún um 5 X 5 m að stærð.
Hættumat: hætta vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kleppjárnsreykir, 1; AV 1.

BO-207:007 *Selhvammur* tóft sel 64°38.803N 21°24.505V
"Utan við [Sund] er hvammur, sem heitir Selhvammur." segir í örnefnalýsingu. Selhvammur er rétt austan við merki, svotil beint fyrir ofan íbúðar- og gróðurhúsin Reit. Selið er um 1 km ofan við þjóðveg, fast upp við klettabelti í hlíðinni.



Umhverfis er mýra- og móasvæði. Um 80 m vestan og örlítið neðar en selið er lítill lækur.
Selið er mjög ógreinilegt og að miklu leyti hlaupið í þúfur. Greinileg eru 2-3 hólf en ekki er ólíklegt að þau hafi verið fleiri enda er austurhluti tóftarinnar alveg

hlaupinn í þúfur. Hún er um 14 m á lengd en 12 m á breidd. Op er á norðurhlið. Dýpt tóftarinnar er 0,8-0,9 þar sem hún er mest.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kleppjárnsreykir, 2

BO-207:008 *Kleppjárnsreykjahver* heimild um þvottalaug 64°39.261N 21°24.171V
"Aðalhverinn er sunnan við skólann og vestan við Snældubeinsstaði." - "Hverinn mun hafa verið nýttur áður fyrr bæði til þvotta og brauðgerðar." Hverinn er 30-40 m sunnan við íbúðarhúsið á Kleppjárnsreykjum sem gjarnan er nefnt "Læknahúsið" þar sem það var lengi læknisbústaður. Steypt þvottahús var sett 50-60 m austan við hverinn og stendur það enn.
Hverinn er enn notaður og í kringum hann eru steyptar hellur o.þ.h. Allt um kring er gróðursælt mosasvæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Tryggvi Þórðarson: Varmalindir, 39-41

BO-207:009 tóft óþekkt
64°39.142N 21°24.274V
20-25 m suðvestan við suðvesturhorn 003 og tæpum 20 m sunnan við griðinguna sem girðir af gamla túnið á Kleppjárnsreykjum er tóft. Hún er um 5 m neðan við lítið klettabelti sem er í hlíðinni á þessum stað.
Umhverfis eru þýfðir hagar á um 20 m breiðu svæði, milli klettabeltisins og grófs vegaslóða sem er ofan við girðinguna.
Tóftin virðist einföld og er með op á vesturvegg nyrst. Hún er mest um 1 m á hæð en minnst um 0,3 m og er nokkuð hrunin.
Hættumat: hætta vegna ábúðar





BO-207:010 tóft útihús
64°39.230N 21°24.278V
Um 20 m austan við 002 og beint neðan við rafmagnslínustaur er þúst á lítilli hæð í túninu. Hún lítur út fyrir að vera alveg sigin og ógreinileg tóft útihúss.
Tóftin er í þýfðu túni.
Tóftin er um 10 X 5 m að stærð og skiptist í 2 hólf. Op er á suðurvegg tóftarinnar. Greina má stutta grjóthleðslu innarlega á vestur innvegg tóftarinnar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-207:011 garðlag túngarður 64°39.203N 21°244.313V
Frá norðvesturhorni tóftarinnar 003 liggur túngarður til norðvesturs. Garðurinn er nokkuð greinilegur á um 120 m bili en verður eftir það ógreinilegri.
Garðurinn liggur að mestu yfir fremur rakt svæði sem þó hefur verið tún.
Garðurinn er mest 2,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er alveg gróinn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

BO-207:012 *Málubrot* heimild um vað 64°39.721N 21°24.766V
"...Í Hveranesi, rétt við merkin, er brot á ánni nefnt Málubrot. Þetta er klapparhryggur þvert yfir ána, um 2 fet á breidd. Þar fór Málfríður, kona Davíðs á Snældubeinsstöðum, yfir ána, og dregur vaðið nafn af því." segir í örnefnalýsingu Hamra, en vaðið er í Kleppjárnsreykjalandi.
Brot er á ánni skammt austan við þar sem heitavatnsleiðslan frá Deildartungu fer yfir ána og er akvegur á þessum stað beggja vegna árinnar. Áin er mjög grunn og lygn og ganga smáar grjóteyrar fram í hana báðu megin.
Heimildir: Ö:Hamrar, 2

BO-208 Hamrar

24 hdr. 1708. Bændaeign. Ásgarður nýbýli 1944 og Bali nýbýli 1965 en byggð lagðist af 1985 og var land þess þá lagt til Ásgarðs sem nú á mestanhluta Hamralands. Búskapur hefur ekki verið á Hömrum frá 1965 en tún eru nýtt af öðrum.
1917: 38.984 m2 = 12 dagsl. 1/3 þýft. Garðar 925 m2. "Meginhluti landsins er í Litlakroppsmúla og á breiðum stalli, sem myndast fram af honum. Er landið fremur hrjóstrugt, klettar og melar með móa og mýrargróðri á milli. Landið undir hálsinum er bungumyndað og lítt til ræktunar fallið." BB II, 316.

BO-208:001 *Hamrar* bæjarhóll bústaður 64°38.902N 21°25.566V
"Bærinn stóð áður ofarlega í túni upp undir hálsinum á allhárri melabungu, en var fluttur niður að þjóðvegi" segir í Byggðum Borgarfjarðar. Bæjartóftirnar eru efst á hæðinni í túninu 100-150 m ofan við núverandi íbúðarhús, undir klettabelti fast austan við Bæjargilið (Hamragil).
Tóftirnar eru vestast á hæðinni, rétt austan við það sem túnið snarlækkar niður í lægð beint norður af Bæjargilinu.

Á bæjarhólnum eru rústir eftir síðasta íbúðarhús á Hömrum, en í því var síðast búið 1954. Það var steinsteypt, með kjallara, og hefur því raskað hólnum. Fast sunnan við rústir þess eru þústir sem gætu verið leifar eldra húss. Rétt sunnan við rústirnar eru leifar af kálgarði sem sýndur er á túnakorti 1917. Bæjarhóllinn sjálfur er um 24x12 m að stærð en varla hærri en
1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; BB II, 316



BO-208:002 tóft fjós 64°38.906N 21°25.553V
Um 10 m austan við bæjarhól 001 eru aðrar rústir eftir fjós og hlöðu. Rústirnar eru uppi á hæð í túninu, neðan við Hesthússtall austan Bæjargilsins.
Rústirnar eru steyptar að hluta en annars grjóthlaðnar og torf yfir. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför grjóts allt að fjögur. Þær eru um 12x8 m að stærð og skiptast í fjögur hólf. Hlaðan er stærst í miðju en vestan við hana er eitt hólf óþekkt. Austan við hlöðuna eru tvö samliggjandi hólf og er það nyrðra fjós en hitt óþekkt. Veggurinn á milli hlöðu og fjóss er steyptur uppúr og niður úr, og eins virðist hafa verið með norðurvegg fjóssins, en hann er hruninn. Mikið er af steypu-, bárujárns- og timburbraki í rústunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


Hamrar 1917
208-006
Húsatún
208-015
Vegur
Lækur
208-005
208-007
N
208-002
208-003
208-001
208-004
208-013
20 m
Garður
208-016
Lækur
Bæjargil


Hamrar - minjakort
208-008
208-019
Hveranes
Stekkjanes
Reykjadalsá
208-022
208-018
208-009
Mið-
nes
Mjóa-
nes
Ásgarður
208-021
208-017
208-010
N
208-006
208-015
208-011
208-020
208-001
Fornt
túnstæði
208-014
208-012
200 m

BO-208:003 tóft útihús 64°38.897N 21°25.576V

Um 10 m vestan við bæjarhól 001, og örlítið sunnar, er tóft. Tóftin er á brekkubrún ofan við lægð, vestan bæjarhólsins. Hún er um 5x3 m að stærð en hlaupin í þúfur og því frekar ógreinileg, sérstaklega austurveggur hennar. Hún snýr í austur - vestur með op til norðurs. Grjót er greinilegt í veggjum, mest tvö umför, og hleðsluhæð er um 0,3 m. Fast vestan við tóftina er garðbrot sem líklega er hluti garðsins sem merktur er á túnakort 1917. Garðbrotið nær um 2 m í suður frá tóftinni en slitnar þá. Aftur á móti eru suðurveggur og hluti austurveggjar garðsins mjög greinilegir.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-208:004 *Hesthússtallur* tóft hesthús 64°38.900N 21°25.534V

Um 30 m suðaustur af bæjarhól 001, undir Hestússtalli er tóft eftir hesthús og fast vestan við hana er önnur tóft eftir votheysgryfju.



Hesthússtallur er klettabelti sem teygir sig í austur frá Bæjargili.

Tóftirnar snúa báðar í norður - suður. Eystri tóftin, hesthúsið, er tvískipt og um 7x6 m að stærð. Op eru á báðum hólfum og vísa í norður. Tóftin er grjóthlaðin og torf yfir. Umför grjóts í hleðslum eru allt að sex en hleðsluhæð er um 1 m. Suðurveggur tóftarinnar er byggður inn í brekkuna sem liggur upp í Hesthússtall ofan við. Um 4 m vestan við tóftina er hringlaga gryfja í brekkuna, með op til norðurs. Hún er um 2 m djúp með grjóti í börmum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-208:005 tóft rétt 64°38.984N 21°25.438V

Rétt er í norðausturhorni túnsins, um 180 m í norðaustur frá bæjarhól 001, þar sem túnið endar og við tekur örfoka melur til norðurs og austurs. Réttin er neðst í túnhallanum neðan við Hamrastallan.



Réttin er eingöngu grjóthlaðin, en mikið af grjóti hefur nú verið fjarlægt úr henni. Hún snýr í austur - vestur, með op til vesturs og líklega norðurs einnig. Réttin er byggð við gamla túngarðinn og þjónar hann sem norðurveggur hennar, en sá veggur er tvöfaldur, þ.e. innri og ytri steinaröð. Leifar af túngarðinum ganga svo til austurs og vesturs frá réttinni, en þó aðeins fáa metra. Bæði réttin og garðurinn eru hlaðin úr frekar stóru grjóti og aðeins eitt umfar stendur eftir, mest 0,5 m. Réttin er um 13x5 m að stærð, tveggja hólfa og er eystra hólfið mun stærra en hitt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-208:006 *Húsatún* tóft fjárhús 64°39.084N 21°25.554V



Í Húsatúni, sem er um 300 m í norður frá bæjarhól 001, neðan við þjóðveg, voru fjárhús. Tóftin er rétt norðaustan við Reiðingaklett 015, inni á túni Ásgarðs.
Á þessum stað eru nú beitartún frá Ásgarði.
Tóftirnar eru á dálitlum hól sem sker sig úr umhverfinu fyrir lit og lögun þúfna. Tóftirnar eru aftur á móti mjög ógreinilegar og virðist sem að hluta hafi verið jafnað yfir þær. Aðeins eitt hólf er augljóst, syðst og austast á hólnum en að öðru leyti er aðeins um óljósar þúfur og dældir að ræða. Hóllinn er um 20x15 m að stærð en hólfið suðaustan í honum er um 5x3 m og hleðsluhæð um 0,5 m. Timburbrak er á hólnum og umhverfis hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-208:007 þúst bænhús 64°38.939N 21°25.565V

Um 10 m austan við gömlu tröðina sem enn mótar óljóslega fyrir, og um 70 m norðnorðaustan við bæjarhól 001, eru þúfur í annars sléttu túni. Þar er sagður vera kirkjugarður. Um 35 m austur af þessum þúfum er dálítil hækkun í túninu og tvær dældir í miðju. Þar gæti hafa verið bænhús.



Um 10 m norðan við meinta tóft er svo annað stærra þúfnasvæði. Túninu hallar á þessum stað lítið eitt til norðurs og er allslétt að undanskildum þessum þremur stöðum.
Kirkjugarðurinn, eða vestara þúfusvæðið hefur sex aflangar þúfur sem liggja þétt saman og snúa allar í norður - suður. Umhverfis þær er nokkuð áberandi dæld eða sig í túninu. Eystra þúfusvæðið er neðst í túninu suðaustan við núverandi íbúðarhús. Þar eru a.m.k. fjórtán aflangar þúfur og snúa átta af þeim í austur - vestur. Þær liggja allar mjög þétt saman og nær samgrónar víða. Um 10 m sunnan við þúfnaröðina er hæðin í túninu og dældirnar tvær í hana. Báðar snúa í austur - vestur en op eru ógreinanleg. Syðri dældin er mun greinilegri og án efa tóft. Grjót er ekki að sjá í dældunum né á hæðinni umhverfis þær. Þorsteinn Pétursson kannaðist aðeins við "kirkjugarðinn" rétt austan við tröðina, en kunni enga skýringu á vestara

þúfnasvæði né dældunum. Bænhúsið á Hömrum mun hafa verið aftekið e. 1600; PP, 125.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: PP, 125

BO-208:008 *Ferðamannavað* heimild um vað 64°39.579N 21°25.858V
"Eftir Stekkjarnesi liggur vegur niður að Reykjadalsá að vaði..." segir í örnefnalýsingu. "Ferðamannavað er af Stekkjarnesi og tengist gömlum vegi sem liggur gegnum Hamraflóa...í beinni stefnu áfram handan árinnar milli Brekkukots og Deildartungu." segir í annari lýsingu. Vaðið er um 1,5 km beint norður af bæjarhól 001.

Vegurinn liggur út nesið í norður frá bæjarhúsunum í Ásgarði, eftir sléttuðum túnum. Norðan árinnar heldur vegurinn áfram upp hallann, mjög greinilegur enda ennþá notaður.
Við vaðið rennur áin í bugðu vestur fyrir nesið. Hún er lygn og grunn með gróna bakka beggja vegna.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1-2, Örnefnaskrá Þorsteins Péturssonar og Magnúsar Jakobssonar, 2

BO-208:009 *Stekkjarnesrúst* heimild um stekk 64°39.433N 21°25.868V
"Upp af Stekkjarnesinu í flóanum er rúst eftir stekk, Stekkjarnesrúst." segir í örnefnalýsingu. "Upp af Stekkjarnesi, austan Ásgarðsvegar, móts við ræsi á veginum, var Stekkjarnesrúst, leifar af stekk, sem nú hefur verið jöfnuð út og þar ræktað tún." segir í annari. Þar var talsverður hóll samkvæmt þeirri þriðju. Staðurinn þar sem stekkurinn var er 150-200 m norður af bæajarhúsum í Ásgarði, á dálitlum hól austan við veginn að Ferðamannavaði 008.
Ekki sést til fornleifar vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar, 2, Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 3; Ö-Hamrar HS, 1

BO-208:010 heimild um mógrafir 64°39.152N 21°25.447V
"Aust-norðaustur af norðausturhorni Húsatúnsins [006] eru Dýin ... Milli Dýjanna og mela voru mógrafir og þar var tekinn upp mór fram undir 1950. Á þessum stað voru 4-5 stungur." segir í örnefnalýsingu. Húsatúnið er um 300 m norður af bæjarhól 001 en stungan var um 500 m norðaustur af honum.

Á þessum stað eru nú þýfðir og blautir beitarhagar frá Ásgarði. Norðan við eru sléttuð tún en til suðurs eru hálfgrónir melar upp að þjóðvegi. Ekki sést til mógrafa á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar, 2, Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 4

BO-208:011 *Spjótalág* áletrun
39.022N 21°25.103V
"Innan við merkin, í Kleppjárnsreykjalandi, er dys. Upp á melnum hér fyrir ofan gamla veginn er steinn, sem á er klappað Ó. Þangað á hinn deyjandi maður að hafa beðið um að vera borinn og klappað þennan staf með spjótsoddi sínum. Af þessum sökum hefir síðari tíminn viljað nefna Hamralág Spjótalág." segir í örnefnalýsingu. Melurinn, Hamralág, nær austur frá merkjum og alveg vestur að túninu sem bæjarhóllinn er í. Steinninn er fast ofan við

veginn sem mótar fyrir á melnum, um 200 m ofan við núverandi þjóðveg og um 450 m austnorðaustur af bæjarhól 001. Á melnum skammt suður frá steininum eru vatnstankar hálfniðurgrafnir.

Steinninn er á miðri mosaþúfu en sést vel. Nokkrir aðrir stakir steinar eru nálægt honum, en hann er þeirra syðstur. Hann er um 0,5x0,4 m að stærð og um 0,2 m eru ofanjarðar. Hann er flatur að ofan og mosavaxinn, en mosinn hefur verið rifinn frá Ó-inu. Stafurinn snýr þannig að hann væri lesinn frá suðri til norðurs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hamrar, 3



BO-208:012 tóft stekkur
64°38.754N 21°25.410V
"Efsta sundið heitir Lambasund og þar eru rústir af stekk, alveg vestur við Gilið." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 300 m suður og ofan við bæjarhól 001, fast austan við Bæjargilið undir brekkunni ofan við efsta stallinn. Sundið sjálft er frekar blautt, en þurrara er inn undir brekkunni þar sem stekkjartóftin er.

Stekkurinn er byggður upp við stóran stein eða klett neðst í brattri brekku. Hann er um 8,5x6 m að stærð og tvískiptur. Syðra hólfið er stærra, snýr í austur - vestur, með tvö op á norðurhlið. Eystra opið liggur inn í neðra hólfið sem er nokkuð jafnt á alla kanta og hefur op til norðurs. Tóftin er orðin vel gróin en virðist hafa verið að mestu grjóthlaðin úr fremur stóru grjóti. Umför grjóts eru allt að fjögur en hleðsluhæð um 0,5 m. Í suðurvegg efra hólfsins er að hluta stór steinn eða klettur í hlutverki veggjar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hamrar, 3, Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 5



BO-208:013 tóft fjárhús
64°38.928N 21°25.375V
Um 160 m austur af bæjarhól 001, í suðausturhorni túnsins, er tóft. Hún er vafalítið eftir fjárhús. Tóftin er efst og austast á brekkunni í túninu, rétt neðan við neðsta Hamrastallinn. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og snýr í austur - vestur. Hleðsluhæð er um 1 m en grjót er mjög stórt og umför aðeins tvö. Tóftin er tvískipt, um 11x5 m og vísar opið til vesturs. Vestara hólfið er stærra og liggur grjóthlaðinn garði eftir því miðju. Úr norðausturhorni þess virðist vera gengt yfir í eystra hólfið. Um 13 m vestan við tóftina eru leifar af garði sem liggur í suður - norður. Hann er um 24 m langur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar, 3

BO-208:014 *Nónvarða* varða eyktamark 64°38.841N 21°25.273V
"Upp og austur af Lambasundsbrún eru Nónhólar. Þeir eru hæstu klettabeltin, og á þeim er Nónvarða í landsuður frá Hömrum, en nón á henni er líklega frá Snældubeinsstöðum." segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 250 m suður af bæjarhól 001, talsvert austan við Bæjargil. Hún er uppi á efsta Hamrastallinum, séð frá Hömrum, og sést ekki frá bænum. Stallurinn er mosagróinn yst á klettabrúninni þar sem varðan er en grasigróið sund er sunnanvið hann, upp að næsta stalli. Vörðubrotið blasir við þegar komið er upp á stallinn. Það er um 0,5 m á hæð en mjög mikið er af grjóti umhverfis það. Frá brotinu sést vel heim að Snældubeinsstöðum,

en ekki að Hömrum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hamrar, 4

BO-208:015 *Reiðingaklettur* örnefni rista 64°39.012N 21°25.603V
Um 200 m norður af bæjarhól 001, fast norðan við þjóðveg, beint á móti hliðinu heim að Hömrum, er klettur. Hann er nefndur Reiðingaklettur, en á honum var reiðingstorf þurrkað. Neðan við klettinn eru tún Ásgarðs sem áður voru eign Hamra. Austarlega í þeim er gamla Húsatúnið 006. Kletturinn er ávalur og flatur að ofan. Hann er um 15x10 m að ummáli og mosagróinn að miklu leyti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hamrar, 4

BO-208:016 *Kvíamói* tóft kvíar 64°38.858N 21°25.608V
"Stallur ... móti Hesthússtalli heitir Kvíastallur, aðeins utan við Bæjargil." segir í örnefnalýsingu. "... að vestanverðu við gilið eru gamlar kvíar, byggðar úr stórgrýti, í kring Kvíamói, þar upp af er hár klettur, Kvíastallur." segir í annarri. Hesthússtallur er austan við Bæjargil en Kvíastallur er vestan þess. Undir Kvíastalli, beint neðan gilsins og um 90 m suðvestan bæjarhóls 001 er kvíatóft. Úr gilinu rennur lækur til norðurs. Á kafla rennur hann í tveimur kvíslum og er rústin á milli þeirra. Rétt vestan við rústina, neðan við Kvíastall, er trjáreitur.



Rústin er mjög gróin og illsjáanleg fyrr er komið er alveg að henni. Hún er um 8x3 m að stærð, snýr í norður - suður og virðist vera tvískipt. Á henni eru tvö op, til suðurs og vesturs. Rústin er torf- og grjóthlaðin, mest þrjú umför grjóts en hleðsluhæð er um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar, 4; Ö-Hamrar HS, 2

BO-208:017 *Rústin* tóft 64°39.203N 21°26.685V
Upp af Mjóanesi "er smáhóll, gömul bygging, kölluð Rústin." segir í örnefnalýsingu. "Upp af miðju Mjóanesi, syðst á Miðneshöllum, er Rústin..." segir í annarri. Rústin er um 1 km í vestnorðvestur frá bæjarhól 001. Óvíst er um hlutverk byggingarinnar.

Á nesinu vestan við Rústina er sléttað tún en beitartún Ásgarðs allt umhverfis hana. Rétt sunnan við hana liggur skurður í austur - vestur útí ána. Rústin sker sig úr umhverfinu fyrir lit og lögun þúfna, auk þess sem hún stendur nokkuð hátt. Hins vegar er hún mjög gróin og hlaupin í þúfur og því ómögulegt að greina stærð eða lögun. Stærð hólsins er um 20x10 m og hann er 1-2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar HS, 1. Örnefnaskrá Þ.P og M.J., 3

BO-208:018 *Mógrafabörð* örnefni mógrafir 64°39.491N 21°25.458V
Mógrafabörð eru inn af Stekkjarnesrústinni 009 milli Stekkjarness og Hveraness, í norðnorðaustur frá bæjarhól 001, um 500 m neðan við veg. "Austan við norðausturhorn Ásgarðstúns, við ána, hækkar landið snögglega og heitir þar Fjárból og brekkan Fjárbólsbrekka ... Austur af Fjárbólinu og suður af Hveraneshöllum eru Mógrafabörð, stórþýft svæði." segir í örnefnalýsingu. Áin rennur norðan við svæðið en vestan við það eru sléttuð tún frá Ásgarði. Ekki sést til mógrafa á þessu svæði. Í örnefnaskrá Þorsteins og Magnúsar segir að ekki sé vitað hvort þar hafi verið tekinn mór.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar HS, 1. Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 3

BO-208:019 *Kolaþúfa* örnefni landamerki 64°39.653N 21°24.921V
"Innan til við mitt [Hveranes] er dökk þúfa, heitir Kolaþúfa." segir í örnefnalýsingu. Kolaþúfa er á merkjum móti Kleppjárnsreykjum um 100 m ofan við ána. "Nafnið og litinn fékk hún af viðarkolum sem sett voru til að auðkenna hana sem kennileiti á landamerkjum." Austan þúfunnar er landamerkjaskurður í norður - suður og rétt sunnan hennar er frárennsli úr skurðinum í vestur. Þúfan er ávöl og bungulöguð. Hún er um 8x6 m að ummáli og 1,5 m á hæð, nokkuð náttúruleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hamrar HS, 1. Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 3

BO-208:020 áletrun landamerki 64°38.846N 21°26.875V

"Vestur á merkjum rennur Kliflækur sem á upptök á hálsbrúninni. Skammt frá ánni rennur hann fram af háum klettastalli. Í stallinn, rétt austan við lækinn, er höggvið krossmark sem sýnir merkjapunkt." segir í örnefnalýsingu. Um miðja vegu milli Ásgarðs og Stóra-Kropps er læknum veitt undir veginn. Tæpa 100 m neðar er krossmarkið í klöppinni, um 20 m austan við þar sem lækurinn fer fram af stallinum. Neðan við stallinn er mýri fram í ána sem á þessum stað rennur í bugðu til norðurs og myndar háa rofbakka norðan megin. Steinninn sem krossinn er klappaður á er illsjáanlegur fyrr en komið er að honum. Sá hluti hans sem stendur út úr brekkunni er um 1x0,5 m að stærð. Steinninn er flatur að ofan og er krossmarkið á honum miðjum, um 10 sm langt en ekki mjög djúpt klappað. Fast neðan við steininn er gamall fúinn girðingarstaur, en engin girðing er þar nú. Óvíst er um aldur krossmarksins en þess er getið í landamerkjalýsingu Hamra 1884.
Heimildir: Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 2

BO-208:021 *Hverfisteinsvað* heimild um vað 64°39.359N 21°26.781V
"Milli Mjóaness og Miðness var Hverfisteinsvað sem bar nafn af steini í ánni og vatnsdýpt var miðuð við. ... Þetta kennileiti hvarf í vetrarflóði fyrir nokkrum árum" segir í örnefnalýsingu. Vaðið var um 1,3 km í norðvestur frá bæjarhól 001. Áin er fremur grunn og lygn á þessu svæði og sér í ljósa móhellu í botni hennar. Austan megin hennar er sléttað tún en grónir bakkar með ánni. Vestan megin er hálfgróin sandeyri framm í ána. Engar götur eru austanmegin árinnar en mótar fyrir þeim vestan megin.
Heimildir: Örnefnskrá Þ.P. og M.J., 2

BO-208:022 *Grunnabrot* heimild um vað 64°39.505N 21°25.566V
"Grunnabrot er nokkru ofar (en Ferðamannavað), í buktinni milli Stekkjarness og Hveraness" segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 1 km frá bæjarhól 001 í norðaustur frá bæjarhúsum í Ásgarði. Sunnan árinnar eru sléttuð tún en hálfgróinn melur norðan við. Áin er breið og lygn á þessu svæði. Bakkarnir eru grónir og frekar brattir sunnan megin en lágir eyrarbakkar norðan megin. Engin merki eru um götur.
Heimildir: Örnefnaskrá Þ.P. og M.J., 2

BO-225 Skáney

60 hdr. 1708 með Austurkoti (20 hdr) og Vesturkoti (10 hdr). Þessir þrír bæir voru allir í sama túni. Vesturkot lagðist í eyði á 18. öld. Austurkot (BO-226) var lögbýli til 1909 og þar var húsmennska til 1925. Einnig var Hallvarðsstaðir/Sudda gamalt eyðibýli/sel. Getið í Landnámu og Gunnlaugs s. Skáney var bændaeign og þar var hálfkirkja sem átti 10 hdr í heimalandi. Nes nýbýli 1937 á um 1/3 af Skáneyjarlandi. Birkihlíð nýbýli 1943 á u.þ.b. 1/3 úr Skáneyjarlandi. Endanleg landaskipti fóru fram 1978.
1917: 58.651 m2 = 19 dagsl. Garðar 2464 m2. (Í Skáneyjarkoti var tún 36.000 m2 = 11 dagsl. 1/4 þýft. Garðar 324 m2 og var það þá nytjað frá Skáney.). "Nær hálft land Skáneyjar er fyrir norðan bunguna, Norðurland. Þar skiptast á móar, melar, mýrar og valllendi. Beitiland er þar gott ... Landið sunnan undir bungunni er að miklu leyti ræktað, en þar voru mýrar, holt og melar ... Laxveiðitekjur af Reykjadalsá ... Vatnsból hefur löngum þrotið í langvarandi þurrkum og frostum." BB II, 338 (Nes:) "Nær 2/3 landsins eru ræktaðir, en það var áður mýrar, móar, valllendi og áreyrar, hallalítið." BB II, 331 (Birkihlíð:) "landi sunnan við Skáneyjarbungu ... hallar móti suðri, og eru þar móar, melar, holt og mýrarsund ... Næst Hvítá eru melaflákar, en er ofar dregur til Skáneyjarbungu, skiptast á holt, vallendismóar og mýrarsund." BB II, 302

BO-225:001 *Skáney* bæjarhóll bústaður 64°40.678N 21°19.769V
Norðvestan við yngra íbúðarhúsið (reist eftir 1990) á Skáney er stór hóll eða bunga í túninu, þar stóð gamli bærinn. Á þessum stað er nú beitartún, þverskorið með skurði í austur - vestur fast norðan hólsins. Hóllinn er ójafn að lögun og hæð en á honum mótar fyrir tóftum. Þær eru hins vegar mjög grónar auk þess sem að einhverju leyti hefur verið jafnað úr þeim. Talsvert er af grjóti í hólnum, en engin greinileg form. Á hólnum miðjum er L-laga tóft, torfhlaðin, og er hún sú eina sem greinanleg er. Hóllinn er um 28x20 m og um 1 m á hæð. Bæjarhús sem merkt er inná túnakort frá 1917 var byggt úr steinsteypu 1912 og stendur fast austan við yngra íbúðarhúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-225:002 heimild um fjárhús 64°40.640N 21°19.405V
Á sama stað og fjárhús standa nú, um 250 m í austur frá bænum, voru áður fjárhús og hlaða. Þau voru rifin 1925. Framan við fjárhúsin er nú sléttað malarplan en sléttuð tún norðan og sunnan megin við þau. Ekki sést til rústa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


Skáney 1917
225-011
225-012
225-010
N
225-009
20 m
Garaðar
225-022
225-001
225-021
225-030
225-002
225-031
Skáneyjarkotstún


Skáney - minjakort
Hvítá
Geldinganes
225-018
Suddu-
nes
225-020
225-017
N
225-019
200 m
225-027
225-014
225-008
Skáneyjarbunga
225-015
225-028
225-016
200
225-010
225-012
225-023
225-001
225-021
225-013
Skáney
Birkihlíð
225-007
225-006
225-004
225-005
225-024
225-025
Nes
225-026
Skáneyjarnes
Grímsstaðanes
Reykjadalsá

BO-225:003 heimild um útkirkja 64°40.678N 21°19.769V
[1367]: a xc j heimalande eina ku.
suo sem Vilchinsbok avijsar; Hítardalsbók DI III 222. 24.5.1384: Seljandi jarðarinnar Árni Gunnlaugsson sagði þessa skyld í jörðina - at kirkian ati tiu hundrut i heima landi en skildi af ser um fyrnd aa kirkiu alla skildaga; DI III 376. 1397: a xc j heimalandi ... Margrietar lykneski af Nordnesi; Máld DI IV 121. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69} aftekin e. 1600; (PP, 125).
Ekki er vitað hvar kirkjan var. Þó er ekki ólíklegt að mannabein sem fundust í Gullhól 022 séu vísbending um staðsetningu hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-225:004 *Reynisstekkur* tóft stekkur 64°40.278N 21°19.724V

"Í suður frá bæ er klettur, sem heitir Reynisstekkur..." segir í örnefnalýsingu. Kletturinn er mjög greinilegur þar sem hann rís einn í þýfðu holti um 1 km suður af bæjarhól 001. Suðaustan við klettsnefið er stekkjarúst. Hún er um 150 m vestan við merkin. Holtið er stórgrýtt og umlukið sléttuðum túnum.
Þar sem stekkurinn var eru nú tveir mjög áberandi grænir blettir innan um þýfið. Þeir liggja þétt saman og eru samsíða að nokkru. Umhverfis blettina mótar fyrir grjóthleðslum. Þær eru úr stóru grjóti en slitróttar og að mestu hrundar. Stærð rústarinnar er um 12x7 m en hleðsluhæðin er aðeins um 0,2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 1-2



BO-225:005 *Eiríksstekkur* tóft stekkur
64°40.168N 21°19.840V
"Í suður frá [Reynisstekk 004] er annar stekkur, sem heitir Eiríksstekkur, sem er efst í Eiríkssundi." segir í örnefnalýsingu. Rúma 200 m sunnan við Reynisstekk er annað grýtt holt sem hallar nokkuð til suðurs. Þar er stekkjatóft. Fast sunnan við tóftina er skurður sem gengur í austur - vestur en austnorðaustan við hana er lítil klettanibba. Tóftin snýr í austur - vestur og hefur op til vesturs. Hún er torf- og grjóthlaðin og um 5x3,5 m að stærð. Hleðsluhæð veggja er um 0,6 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 2

BO-225:006 *Stuttivegur* heimild um brú 64°40.159N 21°20.194V
"Norður af [Miðholti] er slakki, sem heitir Saurdæld. Yfir hana syðst er farið; þar var lögð brú til forna yfir sundið og er enn nefnd Stuttivegur." segir í örnefnalýsingu. Brúin var fast austan við veginn heim að Skáney, þar sem læknum er veitt undir hann, um 1 km frá bæjarhól 001. Á þessum stað er dálítill gróinn slakki eða dæld en norðan við hana tekur við holt sett stökum klettanibbum. Brúin var grjóthlaðin en henni hefur nú verið rutt burt. "Saurdæld var mjög blautt foræði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 2

BO-225:007 *Hundagálgi* náttúrumin 64°40.228N 21°20.338V
"austan við [Rauðalæk] og suðvestur undan Saurdæld er klettadrangur hár, um mannhæð; er hann nefndur Hundagálgi." segir í örnefnalýsingu. Kletturinn er hluti af berggangi og er tæpa 100 m vestur af auganu þar sem lækurinn rennur undir veginn heim að Skáney, um 1 km suðvestur af bæjarhól 001. Norðan við drangann er klettarani sem teygir sig til norðurs. Sunnan við er mjótt sund yfir í annan klett lægri.
Óvíst er af hverju örnefnið er dregið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skáney, 2

BO-225:008 *Grafarsund* heimild um mógrafir 64°41.087N 21°20.584V
"Norður af Gálganum er mjótt, krappt og lítið sund, sem heitir Grafarsund. Þetta er ekki gamalt nafn, því stutt er síðan þar var farið að taka mó." segir í örnefnalýsingu. Sundið er á landamerkjum Sturlureykja og Birkihlíðar, skammt sunnan við Grástein og beint í vestur frá mynni Húsadals. Sundið er þýfð og mosagróin mýri sem hækkar til suðurs. Upp við landamerkjagirðinguna, suðvestan við Mótjörn, sér móta fyrir mógröfum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skáney, 4

BO-225:009 tóft hesthús 64°40.696N 21°19.951V
Norðan við Birkihlíð er sléttað tún, en vestan í því liggur vegur upp að möstrum á Skáneyjarbungu. Fast austan við veginn er hestústóft. Á þessum stað var hús með tveimur burstum, hlaðið úr torfi og grjóti en rifið á árabilinu 1925-1930. Hlutar af veggjum eru enn uppistandandi en erfitt er að greina þá þar sem mikið er af timbur- og bárujárnsbraki í og við tóftina. Hún er um 4,5x3,5 m að stærð og hleðsluhæð um 0,5 m. Um 10 m norðan við tóftina er garður eða garðbrot. Það er um 1 m á hæð og liggur í sveig til suðurs um 20 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



BO-225:010 *Skriðugarður* garðlag varnargarður 64°40.733N 21°19.660V
"Beint upp af Skáneyjarbæ var hlaðinn gríðarmikill garður, sem nefndur var Skriðugarður, og í vesturenda hans hét Skriðuklettur." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur skáhalt í norðvestur í gegnum trjáræktarreitinn ofan við íbúðarhúsið á Skáney. Garðurinn er í allmiklum halla en neðan við brekkuna og suður að bænum er beitartún. Upptök garðsins eru efst í túninu, norðan við bæjarhúsin. Hann er hlaðinn úr torfi og stóru grjóti, en er víða orðinn mjög gróinn. Garðurinn er allt að 3 m á hæð, um 2 m á breidd og hátt í 200 m langur.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Skáney, 3

BO-225:011 *Gerði* örnefni 64°40.757N 21°19.956V
"... efst og vestast í Skáneyjartúni hét Gerði ..." segir í örnefnalýsingu. Það er um 250-300 m norðvestur af bæ. Efst og vestast í heimatúninu er þýft svæði en neðan við það er sléttur grasbali. Fast vestan við túnið liggur malarvegur upp að möstrum á Skáneyjarbungu.
Hvergi sést til tófta á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 3

BO-225:012 *Laukabrekkur* örnefni 64°40.736N 21°19.500V
"... í miðju túni efst hétu Laukabrekkur. Þetta nafn er frá dögum Lassa í Skáney, sem var hér á 16. öld. Brekkan náði tæplega vestur á móti bæ." segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað er nú afgirtur trjáreitur ofan við bæjarhúsin. Brekkan er nokkuð brött, lyng- og mosagróin. Í hana hafa verið gróðursett m.a. fura, birki og greni og er gróðurinn mjög þéttur með bersvæðum á milli.

Laukurinn var nýttur sem krydd áður fyrr en er nú að mestu horfinn. Þó má í vætutíð finna sterka lykt af honum í brekkunni.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Skáney, 3

BO-225:013 *Grafarklettar* örnefni mógrafir 64°40.606N 21°19.174V
"Austanvert á mel austur af bænum, þar sem nú eru fjárhús, heitir melurinn ekki neitt, en Grafarklettar eru austast á þessum mel..." segir í örnefnalýsingu. Klettarnir eru beint austan við núverandi fjárhús.

Grafarklettar eru í miðju beitartúni sem hallar lítið eitt til til suðurs og mynda lítið klettabelti frá austri til vesturs. Klettarnir eru grónir að norðanverðu en snúa þverhníptir til suðurs. Neðan við þá er mýrarslakki en mógrafir er ekki sjáanlegar og ekki hefur þar verið tekinn mór í manna minnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 2

BO-225:014 *Húsadalur* örnefni 64°41.199N 21°19.058V
"Í norðvestur af Bungunni sjálfri er dalverpi, grunnur dalur eða mýrarsund, sem heitir Húsadalur." segir í örnefnalýsingu. Botn Húsadals er beint norðan Bungunnar. Húsadalur liggur í austur - vestur og markast af Skáneyjarbungu til suðurs en melaflæmi að norðan. Hann er mjög þýfður og blautur en allur sundurskorinn af skurðum sem liggja flestir eins og dalurinn í austur - vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 4

BO-225:015 *Þrívörður* varða leið 64°40.974N 21°20.338V
"Vestur af [Húsadal] suðvestanverðum eru holt með þremur vörðum. Þetta holt heitir Þrívörður." segir í örnefnalýsingu. Holtið er norðvestan við veginn upp að möstrunum á Bungunni. Holtið teygir sig í norður - suður og eru í því þrjár áberandi háar bungur, en á þeim standa vörðurnar. Holtið er hálfgróið lyngi og mosa, stórgrýtt og klettótt. Vörðurnar eru allar uppistandandi og mynda beina línu frá norðri til suðurs. Frá syðstu vörðunni í miðvörðuna eru um 80 m en frá henni í þá nyrstu eru um 130 m. Um þetta holt var áður kirkjuleið frá Hurðarbaki í Reykholt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skáney, 4

BO-225:016 *Gildruás* mannvirki refagildra 64°40.860N 21°19.744V
"Uppi á háhæðinni upp af Skáneyjarbæ er Gildruás, þar er gömul gildra." segir í örnefnalýsingu. Gildran er uppi á brúninni ofan við trjáreitinn og bæinn, en sést þó ekki fyrr en upp er komið. Ásinn er mjög stórgrýttur og nær frá Skáneyjarbungu í austri að Þrívörðum í vestri. Norðan við hann er Húsadalur.

Leifar gildrunnar eru á dálitlum kletti á miðjum ásnum. Hún var hlaðin úr stóru grjóti sem nú er allt hrunið og aflagað. Það myndaði rana eða göng og var æti sett í annan endann, en steinhella í hinn, sem lokaði á eftir tófunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skáney, 4

BO-225:017 *Byrgisásar* tóft 64°41.912N 21°19.827V
"Skammt austur af Grásteini eru Byrgisásar neðan við hlíðina. Það eru klettabelti; neðan við það er flóasund og láglendi. Þar eru Selflatir og þar rétt við þær, upp undir ásnum, eru rústir." segir í örnefnalýsingu. "Í Byrgisás undir einum klettinum er gamall stekkur." segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Grásteinn er á merkjum Birkihlíðar, Hurðarbaks og Sturlu-Reykja en neðan við flatirnar taka við melar, Geldinganesmelar, norður að Hvítá sem er um 400 m norðar. Ásarnir teygja sig frá austri til vesturs en norðan við þá er þýft valllendi sem lækkar niður á Selflatir sem eru sléttar, grónar grundir.
Tóft er austast á flötunum upp undir Byrgisási í dálitlum grasbala um 150 m austur af landamerkjagirðingu móti Hurðarbaki. Hún er um 9x3 m að stærð en mjög gróin og ógreinileg. Ekkert grjót er í henni og hleðsluhæð aðeins um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skáney, 5; Svör nr. 24.

BO-225:018 *Fróðastaðavað* heimild um vað 64°42.298N 21°20.601V
"Neðan til við [Geldinganesmela], vestan til í nesinu, er Fróðastaðavað, sem nú er ófært, en niður að því lá Vaðgróf." segir í örnefnalýsingu. Landamerki Birkihlíðar og Hurðarbaks liggja að Hvítá um Vaðgróf, sem er lítill slakki eins og gamall lækjarfarvegur. Sunnan við Vaðgróf eru blautar mýrar og tjarnir en austan og vestan hennar eru brattir rofnir bakkar niður í ána. Samskonar bakkar eru með ánni norðanmegin en ofan við eru Fróðastaðir.

Áin er bæði djúp og straumhörð á þessum slóðum og rennur nokkuð beint frá austri til vesturs. Reiðgötur eru bæði frá austri og suðri að Vaðgróf, mest fimm paldrar, en ekki mjög djúpar. Engar götur eru sjáanlegar norðan megin árinnar.
Heimildir: Ö-Skáney, 5

BO-225:019 *Húsatættur* tóft beitarhús 64°41.492N 21°19.502V
"Vestur undir Stóru-Þúfuhlíð eru Húsatættur." segir í örnefnalýsingu. Húsatættur eru í norðvesturhorni Skáneyjarlands. Stóra-Þúfuhlíð liggur í austur - vestur og markar norðurmörk Húsadals 014, norðan við melaflæmið. Húsatættur eru um 650 m norðvestur af botni Húsadals, upp undir vesturenda hlíðarinnar. Umhverfis tóftina er þýft mýrlendi sem víða er rofið af vatnsaga. Til norðurs gengur Geldinganes fram í Hvítá.



Tóftin er um 8x10,5 m að stærð og a.m.k. tvískipt. Hólfin tvö eru samsíða og snúa í norður - suður en vestara hólfið er stærra. Á því er op er vísar til norðurs. Hleðslur eru greinilega úr torfi og grjóti en mjög grónar. Hleðsluhæð er tæpur 1 m en umför grjóts ógreinanleg. Fast sunnan við vestara hólfið mótar

fyrir hleðslum og er mögulegt að þar sé þriðja hólfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 5



BO-225:020 *Sudda* bæjarstæði býli 64°41.771N 21°18.318V
"Hallvarðsstaðir, öðru nafni Sudda er fornt eyðiból í Skáneyjarlandi, og brúkað um langvarandi aldur fyrir selstöðu frá heimajörðunni. Á þeirri selstöðu var býli gjört hjer um fyrir 50 árum. Var það stundum bygt og stundum í auðn, inntil þess að fyrir xii árum eyðilagðist það til fulls. Landskuld var xl álnir, og tók landsdrottinn, so að heimabændur höfðu sömu kosti. Kúgildi voru ii, og guldust leigur til landsdrottins. Þrengdi þetta býli svo mjög að heimajörðunni, að það lakaði alla hennar kosti, og ei má hjer aftur byggja nema henni til fordjörfunar." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1708. "Vestast og austur af [Smástöpum, norður af eystri enda Stóru-Þúfuhlíðar] er eyðibýlið Sudda eða Hallvarðsstaðir, sem um er getið í Heiðarvígasögu." segir í örnefnalýsingu. "Bæjarrústir eru þar á dálitlum hól. Allt í kringum hann eru mjög blautar mýrar. Suddulaug er skammt frá hólnum (ca. 50-70 m) í N-V Hún er um 63° heit og rennur úr henni lítill lækur (útí Hvítá). Suddugrófir er dálítill slakki þar sem lækurinn rennur í ána - Engar mógrafir þar." segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Bæjarhóllinn er um 300 m sunnan og lítið eitt vestan við nyrsta punkt Suddunessins, sem er eystra og minna nesið út í Hvítá í Skáneyjarlandi.

Allt í kringum bæjarhólinn eru mjög blautar mýrar og víða heitar uppsprettur. Bæði bæjarhóllinn og Suddulaug skera sig úr umhverfinu fyrir fagurgrænan lit, en bæjarhóllinn er sunnar. Á honum eru ógreinilegar bæjarrústir, að undanskildum einum nokkuð heillegum vegg. Sá er norðarlega á hólnum og liggur í suðaustur - norðvestur. Hann er um 5 m langur, 0,5 m hár og hlaðinn úr torfi og smáu grjóti. Hóllinn sjálfur er um 22x11 m að stærð og er mikið af grjóti á honum. Um 50 m sunnan við bæjarhólinn er annar grænn hóll og má vera að þar hafi verið útihús frá bænum. Ekki er þó um greinilegar tóftir að ræða en talsvert er afgrjóti á hólnum og auk þess bárujárnsbrak.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM IV, 234; Ö-Skáney, 5; Svör nr. 30; BB II, 353; Tryggi Þórðarson, Varmalindir, 23-24

BO-225:021 *Skáneyjarkot vestra* heimild um býli 64°40.627N 21°19.888V
Skáneyjarkot vestra, eða Vesturkot, var þar sem íbúðarhúsið í Birkihlíð stendur nú, 50-100 m suðvestan við bæjarhól 001 á Skáney. Vestan við íbúðarhúsið er sléttað plan en ræktaður garður sunnan og austan við það. Engar rústir eru á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: BB II, 302; JÁM IV, 233

BO-225:022 *Gullhóll* álagablettur legstaður 64°40.685N 21°19.729V
"Brekkan náði tæplega vestur á móti bæ. Neðanvert við suðurhorn brekkunnar er Gullhóll." segir í örnefnalýsingu. "Gullhóll - lágur ávalur hóll. Álög. Ekki mátti grafa í hólinn, þá brynni bærinn. Eitt haustið átti ég að útbúa geymslu fyrir kartöflur. Gróf ég þá holu í hólinn fyrir kartöflurnar, en hætti þegar ég kom niður á mannabein, sem voru þar í hrúgu (bærinn brann ekki)." segir í svörum Magnúsar Bjarnasonar við spurningum Örnefnastofnunar. Hóllinn er um 80 m norðan við yngra íbúðarhúsið á Skáney, í beitartúni, um 30 m norðaustan við bæjarhólinn 001. Hóllinn er um 5x5 m og bungulagaður. Í honum norðnorðvestanverðum er dálítið rof, líkt og hróflað hafi verið við honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 3; Svör nr. 14; Árb 1933-36, 44-45.

BO-225:023 heimild um ristu 64°40.240N 21°21.115V
"Torfrista var allgóð kringum Dýjalæk. Notað á torfhús og yfir hey í tóftum." segir í örnefnalýsingu. Dýjalækur kemur upp fyrir neðan melana, sem sumarbústaður stendur nú á, um 500 m vestan við veginn heim að Skáney, beint í vestur frá bæjarhól 001. Sunnan við melana er mýrarslakki en sunnan við hann taka við ræktuð tún langleiðina niður að þjóðvegi.
Ekki sjást merki um ristu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, Svör nr. 19

BO-225:024 *Byrgishóll* örnefni 64°39.742N 21°20.403V
"Neðan til í Skáneyjarflóa er hóll, sem heitir Byrgishóll; þar er nú bærinn í Nesi." segir í örnefnalýsingu. Skáneyjarflói heitir svæðið allt frá Hylslæk austur að bænum í Nesi. Þar sem bæjarhúsin standa heitir Byrgishóll. Umhverfis íbúðarhúsið er trjárækt en sléttuð tún í kring. Á þessum stað voru rústir þegar byrjað var að reisa íbúðarhúsið í Nesi árið 1936, líklega eftir stekk. Undir húsinu er kjallari og hefur hólnum því verið raskað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nes, 1

BO-225:025 náma mógrafir 64°39.817N 21°20.787V
"Austan við Hylslækinn eru Mógrafir og Krókakeldur, sem eru frá túni út að Hylslæk." segir í örnefnalýsingu. Dýjalækur, sem á upptök sín neðan við melana vestan við veginn að Skáney, heitir Hylslækur þegar komið er niður fyrir þjóðveg.

Krókakeldurnar eru fremur þýft holt um 150 m vestan við bæinn í Nesi. Á þessum stað sér móta fyrir mógröfum, en mótak var þar fremur torfborið og slakt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nes, 1

BO-225:026 *Bugagatan* gata leið 64°39.631N 21°20.313V
"Bugagatan, reiðvegurinn gamli, lá þvert yfir Nesið, frá Hestakrók yfir á Stórueyri." segir í örefnalýsingu. Hestakrókur er austan við Nes en Stóraeyri er vestan við bæinn. Vegurinn lá um 100 m sunnan við bæinn, í holti meðfram ánni. Í holtinu rennur lítill lækur, en á milli þess og bæjarins er nú sléttað tún. Reiðvegurinn hefur að hluta horfið vegna túnasléttunar en er mjög greinilegur sunnan og suðaustan við bæjinn. Þar liggur hann í austur - vestur og greinist mest í fjóra paldra, allt að 30 sm djúpa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nes AV, 1

BO-225:027 heimild um rétt 64°41.154N 21°19.865V
Á korti með örnefnaskrá er sýnd rétt vestan við Húsadal en austan við Einbúa og eru merki milli Skáneyjar og Birkihlíðar þar um. Réttin var í mýri við mynni Húsadals, 100 m austur af Einbúa, þar sem nú eru landamerki Skáneyjar og Birkihlíðar. Réttin var hlaðin úr grashnausum og hvorki notað í hana timbur né grjót. Engar leifar eru nú eftir af henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Kort m. örnefnaskrá

BO-225:028 heimild um legstað 64°40.917N 21°19.144V
[Tungu-Oddr] tók sótt mikla, ok er at honum tók at þröngva, mælti hann við vini sína, at þeir

myndi flytja hann upp á Skáneyjarfjall, þá er hann væri dauðr, ok kvazk þaðan vildu sjá yfir tunguna alla, ok svá var gort." Hænsa-Þóris saga, 17. kap. Óvíst er hvar legstaðurinn er en vænlegasti staðurinn til slíks verður að teljast ofarlega í Bungunni vestanverðri, því annarstaðar er jarðvegur mjög stórgrýttur. Auk þess er af þeim stað mikið útsýni yfir tunguna.
Engar sagnir eru um legstað Tungu-Odds á Skáneyjarbungu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: ÍF III, 46; FF, 288; Kaalund, 316

BO-225:029 gripir 64°40.678N 21°19.769V
Næla úr bronsi "Fannst við túnasléttun" í Skáney árið 1877. Hvar í túninu nælan fannst er ekki vitað.
Heimildir: KEKH, 416

BO-225:030 frásögn öskuhaugur 64°40.643N 21°19.704V
Framan við gamla, steinsteypta bæjarhúsið (reist 1912) á Skáney, þar sem túninu hallar til suðurs, er gamall öskuhaugur. Á þessum stað eru nú sléttuð tún, en í brattanum eru nokkrar mishæðir sem gætu verið leifar haugsins. Þegar grafið var á þessum stað snemma á 20. öld kom upp talsvert af ösku.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-225:031 *Gvendarbrunnur* frásögn brunnur 64°40.576N 21°19.738V
Um 100 m austsuðaustur af íbúðarhúsi í Birkihlíð, beint suður af Skáney er gamall brunnur í túninu. Allt umhverfis brunninn eru sléttuð tún en þéttur trjálundur skammt í norðaustur. Brunnurinn er um 1x1 m að innanmáli og er um 1 m niður á vatnsborð. Hann er mjög gróinn og illsjáanlegur. Úr honum rennur lítill lækur til suðurs og útí skurð um 20 m neðar. Brunnurinn var áður hlaðinn úr hellugrjóti en það hefur nú riðlast. Í honum þótti gott neysluvatn og þraut aldrei. Hann var einnig notaður til að kæla mjólk á brúsum. Ekki má hrófla við brunninum þar sem hann er vígður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-226 Skáneyjarkot eystra

20 hdr. 1708, hjáleiga frá Skáney. "Afdeilt býli fyrir vort minni." lögbýli til 1909 og síðan húsmennskubýli með nokkra áhöfn til 1925, er jörðin fór endanlega í eyði og lagðist að fullu til Skáneyjar. Merki eru ekki kunn en austasti hluti Skáneyjarlands, sunnan Skáneyjarbungu fylgdi kotinu, og hét Kotflói austan við læk, nú neðan þjóðvegar.
1917: 36.000 m2 = 11 dagsl. 1/2 þýft. Garðar 324 m2.

BO-226:001 *Skáneyjarkot* bæjarhóll bústaður 64°40.655N 21°19.532V
Skáneyjarkot var austast í Skáneyjartúni, milli bæjar og fjárhúsa sem nú eru. Nokkurn veginn miðja vegu þar á milli er ávöl bunga í túninu norðan vegarins. Þar stóð kotið. Túnið hefur nú verið sléttað en er þó vel þýft.
Bungan er fast við veginn og er brattari til suðurs en norðurs. Hún er um 1,5 m há en í henni sunnanverðri er slétt klöpp. Engar rústir eru sjáanlegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-226:002 heimild um útihús 64°40.650N 21°19.506V
Um 20 m austsuðaustur af bæjarhóli 001 voru hús samkvæmt túnakorti 1917. Óvíst er hvert hlutverk þeirra hefur verið. Á þessum stað er nú sléttað tún.


Skáneyjarkot 1917
N
20 m
Skáneyjartún
226-003
226-004
226-001
226-002
Garður
Skurður
Gata
226-005

Engar tóftir eru á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-226:003 heimild um útihús 64°40.666N 21°19.414V
Um 90 m norðaustur af bæjarhól 001 voru hús samkvæmt túnakorti 1917. Óvíst er um hlutverk þeirra. Á þessum stað er nú sléttað tún. Engar tóftir eru á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-226:004 heimild um útihús 64°40.654N 21°19.442V
Um 60 m austnorðaustur af bæjarhóli 001, og um 50 m norðvestur af núverandi fjárhúsum, voru hús samkvæmt túnakorti 1917. Óvíst er um hlutverk þeirra. Á þessum stað er nú sléttað tún. Engar tóftir eru á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-226:005 *Grjóttóft* örnefni 64°40.597N 21°19.477V



"Austur frá túninu var neðst Grjóttóft og upp af henni Grjóttóftarflatir..." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 100 m suðaustur af bæjarhól 001, í grýttu holti í túninu. Þar var yrðlingageymsla. Norðaustan við tóftina standa núverandi fjárhús á Skáney.
Tóftin snýr í norður - suður, með op á suðurvegg. Hún er um 4,5x4,5 m að stærð og vel gróin. Veggir eru hlaðnir úr torfi og stóru grjóti, en eru nokkuð signir. Hleðsluhæð er um 0,3 m en mest má greina tvö umför grjóts. Meðfram norðurvegg tóftarinnar gengur um 80 m löng grjóthleðsla til austurs en sveigir til norðurs um 40 m austur af tóftinni. 14 m sunnan við tóftina er 40 m langur torf- og grjóthlaðinn garður 006 í austur - vestur. Hann er líklega gamall túngarður og markar suðurmörk Skáneyjarkotstúns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáney, 3

BO-226:006 garðlag túngarður 64°40.597N 21°19.477V
Um 100 m suðaustur af bæjarhól 001, um 14 m sunnan við yrðlingageymsluna 005 eru leifar gamla túngarðsins. Garðbrotið er um 40 m langt og 0,7 m hátt og liggur í austur - vestur. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og hefur líklega markað suðurmörk Skáneyjarkotstúns. Þarna er nú beitartún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227 Grímsstaðir

20 hdr. 1708. Reykholtskirkjueign síðan eftir 1397. Getið í Sturlungu. Kirkjujarðasjóður seldi jörðina 1911. Skógrækt ríkisins á 4,7 ha. Grímsstaðakot hjáleiga í 5-6 ár um 1670; Barð húsmennskubýli 1872-1928. 1917: 51.339 m2 = 16 dagsl. 1/8 þýft. Garðar 1158 m2. "Hús á Grímsstöðum standa uppi í brekku móti suðri, en hálsinn er hér breiður, lágur og flatur, allmýrlendur, en melar víða, brekkan mó- og mýrlend, undirlendið mest mýri, en valllendi nokkurt og áreyrar. ... Hlunnindi eru af laxveiði lítilsháttar í 1928.Reykjadalsá." BB II, 314.

BO-227:001 *Grímstaðir* bæjarhóll bústaður 64°40.116N 21°18.888V
Fast norðan við eldra íbúðarhúsið er gamli bæjarhóllinn. Suðaustan og austan við bæjarhólinn er óræktað holt, en í því sér móta fyrir gömlu Grjótagötunni 011 austur í Reykholt. Norðan við hólinn er beitartún en vestaní honum standa nú útihús, reist um 1940. Hóllinn er um 4 m hár og um 30x13 m að stærð. Á suðurbrún hólsins er steypustykki sem eru leifar vindmyllu, heimarafstöðvar, sem nýlega hefur verið rifin niður. Í hólnum norðaustanverðum er hestasteinn með járnhlekk gróinn í svörðinn. Gamli bærinn hafði þrjár burstir en var rifinn 1942 þegar hið eldra af tveimur núverandi íbúðarhúsum var reist. Ekkert hefur verið hróflað við bæjarhólnum vegna hættu á miltisbrandi, en í hann var grafið naut frá Skáney er drapst úr miltisbrandi á Grímsstöðum snemma á 20. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227:002 heimild um útihús 64°40.115N 21°18.942V
Vestaní bæjarhólnum 001, þar sem nú standa útihús og súrheysturn, var áður hús úr torfi og grjóti. Vestan og sunnan við útihúsin er nú sléttað malarplan en beitartún norðan þeirra. Húsið stóð var sem nú er vesturveggur útihúsanna, allt til um eða eftir 1965 er það var rifið. Það var byggt um 1940 úr torfi og grjóti en þó var einn veggur í því talsvert eldri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227:003 heimild um skemmu 64°40.117N 21°18.870V
Um 10 m norðaustur af bæjarhól 011 var reykhús, sem sýnt er á túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú sléttað tún og hallar því lítið eitt til suðurs og austurs. Engar leifar sjást af húsinu, en það brann skömmu eftir 1950.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


Grímsstaðir 1917
227-005
227-18
227-017
Vegur
227-021
227-004
Garður
227-003
227-011
Gata
227-022
227-001
227-002
227-007
227-006
N
20 m


Klúpnaborg
N
Geltnahóll 015
500 m
Grímsstaðir
Dagmálavarða 014
Merkjavarða 012
Hrámörgunsvarða 013
fornt tóftstæði
bæjarhóll 001
Grjótgata 011
Mómelur 008
Reykjadalsá
Tóftavað 020
Bað 009
Brunnur 016
Grímsstaðamýri
Sandvað 010



BO-227:004 tóft heytóft 64°40.135N 21°18.909V
Um 40 m norðvestur af bæjarhól 001, í stefnu á Kvíaklett 017, er gróin tóft. Umhverfis hana er sléttað tún. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en mjög gróin og sigin. Hún er um 3x2 m að stærð en hleðsluhæð varla meiri en 0,2 m. Veggirnir mynda "U" eða boga og vísar op til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227:005 *Lambhúshóll* tóft hesthús 64°40.188N 21°18.935V
Um 130 m norðnorðaustur frá bæjarhól 001 er hóll í túninu sem heitir Lambhúshóll 018. Norðaní honum er tóft eftir hesthús. Í Lambhúshól eru lítil klettabelti til suðausturs, en umhverfis tóftina er nokkuð þýft. Tóftin snýr í norður - suður, en op vísar í norður. Veggir eru að mestu úr torfi, en grjót sést þó á stöku stað. Hleðsluhæð er mest um 0,2 m, en stærð tóftarinnar er um 8x3 m. Til austurs og vesturs frá norðurvegg gengur torf- og grjóthlaðinn túngarður 023 sem sýndur er á túnakorti 1917. Um 5 m sunnan við tóftina er Kvíaklettur og við hann er kvíatóft 017.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227:006 heimild um útihús 64°40.055N 21°19.036V
Þar sem yngra íbúðarhúsið stendur nú var áður útihús úr torfi og grjóti. Húsið sem nú stendur á þessum stað er steinsteypt með kjallara og garði umhverfis. Engar tóftir eru á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227:007 heimild um fjárhús 64°40.045N 21°18.990V
Um 10 m austan við yngra íbúðarhúsið er úfinn óræktaður blettur í túnjaðrinum. Þar stóðu fjárhús. Vestan við blettinn, á milli hans og íbúðarhússins, hefur verið gróðursett skjólbelti.
Húsin voru úr torfi- og grjóti en rifin og jafnað yfir þau um 1955. Sökum stórgrýtis í jarðvegi hefur bletturinn þó aldrei verið ræktaður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-227:008 *Mómelur* náma mógrafir 64°39.608N 21°19.492V
"Mómelarnir eru tveir, Neðri-Mómelur og Efri-Mómelur. Þeir ná niður að á, við bugðuna á henni og upp undir veg, ná niður að svonefndri Grímsstaðaeyri." segir í örnefnalýsingu. Um 1,1 km suður af bæjarhól 001, vestan við Tíðaeyrina, mótar fyrir mógröfum.

Melarnir eru grónir og þýfðir en sléttuð tún eru umhverfis þá. Austast í melunum, næst Tíðaeyrinni eru mógrafirnar greinilegastar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 1

BO-227:009 *Barð* heimild um býli 64°39.586N 21°19.999V
Í Grímsstaðanesi er Barðslaut "og hringurinn sem myndast utan um hana heitir Barð. Þar vestan við var einu sinni býli, sem hét Barð, og eyrin þar vestur að ánni heitir Barðseyri.", segir í örnefnalýsingu.

Um 300 m sunnan við bæinn Nes, á landamerkjum hans og Grímsstaða, er birkivaxinn hóll skammt frá ánni. Austur úr hólnum gengur Barð í sveig til suðurs að ánni. Um 100 m í austur frá birkilundinum, á barðsbrúninni, er grjóthrúga. Þar var býlið, aðeins innar á túninu.
Til norðurs er stórt sléttað tún, kallað Barðstún, en neðan við Barðið er dálítið holt og í því er gamli bæjarbrunnurinn 016. Þegar túnið, Barðstún, var sléttað var grjótinu úr býlinu rutt suður á brúnina þar sem það nú er.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 2; BB II, 351

BO-227:010 *Sandvað* heimild um vað 64°39.398N 21°19.682V
Úr Grímsstaðanesi er vað yfir Reykjadalsá vestur yfir, sem nefnt er Sandvað. Syðst á Grímsstaðnesi, beint á móti Kjalvararstöðum, eru grjóteyrar að ánni beggja vegna. Þar, vestur yfir ána, var Sandvað. Úr austri kemur áin í bugðu fyrir Grímsstaðanes en rennur svo til vestnorðvesturs. Hún er 10-15 m breið á vaðinu en breikkar til vesturs. Sunnan árinnar mótar fyrir götu upp þýfða brekku að Kjalvararstöðum. Norðan megin hennar hefur hins vegar verið sléttað og eru engar götur sjáanlegar þar.
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 2

BO-227:011 *Grjótagata* vegur leið 64°40.024N 21°18.499V
"Upp af [Túnmýri] heitir austan túns Hlíð, eftir henni liggur Grjótagata til Reykholts." segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur frá bæjarhólnum 001 austanverðum í austur að Reykholti. Næst bæjarhólnum er hún mjög greinileg þar sem grjóti hefur verið raðað meðfram henni. Hún liggur í þýfðu holti sem hallar til suðurs.

Gatan er algróin en vel sjáanleg og liggur í beina stefnu, austur - vestur, á milli bæjanna. Rétt vestan og ofan við Reykholt lendir gatan inn í skógræktargirðingu en hún er þó greiðfær allt að Reykholti og er skráð þar sem BO-199:025.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 2

BO-227:012 *Merkjavarða* varða landamerki 64°40.083N 21°18.188V
"Háls er upp af bæði Grímsstöðum og Reykholti; í honum er varða, Merkjavarða, sem nú er reyndar hrunin." segir í örnefnalýsingu. Vörðubrot er á lítilli hæð, um 270 m ofar en þar sem

Grjótagata 011 fer inn í trjáræktina. Umhverfis brotið er hálfmosagróinn melur. Varðan er að mestu hrunin en stórir steinar úr undirstöðu hennar standa enn. Umhverfis er mikið af grjóti sem hrunið hefur úr henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 2

BO-227:013 *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark 64°40.175N 21°18.445V
"Á Hálsinum eru tvær vörður, sem heita Miðmorgunsvarða og Dagmálavarða." segir í örnefnalýsingu. Varðan er á dálitlum hól á Hálsinum milli Grímsstaða og Reykholts, um 300 m ofan við Grjótagötu, um 50 vestnorðvestur frá Merkjavörðu 012.

Umhverfis vörðuna er hálfgróinn mómelur. Varðan er hlaðin úr stórgrýti að grunninum en er nú hrunin að miklu leyti. Frá henni sér vel heim að Grímsstöðum til suðvesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 2

BO-227:014 *Dagmálavarða* heimild um eyktamark 64°40.195N 21°18.354V
"Á Hálsinum eru tvær vörður, sem heita Miðmorgunsvarða og Dagmálavarða." segir í örnefnalýsingu. Ekkert vörðubrot er á melnum annað en Miðmorgunsvarða 013.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 2

BO-227:015 *Geitnahóll* tóft 64°40.693N 21°18.115V

"Fyrir neðan neðstu Botnabrekkuna og utar er hóll, sem heitir Geitnahóll. Þar sér fyrir rústum á hólnum, hefur það verið hlaðið úr stórgrýti." segir í örnefnalýsingu. Geitnahóll er um 1,2 km norðaustur af bæjarhól 001, neðarlega í Bungunni austanverðri, um 300 m austan við Fögrubrekku.

Tóftin er ofan við þýft og rakt mólendi sem teygir sig á milli Grímsstaða og Reykholts.

Hrundir, grjóthlaðnir veggir er snúa í suðaustur og suðvestur eru greinilegir en annað mjög óljóst. Um 8 m austan við tóftina er fúinn trjádrumbur skorðaður af milli steina og vírarusl þvælt í grjóti og mosa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 3

BO-227:016 frásögn brunnur 64°39.555N 21°20.020V
Um 60 m fyrir sunnan grjóthrúguna í barðinu, þar sem býlið Barð 009 stóð, er dæld í holtinu. Þar var brunnur býlisins. Norðan við dældina rís barðið og myndar hálfhring um holtið

norðanvert. Brunnurinn er illsjánlegur fyrr en komið er að honum. Hann hefur nú verið fylltur af grjóti til varnar því að lömb falli í hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-227:017 *Kvíaklettur* hleðsla kvíar 64°40.167N 21°18.978V
"Uppi í túni er Kvíastykki, og þar er Kvíaklettur. Við hann voru kvíarnar í gamla daga." segir í örnefnalýsingu. Kvíaklettur er um 2 m hár klettur um 130 m norðvestan við bæjarhól 001.



Kvíaklettur er í smáþýfðu túni og horfir mót suðri. Fast sunnan við klettinn er túnið mjög rofið af ágangi fjár er leitar skjóls undir honum. Austan og sunnan við klettinn er siginn torf- og grjóthlaðinn garður, en vestan við hann er hann eingöngu grjóthlaðinn. Kletturinn sjálfur myndar norðurvegg kvíanna. Hleðslur í austur- og suðurvegg eru ógreinilegar en virðast vera um tvö umför. Í vesturvegg er aðeins eitt umfar af stóru grjóti, en hann nær um 14 m lengra í suður en þar sem hann myndar horn við suðurvegg. Stærð kvíanna er um 21x14 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 4

BO-227:018 *Lambhúshóll* tóft lambhús 64°40.180N 21°18.931V
"Uppi í túni er Kvíastykki, og þar er Kvíaklettur. Við hann voru kvíarnar í gamla daga og hóll þar hjá, heitir Lambhúshóll." segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóll er um 130 m norðnorðaustur af bæjarhól 001, fast norðaustan við Kvíaklett 017. Lambhúshóll er í smáþýfðu túni, en í honum er lítið klettabelti til suðausturs.



Vestan við hólinn er gróin tóft með garða í miðju. Hún er um 6,5x4 m að stærð og snýr í suðvestur - norðaustur. Op vísar í suðvestur. Á garðanum í miðri tóft eru tvær steinhellur, en fleiri liggja í hrúgu utan við tóftina. Um 10 m vestur af tóftinni er torf- og grjóthlaðinn garður er liggur í sveig

norðurfyrir hana, um 80 m. Þá sveigir hann til suðurs meðfram bæjartúninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímsstaðir, 4

BO-227:019 *Grímsstaðakot* heimild um býli 64°40.116N 21°18.888V
1708: "Grímsstadakot var hjer hjáleiga bygð fyrst fyrir 30 árum rúmliga innangarðs, þar sem aldrei hafði bygð fyrr verið. Varaði býlið fimm eður 6 ár. Hafði það eitt, sem heimabóndinn aflagði. Vita menn ógjör hvörjir kostir voru, því það voru bræðra skifti. Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar og skaða heimajörðunni." JÁM IV, 232
"Kotið var innan túns, en hvar er ekki vitað." segir í örnefnalýsingu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 232

BO-227:020 *Tíðavað* heimild um vað 64°39.563N 21°19.322V
"... af Tíðaeyri yfir á Kópareykjaeyri er Tíðavað." á Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu Reykholts. Í annari lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Þetta vað er í Grímsstaðalandi en hefur sennilega áður verið austan merkja og hefur þá ekki komið yfir á Kópreykjaeyri heldur á aðra eyri í Kópareykjalandi sem heitir Grjótfit." Tíðaeyrin er um 1 km beint suður af Grímsstöðum, austan í Grímsstaðanesi. Beggja vegna árinnar eru sléttuð tún, en vestanmegin gengur smágrýtt Tíðaeyrin fram í hana. Áin er bæði grunn og lygn á þessum slóðum, en götur sjást ekki við vaðið.
Heimildir: Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3

BO-227:021 frásögn hesthús 64°40.129N 21°18.933V
Um 30 m vestnorðvestur af bæjarhól 001, um 10 m norðaustan við núverandi súrheysturn, var hesthús. Túnið hefur verið sléttað en er nú orðið smáþýft. Ekkert er eftirstandandi af veggjum hússins, en vel má sjá gólfið úr stórum steinhellum, um 5x3 að stærð. Óvíst er hvort þetta hús eða súrheysgryfja 004 eigi betur við um nr. 4 á túnakorti frá 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-227:022 bæjarhóll bústaður 64°40.124N 21°18.894V
Um 10 m norðan við bæjarhól 001 hækkar túnið lítillega í bungu í austur - vestur. Þar á að vera elsta bæjarstæðið á Grímsstöðum. Á þessum stað er nú sléttað tún. Engar tóftir eru á bungunni en nokkrir stórir steinar eru á henni miðri. Hún er um 35x20 m að stærð en varla hærri en 1 m. Vel er hugsanlegt að hestasteinn sem er norðan í bæjarhól 001 sé á gamla bæjarhlaðinu, sunnan við eldra bæjarstæðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-227:023 garðlag túngarður 64°40.188N 21°18.935V
Nyrsti hluti gamla túngarðsins, sem sýndur er á túnakorti 1917, er enn uppistandandi um 100 m í norðvestur frá bæjarhól 001. Umhverfis hann er nokkuð þýft en utaní honum, sunnanmegin, er hesthústóft 005. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og um 0,5 m á hæð. Hann er um 150-200 m langur og liggur í austur - vestur. Garðurinn er rofinn um 10 m austan við hesthústóftina 005, þar sem vegur hefur verið lagður í gegnum hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230 Hofsstaðir

20 hdr. 1708. Getið í Landnámu. Reykholtskirkjueign eftir 14. öld. Kirkjujarðasjóður seldi 1911. Trútsstaðir, hjáleiga í eyði lengi 1707. Hofstöðum tilheyrði um skeið hálft eyðilandið

Bolastaðir milli Refstaða og Signýjarstaða. Hellubær, nýbýli 1962 á hálfri jörðinni.
1917: 62.098 m2. 1/3 þýft. Garðar 947 m2. "Undirlendið er fremur mjótt, malareyrar eru með Reykjadalsá, mó- og valllendi ofar. Austur frá bænum eru Hofsstaðamelar .... Hálsinn er nokkuð gróinn, en þar eru víða melar, holt og háar bungur og mýrarsund. Dalverpi er í hálsinum ofn bæjarins, Vatnsdalur, með vatni, sem ræst hefur verið að nokkru fram .... Fleiri tjarnir eru á hálsinum ofan Hofsstaða ... Laxveiði er lítilsháttar í Reykjadalsá." BB II, 371. Á Hofsstöðum var að mestu sléttað um 1915.




Hofsstaðir - minjakort
Úlfsstaðatjarnir
N
200 m
230-019
230-020
230-021
Hofsstaðavatn
230-022
230-023
Fornt
túnstæði
230-011
230-012
230-024
230-001
230-010
230-009
Reykjadalsá

BO-230:001 *Hofstaðir* bæjarhóll bústaður 64°40.060N 21°12.519V
Gamli bæjarhóllinn er um 70 m ofan við eldra íbúðarhúsið (byggt 1910), uppi á stalli í túninu. Þar sem bærinn stóð er allþýft í túninu. Ofan við hólinn hækkar túnið og liggur gamli túngarðurinn 018 skáhalt upp brekkuna í norðvestur. Neðan við bæjarhólinn er sléttað tún suður að núverandi bæjarhúsum. Hóllinn er bungumyndaður og greinilegur en um 1940 var bæjarrústunum rutt burt af honum. Þó er þar enn mikið þýfi og grjót sem líklega er úr húsunum. Erfitt er að áætla nákvæmlega hvar íbúðarhúsið sjálft stóð, en hóllinn er allur um 38x28 m að stærð og 2-3 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:002 tóft útihús 64°40.061N 21°12.495V
Austast á bæjarhólnum 001 er útihústóft. Á þessum stað er nú beitartún, og hefur öllu verið rutt um. Eftir af tóftinni stendur dálítill hóll, um 5x4 m að stærð, og aftan við hann er dæld. Hún er um 4,5x6 m og um 1m djúp. Óvíst er hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið. Þessi bygging er merkt sem "tóft" á túnakorti 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:003 heimild um heygarð 64°40.066N 21°12.554V
Vestast á bæjarhólnum 001 er hóll og dæld norðan við hann. Þar var heygarður. Á þessum stað er nú beitartún. Hóllinn er um 5,5x2 m að stærð en dældin um 5x5 m og um 1,5 m á dýpt. Grjót er bæði í hólnum og í börmum dældarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:004 heimild um fjárhús 64°40.056N 21°12.451V
Um 40 m austan og aðeins sunnan við bæjarhólinn 001 er annnar minni hóll í túninu. Þar voru fjárhús merkt sem "Hús og tóft" á túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú allþýft beitartún. Austan við hólinn er afgirtur trjáreitur, en í honum er Hofklettur. Engar tóftir eru á þessu svæði, en grjót talsvert og mikið þýfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:005 heimild um útihús 64°40.007N 21°12.446V
útihús var þar sem nú er suðausturhorn garðs við hið yngra af tveimur núverandi íbúðarhúsum á Hofsstöðum. Á þessum stað er nú stórt íbúðarhús, þrjár hæðir, og sléttaður garður umhverfis. Engar tóftir eru á þessu svæði, en er stungið var fyrir beði í suðausturhorni garðsins kom upp mikið af hellugrjóti. Þar gæti húsið hafa staðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:006 heimild um hesthús 64°40.047N 21°12.749V
Á túnakorti frá 1917 eru sýnd tvö lítl hús í túnjaðri og rétt á milli þeirra. Þau voru um 200 m vestan og aðeins sunnan við bæjarhól 001, rétt ofan við núverandi fjárhús. Ytra húsið, vestan við túngarðinn, var hesthús en óvíst er með hlutverk hins. Stórþýft og grýtt er á þessu svæði, en mjög brött brekka ofan við þar sem húsin voru. Túngarðurinn 018 er þarna greinilegur en engar tóftir sjást lengur, hvorki innan né utan hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:007 heimild um hrútakofa 64°40.052N 21°12.737V
Um 100 m norðaustan við núverandi fjárhús og um 200 m vestan við bæjarhól 001, fast austan í túngarðinum 018, var hrútakofi.
Á þessum stað er smástallur í brattri brekkunni, en þýft og grýtt er á öllu svæðinu.
Túngarðurinn er þarna mjög greinilegur en engar tóftir sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:008 heimild um fjárhús 64°40.050N 21°12.714V
Um 160 m vestan við bæjarhól 001, austan og ofan við núverandi fjárhús, voru áður fjárhús.
Um 15 m vestar liggur túngarðurinn 018 grjóthlaðinn upp brekkuna. Engar tóftir eru á þessu svæði, smástallur er þar í brekkunni og mikið af grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-230:009 *Reiðskarð* gata leið 64°39.892N 21°13.666V
"Vestan við Gilmóa er ... Reiðskarð í melana, þar sem gamli vegurinn lá, og þar vestur af er Ærubrekka." segir í örnefnalýsingu. Skarðið er um 1 km suðvestur af bæjarhól 001, vestast í landinu, neðan við veginn en skammt ofan við Reykjadalsá. Áin rennur á þessum stað í sveig úr suðri en sveigir aftur til suðurs vestan við Reiðskarð. Rétt ofan við er þjóðvegurinn í austur - vestur, en á milli hans og árinnar eru sléttuð tún. Skarðið liggur í austur - vestur og sér móta fyrir götum í því en annars hefur verið sléttað á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 1

BO-230:010 *Stekkur* tóft stekkur 64°40.119N 21°11.878V



"Upp af Löngumýri vestar er ... Stekkjarbrekka, hún er bæjarmegin við Kringluflötina ... Í Stekkjarbrekku er svo Stekkur. Þar upp af eru blettir, nefndir Stekkjarblettir..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er rúma 500 m austur af bæjarhól 001, rétt vestan merkja á milli Hofsstaða og Hellubæjar. Á þessum stað er gróin skál í brekkunni ofan túnsins og er tóftin neðst í skálinni.

Tóftin snýr í austur - vestur, en austurvegg vantar algerlega. Þar hefur líklega verið höfð loka eða hlið úr timbri. Aðrir veggir eru úr torfi og hellugrjóti og eru umför í hleðslum allt að fimm. Hleðslurnar eru nokkuð signar og alveg hrundar vestast í suðurvegg. Þó virðist þar hafa verið hleðsla frekar en op. Á miðjum norðurvegg er aftur á móti greinilegt op. Tóftin er um 17x8 m að stærð en hleðsluhæð um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 2-3

BO-230:011 *Kotstapi* varða leið 64°40.112N 21°13.424V
Vestan við Kotstapamýri "er stapi með vörðu á, sem heitir Kotstapi." segir í örnefnalýsingu. Kotstapi er um 300 m vestan við Hofsstaðagil og um 700 m vestur af bæjarhól 001, og sést þaðan. Hann er í svotil beinni línu á milli gömlu bæjarstæðanna á Hofstöðum, Trútsstöðum 012 og Úlfsstöðum. Þegar farið var á milli bæjanna áður fyrr var riðið fyrir neðan Kotstapa. Austan við Kotstapa er Kotstapamýri og hallar til suðurs en vestan við hann er hálfgróið melaflæmi að merkjum. Um 200 m neðan við stapann liggur þjóðvegurinn í austur - vestur. Kotstapi er stakur klettadrangur og efst á honum er vörðubrot. Neðan við hann mótar fyrir götum, en óljóst þó.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 3

BO-230:012 *Trútsstaðir* bæjarstæði býli 64°40.087N 21°13.813V
"Trutstader, fornt eyðiból. Hefur í nokkur hundruð ár í auðn verið. Það liggur miðja vega millum Hofstaða og Úlfstaða. Brúka báðar jarðirnar að helmíngi grasnautn alla átölulaust fram yfir manna minni. Ekki má hjer aftur byggja nema báðum jörðunum til skaða." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1708. "Vestan við Kotstapamýri og suðvestan við Kotstapann [011] er brekka, sem heitir Torfabrekka og nær að Koti, sem er á merkjum. Þetta kot er haldið, að hafi heitið Trútsstaðir eða Rútsstaðir, hefir verið í eyði mörg hundruð ára. Kringum það eru valllendisbörð og mýrar, og niður að veginum fyrir neðan Kotið neðan við köstin er svo Reiðskarð [009]." segir í örnefnalýsingu.



Bæjarstæði Trútsstaða er fast austan við merki Hofsstaða og Úlfsstaða, um 300 m vestur af Kotstapa 011 og um 200 m ofan við veg. Hlíðin hækkar mjög snarlega ofan við bæjarhólinn en aflíðandi valllendisbörð eru niður að þjóðvegi.
Bæjarhóllinn sést mjög greinilega sem fagurgræn og þýfð bunga við merkin. Hann er um 10x15 m og um 0,5-1 m á hæð. Ómögulegt er að lesa nokkuð út úr þúfnamyndun á hólnum, en aðeins ofar, inn undir brekkunni, er greinileg tóft. Þar mynda þúfurnar rana í austur - vestur með hugsanlegt op til suðurs. Tóftin er um 6x4 m að stærð en hæð veggja er um 0,3 m. Ekkert grjót er í veggjum en talsvert í miðju tóftarbrotinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM IV, 245; Ö-Hofstaðir, 3

BO-230:013 *Hofklettur* tóftir 64°40.059N 21°12.414V
"... Illugi [rauði] fór þá at búa á Hofstoðum í Reykjardal, því at Geitlendingar áttu að halda uppi hofi því at helmingi við Tungu-Odd. ... Sigríðr [kona Illuga] hengdi sig í hofinu, því at hon vildi egi mannakaupin." Landnáma (S 41, H 29). "Austur frá bænum og upp frá því er hæð, sem einu nafni er nefnd Kastali; þar í er einstakur klettur, sem nefndur er Hofklettur; þar sér móta fyrir gömlum hleðslum. Upp af honum er Hofið, það eru gamlar rústir." segir í örnefnalýsingu. Hofklettur er tæpa 100 m austur af bæjarhól 001, í afgirtri trjáræktargirðingu. Um 5 m norðan við klettinn, ofan við girðinguna, er sú syðsta af tóftunum. Ofan við og austan við tóftirnar er túngarðurinn 018.

"Om dette hov er der kun bevaret uklare og fantastiske traditioner; dog er navnet knyttet til en klippe "Hofklettr" i en temlig brat affaldene höjde i tunet." segir Kristian Kaalynd í sögustaðalýsingu sinni frá 1877.

Sigurður Vigfússon kom til Hofstaða 1884: "... hér sjást nú lítil vegsummerki. Fyrir austan eða framan bæinn á Hofsstöðum gengr eins og rani; þar á hofið að hafa staðið, enn alt komið í þýfi, og orðið mjög óglögt; sá eg því ekki til neins hér við að eiga; þar sem hér er hæst er kallaðr kastali. Hofklettr heitir og dálítill klettr hér niðr undan.."Árb. 1884-85,123.

Brynjúlfur Jónsson lýsir aðstæðum svo: "Þorsteinn bóndi Árnason á Hofsstöðum, vitr maðr og vel að sér, sýndi mér hofrústina sumarið 1889. Hún er austan til í túninu undir brekku mót suðri; lítr hún út sem þúfnabarð, enn með því að stinga niðr járnteini, má finna grjótlögin þar sem veggirnir hafa verið. Fyrir dyrum sér líka, og snúa mót suðri. Fram undan dyrunum, litlu neðar í brekkunni, er stór steinn kallaðr "Hofklettr". Í honum eru 2 einkennilegar holur, sem virðast mannaverk. Önnur er þríhyrnd, niðrmjókkandi og eigi yfir 3 þuml. á dýpt, enn að ofan er hún [80] nál. 5 þml. á einn veginn, enn nærfelt 3.25 þml. á hina tvo. Hin holan er kringlótt, nál. 1 þml. í þvermál, enn um 30 þml. á dýpt, og liggr nokkuð skáhalt niðr. Til hvers þær hafa átt að vera, er vant að segja." Árb 1893, 79-80.



Guðmundur Ólafsson rannsakaði staðinn 1989: "Ruinerna var mycket svåra att urskilja och var delvis eroderade. I de eroderade partierna skymtade spridda stenar och delar av väggar. Ruinerna står i en sluttning och det är mycket svårt att skilja dem från varandra. Teckningen är därför i viss mån en tolkning av det intryck som tuvbildningen gav, när teckningen ritades. / Det är inte möjligt att urskilja ett komplett hus utan det förfaller snarare kunna vara lämningar av 3 ovanpå varandra byggda hus. Den översta ruinen (A), cirka 14 m lång och cirka 7.5 m bred, ger intrycket av att vara störst. Den norra gaveln och östra långsidan skymtar. Den västra sidan och södra gaveln är till största delen försvunna. Två rader med tuvor tycks ligga längs med huset. / Från mitten av denna ruin och ned och något till väster om den tycks finnas delar av en annan ruin (B). Dess södra del är tämligen synlig, men dess norra del är till största delen försvunnen. På de eroderade jordpartierna kan dock urskiljas stenväggar där den västra ingången varit. Ruinens storlek förefaller att varit cirka 10 m 7.5 m sålunda att de knappast kan ha varit samtida, men det är svårt att avgöra vilken som är äldst. / Den tredje och nedersta ruinen är tydligast och till största delen eroderad. Dess storlek ha varit cirka 10 m x 6 m, men dessa mått er osäkra. Den östra långsidans stenväggar skymtar där den eroderat.

Den södra gaveln tycks vara halvcirkelformig. Den västra sidan är svår att urskilja. Där finns en cirka 0.5 m bred mur som kan vara lämningar efter väggar, men detta kan inte med säkerhet avgöras. Invändigt är ruinen mycket eroderad. / Tempelklippan ligger cirka 5 m nedanfor och söder om den nedersta s.k. tempelruinen. Den är knappt 3 m lång och 1.5 m bred. Ovanpå klippan finns två gropar, som ansågs var huggna av människor. Groparna undersöktes inte närmare 1989 ..." Guðmundur telur að líklegra sé að rústir þessar séu eftir útihús en hof. Rústirnar eru vægast sagt ógreinilegar. Þær eru í stórhættu því allar þrjár tóftirnar eru utan girðingarinnar sem girðir af svæðið umhverfis Hofklett. Aftur á móti eru þær allar innan annarrar girðingar, hrossagirðingar. Allt rústasvæðið, ásamt Hofkletti, er um 40x18 m.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: ÍF I, 78, 79; Ö-Hofstaðir, 3; Kaalund, 321; Árb. 1884-85, 123; Árb 1893, 79-80; GÓB, 94-96

BO-230:014 *Brunntunga* brunnur brunnur 64°40.077N 21°12.480V
"Brekkan vestur af Kastalanum heitir Kinn; milli Kastalans og Kinnarinnar gekk svo tunga, sem heitir Brunntunga, grasgeiri neðan við brunninn." segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn er um 50 m norðnorðaustur af bæjarhól 001, fast austan við Kvíatröðina 016. Brunnurinn er í miðri brekkunni neðan við túngarðinn 018. Hann er grjóthlaðinn og hefur verið yfirbyggður því tóftarbrot eru umhverfis hann. Hann var notaður til neyslu allt þar til um 1990 að leitt var úr honum í plasttank um 4 m neðar. Byrgt hefur verið
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofsstaðir, 3;GÓB, 96

BO-230:015 *Stöðull* tóft kvíar 64°40.093N 21°12.473V


"Upp af Kastalanum var svo Kvíaslakki, og þar neðar voru torfkvíar við Stöðulinn." segir í örnefnalýsingu. Kvíatóftin er um 70 m norðaustur af bæjarhól 001, austanvið þar sem Kvíatröðin 016 klýfur túngarðinn 018. Tóftin er í dálitlum grasbala í brekkunni, sem nær niður að garðinum. Kvíatóftin er mjög greinileg og snýr í austur - vestur en op vísa í vestur. Túngarðurinn þjónar sem suðurveggur tóftarinnar. Hún er torf- og grjóthlaðin en hleðslur eru bæði grónar og signar. Umför grjóts eru mest tvö en grjótið er fremur stórt. Tóftin er um 7x4 m að stærð og hleðsluhæð er um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 3

BO-230:016 *Kvíatröð* vegur traðir 64°40.093N 21°12.480V
Frá Stöðlinum 015 "lá svo Kvíatröð heim að bæ, veggjatröð hlaðin úr grjóti. Þar upp af henni, neðst á Brunntungu [014], var Sigguhóll [austan við það sem gamli bærinn stóð - 001]" segir í örnefnalýsingu. Tröðin liggur upp brekkuna austan og ofan við bæjarhólinn 001 og klýfur túngarðinn 018 þar efst. Á þessum stað er smáþýft tún í miklum halla til suðurs.
Traðirnar eru mjög greinilegar, um 25 m langar og um 1,5 m á breidd. Grjóthlaðnir veggir voru meðfram þeim en eru nú hrundir og þýfðir bakkar beggja vegna, allt að 1 m háir. Fast austan við það sem tröðin rýfur túngarðinn uppi í brekkunni er kvíatóft 015.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 3

BO-230:017 *Djöflareitur* þjóðsaga
64°40.045N 21°12.397V
"Neðst og austast í túninu var svo Djöflareitur. Sagan sagði, að einu sinni hefði komið maður að Hofstöðum, sá var á leið fram að Húsafelli og ekki erindisleysu; hann hafði með sér draug, er Snorri klerkur skyldi koma fyrir. En meðan maðurinn skrapp inn að fá góðgerðir, tjóðraði hann draugsa við klyfberabogann. Ekki skal meira sagt um þessa sögu nema það, að stykkið var kargaþýft, og skeð gæti, að kaupamaður leiður á slættinum hafi samið söguna." segir í örnefnalýsingu. Djöflareitur er um 100 m suðaustur af bæjarhól 001, fast vestan við túngarðinn, neðst og austast í girðingunni umhverfis Hofklett. Vestan við reitinn er skjólbelti í austur - vestur en um 30 m norðan við hann trónir Hofklettur. Svæðið er nokkuð þýft og blautt og var því aldrei slegið vegna slæmra aðstæðna.
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 3-4

BO-230:018 garðlag túngarður 64°40.091N 21°12.467V

"Den gamla 1 m höga tuninhägnaden, byggd av sten och torv, ligger cirka 10-20 m öst och norr om ruinerna [013]" segir í lýsingu Guðmundar Ólafssonar á fornleifum á Hofstöðum. Túngarðurinn liggur skáhalt, í vestnorðvestur, upp brekkuna ofan við bæjarhólinn 001 en sveigir í suður norðan við fjárhúsin og norðaustan við Hofklett. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn, um 1 m á hæð en mjög gróinn og siginn að hluta. Á köflum er hann eingöngu grjóthlaðinn og umför allt að fjögur. Garðurinn er um 1 m á breidd í það mesta og 300-400 m langur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: GÓB, 96

BO-230:019 tóftir beitarhús 64°40.649N 21°11.657V
Í Vatnsdal "er Hofstaðavatn, sem Hofstaðagilið kemur úr, og í botni dalsins eru beitarhúsarústir." segir í örnefnalýsingu. Rústirnar eru um 1,5 km norðaustur af bæjarhól 001, undir suðurhlíðinni í botni Vatnsdals. Hlíðin ofan við rústirnar er lyng- og mosagróin, en nokkuð grýtt. Umhverfis rústirnar er dalurinn grasigróinn en mýrarflæmi er vestar í honum, við Hofsstaðavatn.

Tóftasvæðin eru tvö með um 50 m millibili. Á því vestara eru fjórar aðskildar tóftir, fimm hólf í það heila. Tvær nyrðri tóftirnar snúa í norður - suður og er eitt hólf á milli þeirra, en báðar eru einfaldar. Sunnan við þær eru tóftir og snúa þær í austur - vestur. Allar tóftirnar hafa op er vísa í norður. Grjót er í öllum hleðslum en áberandi mest í tóftinni í norðausturhorni svæðisins. Í austurvegg hennar eru tvö umför grjóts og hellugrjót yfir og gæti verið um garða að ræða. Umför grjóts eru allt að þrjú og hleðsluhæð um 1 m. Stærð

svæðisins er um 22x16 m.

Um 50 m austar er annað tóftasvæði, um 25x30 m að stærð. Þar eru þrjár aðskildar tóftir er allar snúa í norður - suður og hafa op til norðurs. Tvær tg óftanna eru tvískiptar en sú þriðja er einföld. Ein af tóftunum er stök, um 15 m vestar en hinar tvær. Í henni og þeirri nyrðri af hinum er hlaðinn garði í miðju með hellugrjóti ofaná. Torf og grjót er í öllum hleðslum og hleðsluhæð mest um 1 m. Umför grjóts eru varla fleiri en tvö.

Í þessum húsum gekk Hofsstaðamóri aftur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 4; ÍV, 64; Þjóðsögur og munnmæli, 376-78.



BO-230:020 *Húsavarða* varða samgöngubót 64°40.661N 21°11.400V

"Upp af beitarhúsunum í botni Vatnsdals er Húsavarða sunnan við dalinn." segir í örnefnalýsingu Varðan er á klettastalli sunnan við rústirnar 019, á milli Vatnsdals og Húsadals. Svæðið umhverfis klettastallinn er mosagróið að hluta en annars stórgrýtt urð. Stallurinn er um 4 m hár en vörðubrotið um 0,8 m. Umför eru sjö, en talsvert er hrunið úr hleðslunni. Á klettastöllum í vestur frá Húsavörðu eru a.m.k. þrjú sjáanleg vörðubrot og var þetta leiðin að beitarhúsunum. Engar götur er þó að sjá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 4



BO-230:021 *Torfholt* örnefni rista 64°40.562N 21°11.919V

"Vestur af húsarústunum í [Vatnsdal - 019] er bunga út úr eða hæð, sem heitir Torfholt, nafnlausir mýrarjaðrar eru svo með vatninu." segir í örnefnalýsingu. Torfholt er um 250 m vestur af beitarhúsum 019 og rúman 1 km norðaustur af bæjarhól 001, í suðurhluta Vatnsdals. Mjög blaut mýri er norðan við holtið alveg niður að vatninu sem er norðarlega í dalnum miðjum. Ekki sjást ummerki um ristu á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 4

BO-230:022 *Grafarmýri* náma mógrafir 64°40.404N 21°12.313V

"Vestur af húsarústunum í [Vatnsdal - 019] er bunga út úr eða hæð, sem heitir Torfholt,

nafnlausir mýrarjaðrar eru svo með vatninu. Vestasti hluti jaðranna í dalnum heitir Grafarmýri." segir í örnefnalýsingu. Um 1 km frá bæjarhól, í mýrarjöðrunum undir suðurhlíð dalsins, á móts við vesturenda Hofsstaðavatns, mótar fyrir mógröfum. Á þessum stað er vott þýflendi er hækkar til suðurs. Niður undan hallanum mótar fyrir mógröfum, hálfgrónum og blautum moldarflögum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 4

BO-230:023 *Skothúsholt* örnefni skotbyrgi 64°40.207N 21°12.815V

"Vestan við dalsmynni [Vatnsdals] vestan við lækinn er Skothúsholt." segir í örnefnalýsingu Holtið er vestan við Hofstaðagil, nyrst á gilbarminum, um 400 m vestnorðvestur frá bæjarhól 001. Vestan við holtið er hálfgróinn melur sem hækkar til vesturs, en norðan við er mynni Vatnsdals. Skothúsholt er stórgrýtt og lítið sem ekkert gróið. Nyrsti kletturinn er sérkennilegur að lögun og dregur holtið líklega nafn af honum. Hann er um 2x2 m að stærð og um 1,5 m hár en skarð er í honum miðjum, upp úr og niður úr.

Auðveldlega mátti dyljast sunnan við klettinn og miða í gegnum raufina, en þarna var m.a. legið fyrir ref eða álftum á Hofsstaðavatni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hofstaðir, 4

BO-230:024 *Rjómaklettur* heimild um huldufólksbústað 64°40.038N 21°13.148V
"Rjómaklettur er ... spölkorn fyrir vestan Hofstaðagil, nokkurn veginn í austur frá Úlfsstaðabæ. Þar á að hafa búið huldufólk. Er sú sögn til, að manni einum hafi eitt sinn verið rétt rjómakanna út úr steininum." segir í örnefnalýsingu Steinninn stendur stakur í hlíðinni um 150 m ofan við þjóðveg og um 250 m suðaustan við Kotstapa 011. Hlíðin hallar aflíðandi til suðurs og er nokkuð grýtt. Gróinn bali er þar sem steinninn stendur. Hann er um 2x4 m að stærð og 2,5 m hár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hofstaðir, AV

BO-230:025 *Sigguhóll* öskuhaugur öskuhaugur 64°40.055N 21°12.492V
"Fyrir framan bæinn á Hofstöðum er dálítill hóll aflangr, sem kallaðr er Sigguhóll, og munnmæli um, að Sigríðr [sú er hengdi sig í hofinu sbr. Landn] eigi að liggja þar í. Eg gjörði það rétt að gamni mínu, að prófa þessi munnmæli, því það var ekki stundar verk; lét eg grafa hól þennan, og sannfærðist um, að þetta er gamall öskuhóll." segir Sigurður Vigfússon í fornleifaskýrslu frá 1885. Þorsteinn Árnason bóndi á Hofsstöðum sagði Brynjúlfi Jónssyni 1889 að hann hefði verið að greftrinum með Sigurði: "Segir hann þetta satt vera, að hóllinn reyndist öskuhaugr; enn í þeim haug, nokkuð neðarlega, hafi þeir þó fundið örþunt moldarlag svart, svo langt og breitt, sem svara mundi meðalstórum kvenmannslíkma, og þar í beinaleifar

á tveim stöðum, sem molnuðu, er við var komið. Um þetta segir Þorsteinn, að Sigurðr hafi sagt á þá leið, að vel gæti það verið leifar af líki; enn óhugsandi og ósamboðið fornmönnum, að slík höfðingskona, sem Sigríðr var, hafi verið dysjuð í öskuhaugi, og því muni hann eigi geta um þetta á prenti. Það hefir hann heldr ekki gert. Þorsteinn segist þó ekki geta verið S.V. samdóma um, að það hefði verið fornmönnum ósamboðið, að dysja Sigríði í öskuhaugi, því auk þess sem sjá mætti, að hún hefði eigi verið elskuð né virt af Illuga, er vildi selja hana, og því síðr af Starra, er hún var sjálf fráhverf, og þeir því naumast skoðað hana sem höfðingskonu, þá væri þetta ekki vottr um annað, enn að fornmenn hafi fyrirlitið sjálfsmorðingja. Þætti sér því engin ástæða til að dylja hið sanna um gröftinn, hvað sem menn kynni að segja ummunnmælin." "...upp af [Kvíatröðinni - 016], neðst á Brunntungu [014], var Sigguhóll [austan við það sem gamli bærinn stóð - 001]" segir í örnefnalýsingu. Sigguhóll er í sléttuðu túnu fast neðan við bæjarhól 001. Hóllinn er aflangur og snýr í austur - vestur. Hann er um 4,5 m langur og 1 m breiður. Hann er mest 1 m á hæð en rofinn í miðju, og er því útlits sem tvær þúfur með lágum stalli á milli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SV í Árb 1884-85, 123 nmgr. 1; Árb 1893, 80; Ö-Hofstaðir, 3

BO-231 Úlfsstaðir

12 hdr. 1708. Skv. Landnámu var Úlfr eða Úlfar á Úlfsstöðum sonur Rauðs landnámsmanns á Rauðsgili. Ein jarða Ögmundar biskups sem lenti undir konung um miðja 16. öld og síðan Skálholtsstól. Seld 1787. 1917: 45.455 m2 = 14 dagsl. 1/5 þýft. Garðar 1172 m2. "Undirlendi er ekki breitt framan við bæinn, en breikkar nokkuð litlu neðar. Er þar vall- og mólendi, en malareyrar með ánni. Hálsinn er aflíðandi, skiptist þar á valllendi, móar, mýrar og melar. Hlunnindi eru hér lítil af laxveiði í Reykjadalsá ..." BB II, 385



BO-231:001 *Úlfstaðir* bæjarhóll bústaður 64°40.108N 21°14.555V "Bærinn stóð áður efst í túni, hátt í brekku móti suðri, en hefur verið færður neðar." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Rústirnar eru um 300 m

ofar og lítið eitt austar en bærinn á Úlfsstöðum I er nú. Þær sjást vel af þjóðvegi.

Bæjarhóllinn er uppi á hallanum ofan við núverandi bæjarstæði á grónum stalli. Ofan við rústirnar hækkar landið nokkuð aflíðandi. Fast vestan við bæjarhólinn rennur bæjarlækurinn. Bæjarrústin skiptist í átta hólf, en bærinn hafði fjórar burstir og snéri til suðurs. Austast í bæjarhúsunum var fjós og hlaða en norðan við þau var hesthús. Gengið var inn í bæjarhús og hesthús að sunnan, en fjós og hlöðu að vestan. Framan við bæinn var hlaðin stétt, en ekkert er nú eftir af henni. Sunnan við hana var hins vegar garður sem enn sér til. Þar var mikil trjá- og matjurtarækt, en aðeins ein illa farin birkihrísla er eftir standandi. Torf og grjót er í öllum hleðslum og er talsvert af hveragrjóti. Umför eru allt að átta en hleðsluhæð mest um 2,5 m. Talsvert er af timburbraki í rústunum sem líklega eru leifar laupsins. Fast vestan við rústirnar mótar fyrir heimreiðinni og vegi að fjárhúsum rétt við túngarðinn (003, 004). Þar sem vegurinn liggur vestan við rústirnar eru leifar af steyptri brú yfir bæjatlækinn, en tvær til viðbótar eru neðar. Stærð bæjarhólsins er um 58x36 m. Bærinn brann 1951 og var þá nýtt hús byggt utan og neðan við gamla túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BB II, 385; Ö-Úlfsstaðir, 1.



BO-231:002 tóft fjárhús 64°40.102N 21°14.624V

Útihústóftir eru um 60 m vestan við bæjarhól 001, á brekkubrúninni. Sunnan við tóftirnar lækkar landið aflíðandi niður undir veg. Tóftin snýr í norður - suður en op er til suðurs. Hún er um 14x9 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Torf og grjót er í öllum veggjum, mest sex umför. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m. Í miðri tóftinni er grjóthlaðinn garði sem síðar hefur verið steypt ofaná. Syðst á honum er steypt kar sem notað var til þvotta á fé. Rétt norðan við miðja tóftina skiptist hún eftir endilöngu og er hlaðan nyrst í henni. Veggurinn sem skiptir tóftinni er ekki greinilegur en far er eftir hann í gólfi. Upphaflega voru þessi hús fjárhús og hlaða en síðar var þeim breytt í fjós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

BO-231:003 tóft fjárhús 64°40.141N 21°14.665V

Um 100 m norðvestur af bæjarhól 001, beint ofan við fjárhústóftir 002, eru fjárhústóftir við



túngarðinn. Tóftirnar eru norðvestast í gamla túninu. Tóftirnar eru samtengdar öðrum fjárhústóftum 004 en á milli þeirra er rétt. Þær skiptast í sjö hólf, en í tveimur nyrstu var hlaða. Þær eru um 17x11 m að stærð. Op eru fjögur á suðurhlið. Torf og grjót er í öllum hleðslum, mest þrjú umför en hleðsluhæð er um 1 m. Út úr vestur- og norðurhlið tóftanna gengur gamli túngarðurinn 014 en við vesturvegg hennar virðist vera lítil kró.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-231:004 tóft rétt 64°40.140N 21°14.646V
Að vestan er þessi fjárhústóft samtengd rétt sem síðan tengist fjárhústóft 003. Réttin og fjárhústóftin er norðvestast í gamla túninu alveg við túngarðinn 014. Fjárhústóftin austan við réttina er þriggja hólfa með kró við suðurvegg. Hún er um 14x12 m að stærð. Í stærsta hólfinu eru tveir hlaðnir garðar í norður - suður en steypt hefur verið ofan á þá. Torf og grjót er í öllum hleðslum, mest fjögur umför, og talsvert af hveragrjóti. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Tvö op eru á vesturhlið tóftarinnar en einnig er op á austurhlið. Úr austurhlið gengur gamli túngarðurinn 014 til austurs. Á milli tóftarinnar og vestari fjárhústóftarinnar 003 var réttin, en bilið þar á milli er um 10x4 m að stærð, en þar eru engar tóftir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-231:005 náma 64°40.118N 21°15.213V
Um 300 m beint upp af Úlfsstöðum II er hverasteinsnáma. Allt í kring er þýfður mói er hallar aflíðandi til suðurs. Á bersvæði í miðjum móanum er náman og er greinileg vegna hvíta litsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-231:006 *Skjónuskarð* heimild um leið 64°39.874N 21°14.504V
"Fyrir neðan túnið eru melar gegnum landareignina, og heita þeir einu nafni Kast; eftir þessum melum liggur vegurinn. Þar sem gamli veguinn lá upp í þá, hét Skjónuskarð." segir í örnefnalýsingu. Skjónuskarð er rétt austan við Úlfsstaði, um 200 m suðaustan við Kastagarðinn 010 sem er mjög greinilegur neðan við þjóðveginn. Skammt vestan við skarðið rennur áin undir brúna.

Skarðið er hvorki mikið né greinilegt en sé farið að því sér móta fyrir gamla veginum. Þar sem hann gengur upp í skarðið hefur hann verið rofinn af malarvegi sem liggur ofan af þjóðvegi vestan Kastagarðs 010 og niður að á.
Hættumat: hætta, vegna vegar
Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 1; Árb. 1884-85, 113.



BO-231:007 *Hvammgarður* gerði kálgarður 64°39.984N 21°14.547V
Kálgarður er sýndur á túnakorti 1917. Hann er um 50 m ofan við veg, um 200 m neðan við bæjarhól 001, fast vestan við gamla veginn sem enn mótar fyrir. Nú er á þessum stað sléttað tún sem hækkar til norðurs og vesturs. Garðurinn er í kvos í túninu og nýtur skjóls fyrir norður- og vesturáttum. Hann er tæplega 1 m á hæð og 12x11 að stærð. Lítið virðist vera af grjóti í hleðslum, þó eitthvað. Op er í suðausturhorni. Garðurinn er nú í órækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir
Ö-Úlfsstaðir, 1

BO-231:008 *Grafakelda* náma mógrafir 64°40.752N 21°14.769V

"Austan við Breiðabólstaðarvatn er bleytuflói; í honum er blautasti kaflinn nefndur Grafakelda, er kenndur við mógrafir." segir í örnefnalýsingu. Grafakelda er um 1,5 km í norðvestur frá bæjarhól 001. Hún er í austur frá nyrsta hluta Breiðabólsstaðarvastns, austan vegarins sem liggur á þessum stað norður yfir hálsinn. Í henni eru margar greinilegar mógrafir.

Flóinn er allur mjög blautur og gróinn stör, lyngi og fífu. Austan við mógrafirnar er ávöl hæð og melur ofan á henni, það er Grafahóll 009. Mógrafirnar eru mjög margar, líklega hátt í fimmtán talsins. Þær eru misjafnar að stærð, allt frá 0,5x1 m upp í 1x3 m. Allar eru fullar af vatni og virðast vera mjög djúpar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 2

BO-231:009 varða 64°40.613N 21°14.798V
"Austur af Grafakeldu [008] er melhóll með vörðu á, sem heitir Grafahóll." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er fast austan við Grafakelduna, um 1 km norðvestur af bæjarhól 001. Grafahóll er ávalur og bungumyndaður og teygir sig í norður - suður. Hann er hálfgróinn niður en ofaná honum er gróðurlaus melur. Á hólnum norðanverðum er vörðubrot, hrunið að mestu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 2

BO-231:010 *Kastagarður* garðlag 64°39.895N 21°14.761V
Rétt suðaustan við Úlfsstaði I, fast neðan við þjóðveg, er torfhlaðið garðlag. Um 100 m



neðan við garðinn rennur Reykjadalsá og undir brúna aðeins vestar. Fast sunnan við garðlagið liggur malarvegur að ánni.

Garðurinn er um 1,5 m á hæð, hlaðinn úr torfi. Hann liggur í austur - vestur en tveir stuttir ranar liggja úr honum til suðurs. Garðurinn er tæpir 60 m á lengd en ranarnir tveir 6 og 8 m. Sunnan við garðinn var kartöflugarður og var hann hlaðinn sem skjólgarður um 1930. Kastagarður dregur nafn af því að svæðið umhverfis hann er nefnt "Köst".
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-231:011 *Stekkjarbrekka* tóft stekkur 64°40.157N 21°14.498V
Stekkjarbrekka er um 100 m norðaustan við bæjarhól 001. Neðst í henni, fast norðan túngarðsins, er stekkjartóft. Umhverfis tóftina er gróið valllendi, sem hækkar lítið eitt til norðurs. Tóftin snýr í austur - vestur með op til vesturs. Túngarðurinn 014 þjónar sem suðurveggur, en stærð tóftarinnar er um 7x2,5 m. Ekkert grjót virðist vera í hleðslum, en hleðsluhæð er mest um 0,5 m.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 2

BO-231:012 *Biskupstunga* örnefni 64°40.144N 21°14.505V
"... upp að gamla bænum heitir Biskupstunga [í túninu]" segir í örnefnalýsingu. Um 80 m ofan við bæjarhól 001 er flöt í brekkunni neðan við túngarðinn 014, þar heitir Biskupstunga. Vestan við flötina er mýrarslakki en austan við hana hækkar landið nokkuð snögglega. Neðst á flötinni er einkennilegur hóll um 6x1,5 m að stærð. Hann er mishæðóttur og hefur allt aðra áferð en umhverfið. Ekki er vitað hvernig hóllinn er tilkominn, né heldur örnefnið.
Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 2

BO-231:013 *Hólgarður* tóft kálgarður
64°39.984N 21°14.591V
Um 30 m vestan við Hvammgarð 007, um 200 m suður af bæjarhól 001, er annar kálgarður nefndur Hólgarður. Hann er sýndur á túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú sléttað beitartún.



Garðurinn er undir brekku að austanverðu en nýtur þó lítils skjóls af henni. Hann er torf- og grjóthlaðinn, um 1 m á hæð en um 17x9 m að stærð. Umför grjóts eru allt að þrjú. Op er í norðvesturhorni. Garðurinn er nú í órækt en áður var í honum kálrækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-231:014 garðlag túngarður 64°40.157N 21°14.498V
Norðurhluti gamla túngarðsins sem merktur er á túnakort 1917 er enn uppistanandi. Hann liggur að mestu í austur - vestur eftir túninu ofan við bæjarhól 001 og hallar landinu þar nokkuð til suðurs. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og 0,5-1 m á hæð. Að vestanverðu endar hann skammt vestan við fjárhústóftir 003, en nær svo austur fyrir stekkjatóftina 011. Hann er um 200 m langur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-232 Norður Reykir

12 hdr. 1708. Reykholtskirkjueign frá því um 1200, seld á 19. öld. 1708 og 1804 var Háfur hafður til beitar, en Háfsland er nú talið með Reykholti. Arnheiðarstaðir nýbýli á hluta lands 1960. Hýrumelur, nýbýli á 3 ha 1973. Hálsahreppur keypti hluta landsins 1980 ásamt Norðurhver.
1917: 59.496 m2 = 18 2/3 dagsl. Garðar 1189 m2. "Land jarðarinnar er fremur mishæðalítið. Skiptast þar á móar, valllendi og melar, en uppblástur var hér allmikill, og eyddist sérstaklega land norðan bæjarins og norðvestan meðfram Hvítá, en þar eru annars malar- og valllendiseyrar. Upp og suður frá bænum er allmikið hallandi mýrlendi, allt suður undir Breiðavatn á merkjum." BB II, 378. Túnasléttun mest á bilinu 1960-70.

BO-232:001 *Norður-Reykir* bæjarhóll bústaður 64°41.824N 21°14.669V
Sunnan við núverandi íbúðarhús, en norðan lækjarins, er sléttað tún. Sunnarlega í því, um 100 m frá núverandi bæjarhúsi, er dálítill hóll þar sem bærinn stóð. Sunnan við túnið rennur volgur lækur til vesturs, en hann hitnar er hann sameinast heitri uppsprettu talsvert suðaustan við túnið. Ekki sést til tófta á hólnum vegna slétturnar, en hann er um 25x15 m að stærð og um 1 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-232:002 heimild um útihús 64°41.779N 21°14.732V
Um 90 m suðvestur af bæjarhól 001 voru samkvæmt túnakorti frá 1917 tvö hús. Óvíst er hvert hlutverk þeirra var. Á þessum stað er nú beitartún og hallar nokkuð til norðurs. Um 30 m norðan við staðinn rennur lækurinn til vesturs. Túngarðurinn sem húsið stóð upp við samkvæmt túnakorti er enn sýnilegur, eða um 7 m löng röð af grjóti í norður - suður. Enga tóft er þó að sjá á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



BO-232:003 tóft útihús
64°41.784N 21°14.735V
Um 90 m suðvestur af bæjarhól 001, norðan við túngarðsbrotið 002, er tóft. Tóftin er í beitartúni er hallar til norðurs, en um 20 m norðan við hana rennur lækurinn til vesturs. Tóftin er mjög greinileg og snýr í norður - suður. Hún er um 5x4 m að stærð og vísar op í norður. Hleðslur eru úr torfi og grjóti en mjög signar og nær hleðsluhæð mest um 0,5 m. Utan við norður- og austurvegg tóftarinnar eru steinahrúgur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Norður-Reykir 1917



BO-232:004 heimild um fjárhús 64°41.768N 21°14.617V
Um 100 m suðsuðaustur af bæjarhól 001, um 80 m vestur af núverandi fjárhúsum, er ávalur hóll í túninu, þar voru fjárhús. Norðan við hólinn rennur lækurinn í vestur, en allt umhverfis hann er sléttað tún. Engar tóftir er að sjá á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-232:005 heimild um hesthús 64°41.797N 21°14.597V
Um 80 m suðaustur af bæjarhól 001 og um 100 m norðvestan við núverandi fjárhús er hóll í túninu þar sem hesthús voru. Á þessum stað er nú sléttað tún. Engar tóftir eru á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-232:006 hleðsla brú 64°41.804N 21°14.629V
Brú var á læknum rétt suðaustan við bæjarhól 001. Norðan við lækinn er sléttað tún en beggja vegna hans eru grónir bakkar, brattari að norðan. Lækurinn er alldjúpur á þessum stað og um 4 m breiður en þrengist til vesturs. Leifar eru af hlöðnum brúarstöplum beggja vegna og er gróið yfir þá þannig að lækurinn virðist þrengri þar sem brúin var. Lækurinn er gruggugur og því erfitt að greina umför en hleðslan sunnanmegin virðist þó vera heillegri. Brúin var færð, fyrir minni Þórðar Stefánssonar (f. 1939), austur fyrir hveralæk. Sú brú var úr tré, en engin ummerki sjást nú um hana.
Hættumat: hætta vatnsaga
Heimildir: Túnakort 1917

BO-232:007 *Bjarnarvað* heimild um vað 64°42.365N 21°14.680V
Á Hvítá "er vað, sem heitir Bjarnarvað, á því vaði drukknaði Samson Jónsson 1850." segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 1 km norðaustur af bæjarhól 001, austan við Háafell á norðurbakkanum. Nesið allt er víðattumikið malarflæmi en næst vaðinu eru bakkarinur mosagrónir. Að norðanverðu gengur lítið gróið dalverpi uppí annars háa og ógróna bakka einmitt á vaðinu. Áin er bæði breið og mjög djúp á þessum slóðum.

Á Bjarnarvaði var höfð ferja um tíma snemma á 20. öld. Ferjan liggur enn neðst í dalverpinu norðan árinnar, þó ekki vatnsfær lengur. Engar götur eru að vaðinu að sunnanverðu en mótar fyrir þeim í dalverpinu að norðanverðu.
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 1

BO-232:008 tóft stekkur 64°41.792N 21°15.255V
Nokkru ofar en Stóraeyri, við merkin við Háfsland "gengur hvammur upp í bakkana, sem nefndur er Stekkjarhvammur; í honum eru gamlar stekkjarrústir." segir í örnefnalýsingu. Hvammurinn er þar sem hveralækurinn rennur í Hvítá, um 600 m vestnorðvestur af bæjarhól 001. Stekkjatóft er efst í dalverpinu vestan lækjarins.



Á þessum stað er mjög gróið og bratt niður að ánni. Neðst í dalverpinu, vestan lækjarins er sumarbústaður í niðurníðslu. Tóftin snýr í norður - suður með op til norðurs. Hún er í dæld í brekkunni, en greinilegar veggjahleðslur eru þó í suður- og norðurvegg, mest um 0,3 m á hæð. Ekkert grjót er í hleðslunum. Tóftin er um 6x4 m að stærð og mjög gróin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 1

BO-232:009 garðlag túngarður 64°41.808N 21°14.431V
Austasti og nyrsti hluti túngarðs er að hluta til enn uppi standandi. Hann liggur í suður frá læknum sunnan við íbúðarhús á Arnheiðarstöðum og upp brekkuna rétt austan við núverandi fjárhús. Allt í kring eru þýfð beitartún.

Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og mjög greinilegur þótt hleðslur séu bæði grónar og signar. Umför grjóts er ekki unnt að greina en hann er mest um 0,5 m á hæð. Garðbrotið

er um 100 m í norður - suður upp brekkuna auk um 4 m er liggja í vestur alveg nyrst við lækinn. Auk þess er um 7 m langt garðbrot við útihústóft 003.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-232:010 *Kirkjumelur* gata leið
"Suðaustur frá Hrískrika á háhálsinum er melur, sem heitir Kirkjumelur, á merkjum. Um hann liggur kirkjuvegurinn til Reykholts. Hann er í stefnu á Breiðabólstað frá N-Reykjum." segir í örnefnalýsingu. Kirkjumelur er í suðvesturhorni Norður-Reykjalands, á merkjum móti Breiðabólsstöðum og Reykholti, og hækkar nokkuð til suðurs. Á melnum, næst merkjunum, sér móta fyrir götu með stefnu á Alviðru sem er suðvesturhornmark Norður- Reykja.

Kirkjumelur er hálfgróinn en verður berari eftir því sem nær dregur Alviðru. Til vesturs við melinn, í Reykholtsslandi, er Skáneyjarbunga en til suðausturs er Breiðabólsstaðarvatn í Breiðabólsstaðarlandi.

Gatan er mjög greinilega á stuttum kafla um 50 m austan við merki og um 100 m norðaustur af Alviðru. Hún er þó ekki djúp og hverfur er neðar dregur. Kirkjumelur er að hluta í Reykholtslandi og er þar varða á merkjum Reykholts, Breiðabólsstaða og Norður Reykja, skráð sem BO-199:020.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 1

BO-232:011 *Tættur* heimild um 64°41.502N 21°14.203V
"Skjólsteinn er suður á mýrinni, heldur austar en hásuður [frá bænum]. Vestan undir honum eru "sígrænar, fornar rústir, Tættur." segir í örnefnalýsingu. Skjólsteinn er nú í Arnheiðarstaðalandi, í túninu um 100 m austan við þjóðveg, og um 500 m austnorðaustur frá bæjarhól 001. Allt umhverfis steininn er sléttað tún.

Skjólsteinn stendur stakur í túninu og er um 2 m á hæð. Nokkuð þýft er næst steininum en engar greinilegar tóftir. Örnefnið er komið af því að hross stóðu gjarnan í skjóli við steininn og skildu eftir sig áburð sem orsakar fagurgrænan litinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 1



BO-232:012 tóft
64°41.499N 21°14.544V
Um 300 m vestan við Skjólstein 011, skammt vestan við þjóðveg, er áberandi grænn hóll. Á honum er tóft. Á þessum stað er nú þýft tún notað til beitar. Tóftin er um 4x2,5 m að stærð og snýr í austur - vestur. Hún er mjög gróin og erfitt að

greina hvar op hefur verið, þó líklegast á suðurhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og ná mest 0,5 m hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-232:013 *Hveralækur* heimild um sundlaug 64°41.815N 21°14.815V
"Hveralækur rann vestur úr túninu. Þorvaldur, faðir Stefáns [bónda á N-Reykjum] stíflaði lækinn og bjó þar til sundlaug." segir í örnefnalýsingu. Það var árið 1894, en kennt var í lauginni til 1898. Sundlaugin var alllangt vestan við það sem Hveralækurinn rennur í lækinn, um 120 m vestan við bæjarhól 001.

Lækurinn er á þessum stað djúpur og ylvolgur þótt komið sé talsvert langt frá heita læknum. Grynningar eru í honum beggja vegna við staðinn.
Nokkrir stórir steinar og spýtnabrak eru í læknum en engar hleðslur. Þó er hugsanlega hleðslubrot á einum stað í miðjum læknum, en erfitt er að greina það því gróið er yfir það og auk þess er lækurinn gruggugur.
Hættumat: hætta vatnsaga
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 2

BO-232:014 *Þorbjarnartættur* heimild um bústað 64°41.766N 21°14.823V
"Suðvestast í túni er klettur, sem heitir Þorbjarnarklettur, og við hann eru Þorbjarnartættur, kenndar við Þorbjörn þorskabít, er bjó þar í tvö ár sem lausamaður, áður en hann fór til Ameríku." segir í örnefnalýsingu. Kletturinn er mjög greinilegur í túninu um 160 m suðvestur af bæjarhól 001.

Á þessum stað er nú sléttað tún er hallar lítið eitt til norðurs. Neðan við klettinn er skurður í túninu sem sameinast læknum talsvert norðar. Engar tóftir eru á þessu svæði en þýft og fagurgrænt er umhverfis klettinn. Upp við klettinn hefur verið hrúgað grjóti sem hreinsað var úr túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 2

BO-232:015 heimild um rétt 64°41.824N 21°14.669V
"Rétt utan túns er svo klettur, þar var byggð rétt, er nú orðið innnan túns." Ekki er vitað hvar utan túnsins réttin hefur verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Norður-Reykir, 2

BO-233 Signýjarstaðir
40 hdr. 1708. Getið í Landnámu og Harðar sögu. Bændaeign. Signýjarstaðir áttu hrossabeit í Sámstaðaland á sumardag fyrir 12 hross gegn eldiviðartaki, en 1708 hafði beitin ekki brúkast í 40 ár og eldiviðartakið ekki í 20 ár - JÁM IV, 242. Bolastaðir eru 1804 taldir hér undir - sjá Refsstaði. Hólakot húsmennskubýli 1866-
82, 1886-1907, 1910-11, 1912-36.
1917: 60.608 m2 = 19 dagsl. 1/4 þýft. Garðar 447 m2. "Hér var skógur í landi fram undir 1700, en þá gjöreyddur. Uppblástur var allmikill í landinu norðanverðu. Eru víða blásnir melar suður frá Hvítá, en annars mýrar, móar og valllendi. Eru þar víða lyng- eða hrísmóar. Undirlendi er hér allbreitt og jafn halli upp undir hálsinn, sem hér er með stöllum og borgum. Er það land að mestu gróið, en melar á stöku stað. Þurrlent víða, en mýrarflákar á milli. Tjarnir nokkrar eru á hálsinum." BB II, 382.



BO-233:001 *Signýjarstaðir* bæjarhóll bústaður 64°41.405N 21°12.617V



"Bærinn stóð á hæð uppi í hálsinum, en var fluttur niður á flatlendi ... árið 1952." segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Bærinn sjálfur stóð á háum hól, er hallaði af til allra vega." segir í örnefnalýsingu. Bæjarrústirnar eru um 600 m ofan við núverandi bæjarstæði. Rústirnar eru á ávalri bungu uppi í hálsinum fast austan við traðirnar 007.

Rústrinar eru grónar en mjög greinilegar. Þó er erfitt að greina lögun hólfa en þau virðast a.m.k. fimm talsins. Rústirnar eru um 14x15 m að stærð og er torf og grjót er í öllum hleðslum. Umför grjóts eru mest um fjögur, en hleðsluhæðin er mest um 1 m. Greinileg eru tvö op, annað til suðurs en hitt til vesturs. Talsvert er af timbur- og bárujárnsbraki í rústunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BB II, 382; Ö-Signýjarstaðir, 1



BO-233:002 tóftir fjós 64°41.387N 21°12.590V



Um 40 m suður af bæjarrúst 001, neðar í bungunni eru rústir. Þar var fjós, hlaða og hesthús.
Nokkuð slétt tún er allt umhverfis rústirnar. Rústirnarr snúa í norður - suður og skiptast í þrjú hólf. Stærð þeirra er um 10x13 m og eru op á öllum hólfum til suðurs. Miðhólfið, hlaðan, er bæði stærra og dýpra en hin hólfin tvö. Hleðsluhæð í ytri hólfunum er mest tæpur 1 m og fjögur umför, en í miðhólfinu er hleðsluhæð mest 2 m og umför grjóts allt að tíu. Steypt hefur verið ofaná hluta af hleðslum í miðhólfinu og er norðurveggur þess eingöngu steyptur. Talsvert er af timbur- og bárujárnsbraki í rústunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-233:003 tóft útihús 64°41.378N 21°12.625V



Um 50 m suðvestur af bæjarrústum 001, neðst á bungunni er tóft. Tóftin er í raun aðeins dæld en þó mótar fyrir hleðslum í henni. Hún er um 7,5x6 m að stærð með op til austurs. Umför grjóts er ekki unnt að greina en hleðsluhæð er mest um 1 m. Austan við tóftina er greinileg garðhleðsla, um 14x10 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-233:004 heimild um útihús 64°41.381N 21°12.581V



Um 50 m suðaustur af bæjarrústum 001, rétt austan og neðan við fjós, hlöðu og hesthús 002, er tóft. Á þessum stað eru tvær gryfjur, sú vestari um 2 m á dýpt en sú eystri grynnri, eða um 1 m. Stærð þeirra er um 12x4 m. Grjót sést í sverði en ekki er um eiginlegar vegghleðslur að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



BO-233:005 tóft fjárhús
64°41.470N 21°12.536V
Um 200 m norðaustur af bæajrrústum 001 er tóft. Þar hafa verið fjárhús. Tóftin er fremst á brekkubrúninni og er nokkuð bratt niður á túnin norðan hennar. Tóftin snýr í norður - suður og eru um 24x15 m að stærð. Hún skiptist í tíu hólf og snúa fimm hólfanna í austur - vestur með op til vesturs. Í þeim öllum eru hlaðnir garðar í miðju, en renna og kar hefur verið steypt ofan á þann nyrsta. Austan við þessi hólf eru önnur fimm og er op til suðurs á því syðsta. Torf og grjót er í öllum hleðslum, mest um fimm umför en hleðsluhæðin um 1 m. Mikið er af timbur- og bárujárnsbraki í tóftunum. Um 10 m norðan við þær, við túngarðinn, er stakur klettur í brekkunni. Undir honum er hleðsla úr torfi og grjóti. Hún er um 3x3 m að utanmáli og er líklega einhverskonar aðhald. Um 40 m austan við

fjárhústóftina eru grunsamlegir hólar í túninu. Þar eru tóftir 019, eldri en aðrar tóftir á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-233:006 tóft fjárhús 64°41.472N 21°12.392V



Um 150 m austur af bæjarrústum 001, austast í gamla túninu, er tóft. Þar hafa verið fjárhús. Túnið hallar á þessum stað lítið eitt til austurs en sunnan við tóftina er smáklettót melbunga. Um 40 m norðan og austan við tóftina eru leifar túngarðsins 016.

Tóftin snýr í norður - suður með op til suðurs, vesturs og austurs. Hún er um 16x13 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Tvö eru samsíða og snúa í norður - suður. Í því vestara er greinilegur hlaðinn garði í miðju. Þriðja hólfið er norðan við hin tvö og er talsvert dýpra an þau. Gengt virðist vera á milli þess og eystra hólfsins. Hleðslur eru allar úr torfi og grjóti en umför eru allt að fjögur. Hleðsluhæð er mest um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-233:007 vegur traðir 64°41.462N 21°12.673V
Traðir liggja frá túngarðinum 016 að norðan að bæjarrústum 001 um 150 m sunnar. Þær eru í aflíðandi halla til norðurs. Traðirnar eru um 1,5 m á breidd og um 1,5 m á dýpt, en brúnin austan megin er talsvert hærri en sú vestari. Neðan við túngarðinn 016, þar sem traðirnar rjúfa hann, mótar fyrir vegi og reiðgötum í austur - vestur meðfram garðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-233:008 *Miðmundavarða* varða eyktamark
64°41.177N 21°21.128V
"Suður af Ásnum [suður af bænum] er Miðmundahæð, og á henni varða, sem heitir Miðmundavarða." segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 450 m sunnan og ofan við bæjarrústir 001 og sést vel þaðan. Miðmundahæð er klettahæð, en stórgrýtt urð að ofan. Varðan stendur fremst á hæðinni, nær ólöskuð. Hún er um 1,5 m há og umför grjóts allt að 11. Hún er hlaðin úr stóru grjóti neðst en smækkar er ofar dregur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 1

BO-233:009 *Byrgisklettur* örnefni 64°41.994N 21°12.438V
"Suður af Miðmundahæð [008] er klettur, sem heitir Byrgisklettur, og vestan við Byrgisklett eru Úlfsstaðatjarnir." segir í örnefnalýsingu. Kletturinn er um 450 m suður af

Miðmundavörðu 008, um 1 km suður frá bæjarrústum 001. Umhverfis klettinn er hálfgróinn melur en vestan við melinn eru klettaborgir en mýrarslakki undir þeim.

Byrgisklettur er greinilegur í hásuður frá Miðmundavörðu. Hann er hvorki mikill um sig né hár en mjög jafn að lögun og dregur líklega nafn af því. Efst á honum miðjum er vörðubrot en engar aðra mannvirkjaleifar eru þar sýnilegar.

Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 1





BO-233:010 *Hólakot* bæjarstæði býli

64°41.013N 21°13.898V

"Vestur af Borgunum er svo eyðibýlið Hólakot." segir í örnefnalýsingu. "í suðvesturhorni landsins í hólum, sem eru norðvestur af Signýjarstaðahálsi, þar sem hann lækkar mjög til vesturs. Landsnytjar voru litlar. Hús eru öll löngu rifin eða fallin." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Hólakot er um 1,2 km í vestsuðvestur af bæjarrústum 001 á Signýjarstöðum, norðan við syðsta hólinn í Þríhólum, um 200 m austan við þjóðveginn norður yfir hálsinn. Þríhólar eru þrjár litlar klettaborgir sem mynda línu í norður - suður og eru mjög áberandi frá veginum. Gróið er umhverfis hólana en gamla túnið er nokkuð slétt. Neðan við nyrsta hólinn lækkar landið.

Á þessum stað eru tóftir fjögurra húsa, allar mjög grónar og hlaupnar í þúfur. Tvær nyrðri tóftirnar skiptast í fleiri hólf og hefur sú vestari líklega verið bærinn. Hinar tvær syðri eru hins vegar báðar einfaldar. Svæðið allt er um 50x80 m að stærð. Hleðslur eru allar úr torfi og grjóti og hleðsluhæð mest um 0,7 m. Umför grjóts í hleðslum eru allt að fjögur. Gamli vegurinn að Hólakoti frá Signýjarstöðum og áfram suðvestur yfir hálsinn er mjög greinilegur norðan við tóftirnar.

Á túnakorti 1917 eru aðeins sýnd tvö hús, þ.e. bæjarhúsið og annað vestan við það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Signýjarstaðir, 2; BB II, 387

BO-233:011 *Fornistekkur* heimild um stekk 64°41.247N 21°14.350V
"í Grófum ofarlega er Fornistekkur." segir í örnefnalýsingu. Upp með þjóðvegi, vestast í landareign eru Grófir. Sunnan við Grófir eru Þríhólar og Hólakot 010 en norðan við þær eru tún Arnheiðarstaða. Hóll er í túninu rétt austan þjóðvegarins en engar tóftir. Óvíst er hvar stekkurinn hefur verið en hóllinn virðist líklegasti staðurinn. Hann er um 5x2 m að stærð, bungumyndaður og þýfður. Í honum er grjót sem gæti verið úr hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 2

BO-233:012 gata leið 64°41.182N 21°13.433V
Krókur heitir lítill flói milli Gránumels og Borganna "þar er við gömlu götuna stór steinn, sem heitir Stóristeinn." segir í örnefnalýsingu. Gamli vegurinn er gróinn en mjög greinilegur. Hann liggur í vestur frá bæjarrústum 001 að Hólakoti 010, fast undir mesta brattanum. Neðan við veginn er þýfður mýrarslakki en ofan við er Signýjarstaðaborg.

Vegurinn liggur í nokkuð beinni línu austur - vestur á milli bæjanna, en sveigir suður yfir hálsinn vestan við Hólakot. Hann er gróinn en vel greinanlegur þar sem hann hefur troðið landið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 2

BO-233:013 *Signýjarstaðanes* heimild um mógrafir 64°42.337N 21°12.320V
Fyrir neðan Signýjarstaðamela, "við ána, heitir Signýjarstaðanes. Það er nokkuð gróið land, og áttu Sámsstaðir þar 1398 torfskurð og tveggja hesta beit ..." segir í örnefnalýsingu. Signýjarstaðanes er norður af bænum við Hvítá, á móti Sámsstöðum. Austan í nesinu, sunnan við Snagavað 015, er gróin og vot lægð. Þar, inn undir brekkunum austan megin, mótar fyrir mógröfum, blautum moldarsvörðum. Ofan við eru brekkurnar brattar en ekki mjög háar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 2

BO-233:014 *Stekkur* heimild um stekk 64°41.801N 21°12.231V
"Bæjar megin við [Signýjarstaðagil] heitir Stekkur og Stekkjartún í kringum hann. Fyrir neðan stekkinn er gilið kallað Stekkjargil ..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartún er beint ofan við núverandi íbúðarhús. Sunnan og austan við túnið er gilið, frekar lítið um sig en stækkar sunnan túnsins. Túnið var sléttað um 1990 og voru þá í því tvær tóftir, líklega stekkir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 2

BO-233:015 *Snagavað* heimild um vað 64°42.383N 21°12.148V
"Nokkuð austar [en Grófarlækur] eru svo brekkur, sem heita Snagavaðsbrekkur og eru á móti Sámsstaðahúsum. Þar fram af var gamalt vað á ánni, hét Snagavað." segir í örnefnalýsingu. Snagavað er austan í Signýjarstaðanesi á móti Sámsstöðum, um 2 km norður af núverandi bæjarstæði. Neðan við brekkurnar er gróin og vot lægð, allstór. Áin er á þessum stað djúp og straumhörð eins og víðast og rennur beint í norðvestur en sveigir til suðurs vestan við vaðið.
Í lægðinni sunnan árinnar, en einnig norðan hennar, mótar fyrir reiðgötum.
Heimildir: Ö-Signýjarstaðir, 3

BO-233:016 garðlag túngarður 64°41.463N 21°12.678V
Talsvert stendur eftir af gamla túngarðinum eins og hann er sýndur á túnakorti 1917. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn en talsvert gróinn og siginn. Hann er um 1 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Uppistandandi af garðinum eru e.t.v. 300-400 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-233:017 gerði kálgarður 64°41.085N 21°13.478V



Um 900 m vestsuðvestur af bæjarrúst 001, undir vesturhlíð Signýjastaðaborgar, er gerði sem að líkindum hefur verið kálgarður. Garðinum hallar lítið eitt til vesturs en hann nýtur skjóls af hlíðinni austan við.

Kálgarðurinn er mjög greinilegur þótt gróinn sé. Hann virðist niðurgrafinn í hlíðina, um 0,5 m, frekar en að veggir séu hlaðnir. Ekkert grjót er í veggjum en op er á suðurhlið. Garðurinn er um 12x17 m að stærð. Óvíst er hvort hann hefur tilheyrt Signýjarstöðum eða Hólakoti.
Hættumat: engin hætta

BO-233:018 tóft 64°41.512N 21°12.453V



Utaní túngarðinum, um 250 m í norðvestur frá bæjarrúst 001, er tóft. Landinu hallar á þessum stað lítið eitt til norðurs í átt að núverandi bæjarhúsum. Tóftin snýr í austur - vestur og er um 5x2 m að stærð. Túngarðurinn 016 þjónar hlutverki suðurveggjar en op er á vesturhlið. Hleðslur eru aðallega úr torfi en þó er eitthvað af grjóti í þeim einnig. Hleðsluhæð er mest 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-233:019 tóft 64°41.470N 21°12.536V
Um 240 m norðaustur af bæjarrúst 001 og um 40 m austan við fjárhústóft 005 eru fagurgrænir, áberandi hólar í túninu. Það eru greinilega tóftir, eldri en aðrar á svæðinu. Umhverfis er tún.

Hólarnir eru um 10x6 m að stærð og 1,5-2 m á hæð. Eitthvað er af grjóti í þeim og augljóst að þeir eru manngerðir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-234 Refsstaðir

12 hdr. 1708. Fyrst getið 1258 í máld Stóra Áskirkju. Varð konungseign á 18. öld en seld 1827. Bolastaðir allir (BO-234b) heyra til Refsstöðum, en helmingurinn var keyptur af Hofsstöðum 1938
1917: 27.641 m2 = 8 1/2 dagsl. 2/3 þýft. Garðar 900 m2. "Land hefur hér blásið upp eins og á öðrum bæjum meðfram Hvítá á allbreiðu svæði í norðanverðri Hálsasveit og eru þar nær örfoka melar, sem er nú frið að græða upp. Land Refsstða nær suður á miðjan hálsinn, sem skiptir sveitinni og fer lækkandi, þegar austar dregur, og er hér víðast gróinn, er þar mest mýrlendi, víða með kvisti." BB II, 380

Refsstaðir 1917



BO-234:001 *Refstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1917

BO-234:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

BO-234:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

BO-234:004 heimild um túngarð
Merkt 'Gamalt garðlag.'
Heimildir: Túnakort 1917

BO-234:005 heimild um kolagröf
"Hlíðin er ekki brött, hefir til forna verið skógi vaxin, því víða sjást þess merki, að mikið hefur verið gert til kola hér áður fyrr."
Heimildir: Ö-Refsstaðir

BO-234:006 *Lífgrasahóll* örnefni
“Neðanverðu við gamla túnið er melhóll, em heitir Lífgrasahóll. Nú er mikill hluti túns meðfram hólnum.”
Heimildir: Ö-Refsstaðir, 2

BO-234:007 heimild um stekk
"Vestan við Lífgrasahól [006] er Stekkjarlækur ... Vestan við Stekkjarlækinn er Stekkur ..."
Heimildir: Ö-Refsstaðir, 2-3

BO-234:008 *Þrívörðuholt* örnefni
Stekkjarlækur "kemur vestan við Þrívörðuholt[sem er] Vestur af Sjónarhól [009]"
Heimildir: Ö-Refsstaðir, 2-3

BO-234:009 *Stekkarhóll* örnefni stekkur
"Fyrir ofan tún í suðvestur frá bæ er nærri brún Stekkjarhóll. Þaðan er mjög víðsýnt, svo stundum hefur hann verið nefndur Sjónrhóll."
Heimildir: Ö-Refsstaðir, 2

BO-234b Bolastaðir

8 hdr. 1708. 12 hdr. 1708. Bolastaða [einnig Bólstaðir] er fyrst getið 1590 sem eyðikots, og 1675 selur Henrik Bjelke hálfa Bolastaði, en þá hefur hann fengið frá konungi. Sami jarðarhelmingur var seldur nokkrum sinnum á seinni hl. 17. aldar (Jarðabréf, 32, 34). Hinn helminginn átti Reykholtskirkja og skipti Bolagil jarðarhlutunum. "Voru oft í eyði, en er talið, að þeir hafi verið betri jörð en Refsstaðir." Ö-
Refsstaðir, 1. Fóru endanlega í eyði í Móðuharðindunum. "Hafði hún legið undir miklum skemmdum af völdum uppblásturs og sandfoks. Sögur eru um, að reimleikar hafi bundið enda á búskap þar." BB II, 387. Reykholtskirkjuhlutinn fylgdi síðan Hofsstöðum til 1938 að Refsstaðir keyptu hann
"Undirlendi er hér að mestu lítt grónir melar, en hálsinn er víðast gróinn, vall- og mólendi með mýrum á stöku stað. Bolastaðavatn, sem er stærsta vatn í sveitinni, er hér uppi á hálsinum." BB II, 387 "Austur af Gæsatjörnum eru Leirblettir, en það er aðalslægjulandið fr´Bolastöðum, það er mýrarstykki." Ö-Hofsstaðir,

BO-234b:001 *Bolastaðir* bæjarstæði býli
“Bolastaðir voru nokkurn veginn mitt á milli Signýjarstaða og Refsstaða við svonefnt Bolastaðagil. Sér þar enn til rústa austan við gilið upp í brekkuhalla.” - “Austan við gilið neðarlega í [Bolastaðahlíð] eru leifar hins gamla býlis.” – “Upp við hlíðina austan gilsins eru gömlu bæjarrústirnar, og heitir þar Bolastaðatún.”
Heimildir: BB II, 387; Ö-Hofsstaðir, 5; Ö-Refsstaðir, 2


Yfirlitskort
Örnólfsdalur
Kjarrárdalur
N
Norðurtunga
Hvítársíða
Fróðastaðir
Þórgautsstaðir
Háafell
2,5 km
Hýrumelur
Hvitá
Norður-Reykir
Arnheiðarstair
Signýjarstaðir
Refsstaðir
Stóriás
Hurðarbak
Húsafell
Skáney
Birkihlíð
Hálsasveit
Deildartunga
Grímsstaðir
Breiðabólsstaður
Uppsalir
Sturlureykir
Reykholt
Úlfsstaðir
Hellubær
Giljar
Augastaðir
Hofsstaðir
Reykjadalsá
Ásgarður
Hægindi
Steindórsstaðir
Kópareykir
Rauðsgil
Hamrar
Kjalvararstaðir
Vilmundarstaðir
Snældubeinsstaðir
Kleppjárnsreykir
Geitland
Reyðarvatn
Reykholtsdalur
Geirshlíð
Brennistaðir
Giljahlíð
Hæll
Flókadalur
Hrísar

Heimildaskrá

Heimildamenn

Geitland: Ólafur Jes Kristófersson í Kalmanstungu, f. 30-11-1949
Kjarrárdalur: Eyjólfur Jómundsson í Örnólfsdal, f. 04-08-1929
Steindórsstaðir: Ingibjörg Pálsdóttir, f. 10-10-1918 á Steindórsstöðum, Þórarinn Skúlason, f. 06-01-1955, Guðfinna Guðnadóttir, f. 06-09-1959 á Steindórsstöðum
Hægindi: Vigfús Pétursson, f. 14-06-1936 á Hægindi
Kópareykir: Eyjólfur Sigurjónsson, f. 14-05-1932
Kjalvararstaðir: Ármann Bjarnason, f. 27-03-1947 á Kjalvararstöðum
Snældubeinsstaðir: Jakob Magnússon, Helgi Magnússon, f. 04-02-1929
Hamrar: Þorsteinn Pétursson, f. 22-10-1930
Skáney og Skáneyjarkot: Magnús Bjarnason, f. 02-02-1918 á Skáney, Guðráður Davíðsson, f. 06-11-1904, Vigdís Bjarnadóttir, f. 09-05-1910 á Skáney
Grímsstaðir: Gréta Guðmundsdóttir, f. 24-03-1917 á Grímsstöðum, Guðmundur Kristinsson, f. 07-10-1945 á Grímsstöðum
Hofsstaðir: Gísli Höskuldsson, f. 11-12-1926 á Hofsstöðum
Úlfsstaðir: Elsa Þorsteinsdóttir, f. 19-09-1933 á Úlfsstöðum
Norður-Reykir: Þórður Stefánsson, f. 15-10-1939 á Norður-Reykjum
Signýjarstaðir: Páll Jónasson, f. 06-10-1952 á Signýjarstöðum

Heimildir

Árb: *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*.
BB: *Byggðir Borgarfjarðar* II. *Borgarfjarðarsýsla og Akranes*, [án útgst] 1989.

Brynjúlfur Jónsson: "Ýmsar greinar." *Árbók 1910*, 28-47.

Bsk: *Biskupasögur gefnar út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi* I, Kaupmannahöfn 1858.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1976.

Dómhringar 1. Óprentuð skýrsla um dómhringa á Vesturlandi, höf. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, Reykjavík 1983.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Reykjavík 1990.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

GÓB: Guðmundur Ólafson: *Fridlysta fornlämningar i Borgarfjörðurs härad. Island*, Uppsala 1991.

Helgi Þorláksson: "Mannvirkið í Reyðarvatnsósi." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1988*, 5-27.

Henderson, Ebenezer: *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island, during the years 1814 and 1815*, Edinburgh 1819.

ÍF: *Íslenzk fornrit* I- , Reykjavík 1933 - .

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1993.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IV, Kaupmannahöfn 1925 og 1927; XIII. *Fylgiskjöl*, Reykjavík 1990.

Jón Þórisson: Svör við spurningum Örnefnastofnunar 1995, Örnefnastofnun Íslands.

Kaalund: Kaalund, Kristian: *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* I-II, Kjøbenhavn 1877-82.

Kristleifur Þorsteinsson: *Úr byggðum Borgarfjarðar* I-III, Reykjavík 1940-60.

Mackenzie, George Stuart: *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year MDCCCX*, Edinburgh 1811.

Matthías Þórðarson: "Reykholt" Morgunblaðið 20.07.1947.

"Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar, er höf. Athugaði á skrásetningarferð um Borgarfjarðar- og Mýrasýslu í júlímánuði 1909." *Árbók 1909*, 40-49.

Páll Vídalín: *Skýringar yfir fornyrði lögbókar þeirrar er Jónsbók kallast*, Reykjavík 1854.

Reise: Eggert Ólafsson: *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Poulsens Reise igiennem Island* I-II. Sorøe 1772.

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn í Borgarfirði 1884." *Árbók 1884-85*, 61-138.

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn í Borgarfirði 1884. (Framhald)." *Árbók 1886*, 1-51.

SSB: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags, Hdrd. Lbs., ÍB 19 fol. e.

Sturl: *Sturlunga saga*, Reykjavík 1988.

Sýslulýsingar 1744-1749, Bjarni Guðnason gaf út, (Sögurit 28), Reykjavík 1957.

Tryggvi Þórðarson: *Varmalindir. Hvítársíða, Hálsasveit og innanverður Reykholtsdalur. Náttúruverndarkönnun*, (Fjölrit Náttúruverndarráðs nr. 10), Reykjavík 1981.

Túnakort, Jarðadeild, Þjóðskjalasafn Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands, safnaukaskrá.

Þorkell Grímsson: "Gert við Snorralaug." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1960*, 19-47.

Þorkell Grímsson og Guðmundur Ólafsson: "Fornar leiðslur í Reykholti í Borgarfirði." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1987*, 99-122.

Þór Magnússon: "Legsteinar í Reykholtskirkjugarði." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1963*, 65-84.

Ö-Breiðabólstaður: Breiðabólstaður – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bugaleiðin: Bugaleiðin, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Grímsstaðir: Grímsstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hamrar: Hamrar – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnu Íslands.

Ö-Hamrar: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Helgi Sigurðsson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hamrar 1998: Hamrar – örenfnalýsing unnin af Magnúsi Jakobssyni og Þorsteini Péturssyni.

Ö-Hofsstaðir: Hofsstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hofsstaðir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, S[teinar] M[atthíasson] skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hægindi: Hægindi – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hægindi: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kjalvarastaðir: Kjalvararstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kjalvararstaðir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Helgi J. Halldórsson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kleppjárnsreykir: Kleppjárnsreykir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kleppjárnsreykir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Þórhallur Vilmundarson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kópareykir: Kópareykir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kópareykir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Nes: Nes – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Nes: Athugasemdir og viðbætur við örenfnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Norður-Reykir: Norður-Reykir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Refsstaðir: Refsstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Refsstaðir: Refsstaðir – athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Reykholt: Reykholt – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Reykholt 1995: Reykholt – örnefnalýsing unnin af Jóni Þórissyni, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Signýjarstaðir: Signýjarstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun

Íslands.

Ö-Skáney: Skáney – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Skáney: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Snældubeinsstaðir: Snældubeinsstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Snældubeinsstaðir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Þórhallur Vilmundarson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Steindórsstaðir: Steindórsstaðir – örenfnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Steindórsstaðir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Úlfsstaðir: Úlfsstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Úlfsstaðir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, S[teinar] M[atthíasson] skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vilmundarstaðir: Vilmundarstaðir – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vilmundarstaðir: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Steinar Matthíasson skráði, Örnefnastofnun Íslands.